

# **Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum**

## **Samantekt úrskurða 1999**

**Apríl 2000**

**Inngangur.**

Úrskurðarnefndin starfar á grundvelli samkomulags viðskiptaráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga.

Nefndin tók til starfa í september 1994. Á því ári fékk hún 36 málskot til afgreiðslu. Á árinu 1995 - 256 málskot, 1996 - 233 málskot (3 féllu niður), 1997 - 270 málskot (2 féllu niður), 1998 - 252 málskot (2 féllu niður). Á árinu 1999 varð talsverð fjölgun málskota því nefndin fékk alls 312 málskot til afgreiðslu (2 féllu niður).

Í nefndinni sitja þrír fulltrúar og þrír til vara, allir löglærðir. Stofnaðilar velja hver sinn aðal- og varafulltrúa. Nefndin velur sér formann og varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkefnum.

Eftirfarandi fulltrúar eru í nefndinni:

**Aðalmenn:**

Rúnar Guðmundsson hdl., tilnefndur af viðskiptaráðuneytinu.

Jón Magnússon hrl., tilnefndur af Neytendasamtökunum.

Valgeir Pálsson hrl., tilnefndur af Sambandi íslenskra tryggingafélaga.

**Varamenn:**

Rúrik Vatnarsson hdl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Guðný Björnsdóttir hdl., Sigmar Ármannsson lögfræðingur og Guðmundur Pétursson hrl.

Nefndin er vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu að Suðurlandsbraut 32, Reykjavík. Þar hefur hún fundaraðstöðu, þar er tekið við málskotum, annast um tilkynningar og vörslu gagna. Erla Eyjólfssdóttir Fjármálaeftirlitinu hefur meginumsjón með vistun nefndarinnar þ. á m. móttöku málskota og að koma tilkynningum á framfæri á vegum nefndarinnar.

Samkvæmt samþykktum nefndarinnar, sem birtar voru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 336, 10. júní 1996, skal nefndin velja þá úrskurði sem henni þykja stefnumarkandi og/eða athyglisverðir til útgáfu í samantekt án nafngreiningar aðila fyrir lok aprílmánaðar vegna næstliðins árs. Í samræmi við framanritað tók nefndin ákvörðun um útgáfu þessa.

Samhliða birtingu valinna úrskurða er gefið yfirlit yfir þau málskot sem afgreidd voru á árinu 1999, svo sem staðsetningu atburða, váttryggingagreinar, oftlega getið réttarheimilda sem stuðst er við t.d. ákvæði umferðarlaga. Á eftir yfirlitinu fer samantekt þeirra úrskurða sem nefndin hefur valið til birtingar. Hægt er að óska eftir eintaki annarra úrskurða en þeirra sem birtir eru. Nefnt yfirlit hefur það að markmiði að auðvelda kynningu á starfsemi nefndarinnar.

Til upplýsingar skal þess getið að í 111 málskotum ársins 1999 varð niðurstaða nefndarinnar málskotsaðila í vil að hluta eða öllu leyti (þ.e. í 35,58%). Í 10 tilvikum hafnaði váttryggingafélag að hlíta niðurstöðu nefndarinnar þ.e. í málum nr. 33, 51, 71, 114, 151, 165, 203, 227, 233, 286.

Rúnar Guðmundsson formaður

**Yfirlit málskota ársins 1999.**

- 1/1999 **Árekstur á Gnoðarvogi við innkeyrslu þann 15.12. 1998**, 2. mgr. 15. gr., sbr. 1. mgr. 16. gr. umferðarlaga (umfl.) nr. 50/1987, framúrakstur, beygt til vinstri.
- 2 **Árekstur við Kringluna 08.12. 1998**, ekið í veg fyrir bifreið.
- 3 **Árekstur á gatnamótum Arnarbakka og Álfabakka 17.11. 1998**, 2. mgr. 15. gr. umfl., U-beygja í veg fyrir bifreið.
- 4 **Ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðarslyss 31.10. 1995**, frítímaslysáttrygging heimilistryggingar, ágreiningur um hvort slys hafi orðið í vinnutíma.
- 5 **Tjón af vatnsleka frá efri hæð í húsi í Reykjavík á árinu 1998**, húseigendatrygging.
- 6 **Árekstur á Víkurvegi í Reykjavík 17.12. 1998**, biðskylda, ekið í veg fyrir bifreið, ekið of hratt með tilliti til hemlafara (28 m eftir hægri hjól og 22 m eftir vinstri hjól).
- 7 **Árekstur á Birkihlíð Sauðárkróki 01.11. 1998**, óupplýst um aðdraganda, mæting bifreiða.
- 8 **Árekstur á Biskupstungnabraut 27.12. 1998**, ekið fram úr röð bifreiða, vinstri beygja, stefnuljós gefið tímanlega, óvarlegt að reyna framúrakstur.
- 9 **Árekstur á gatnamótum Kirkjubrautar og Háholts á Akranesi 20.11. 1998**, óupplýst um aðdraganda.
- 10 **Árekstur á Hnoðraholti við afleggjara af Reykjanesbraut 02.12. 1998**, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr. umfl., biðskylda, þröng vinstri beygja.
- 11 **Árekstur á Vesturlandsvegi 09.09. 1998**, aftanákeyrsla, árekstur 43 m frá vegamótum.
- 12 **Slys á lager verslunar á Ólafsfirði 06.03. 1997**, ábyrgðartrygging, fall úr stiga, frágangi stigans ábótavant, sakarskipting.
- 13 **Árekstur á bifreiðastæði Kringlunnar 13.11. 1998**, 4. mgr. 25. gr., 3. mgr. 15. gr. umfl., varúð frá hægri, of þröng vinstri beygja.
- 14 **Umferðaróhapp á Mánagötu í Reykjavík 12.12. 1998**, afstunga.
- 15 **Skemmdir á bifreið sem tók niðri á mishæð 21.07. 1998**, ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
- 16 **Árekstur í Skipholti 03.06. 1998**, ekið í veg fyrir bifreið, ekið of hratt (hemlaför 27 m).
- 17 **Árekstur á gatnamótum Snorrabrautar og Flókagötu 29.12. 1998**, 6. mgr. 25. gr. umfl., ekið í veg fyrir bifreið, ekið of hratt (hemlaför 19 m).
- 18 **Slys er vegfarandi féll á gangstétt í Lækjargötu 08.09. 1998**, hellu vantaði í gangstétt.
- 19 **Árekstur á gatnamótum Akra- og Eyrarlands 06.01. 1999**, ekið í veg fyrir bifreið.
- 20 **Árekstur á Þjóðvegi 1, Suðurlandsvegi í Hveradalsbrekku 13.01. 1999**, þrænging á vegi vegna snjóskafis, mæting bifreiða, ekið hraðar en aðstæður leyfðu.
- 21 **Árekstur á Vesturlandsvegi 21.12. 1998**, ökumaður missti stjórn á bifreið sinni.
- 22 **Árekstur á Þórunnarstræti á Akureyri 07.01. 1999**, ekið á bifreið sem hafði stöðvað um stund vegna bilunar.
- 23 **Árekstur á bifreiðastæði við Maríubakka 11.12. 1998**, óvarlega ekið, bakkað á bifreið.
- 24 **Árekstur á Spítalastíg á Akureyri 28.12. 1998**, þrængsli á götu vegna snjóruðnings, mæting við erfiðar aðstæður, ekið of hratt.
- 25 **Árekstur á Hafnarbraut Akranesi við afleggjara að vinnusvæði 18.12. 1998**, þröng vinstri beygja ekið of hratt að gatnamótunum.
- 26 **Árekstur á Tryggvabraut á Akureyri 16.12. 1998**, 1. mgr. 20. gr. og 3. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. umfl., framúrakstur, villandi akstur áður en beygt var til hægri.
- 27 **Skemmdir á bifreið þann 23.12. 1998**, ágreiningur um bótaábyrgð sveitarfélags vegna snjómoksturs, ábyrgðartrygging, óvarlega ekið.
- 28 **Árekstur á Túngötu, Ólafsfirði 02.04. 1999**, 2. mgr. 17. gr. umfl., óvarlega beygt til vinstri, framúrakstur.

- 29 **Slys um borð í skipi 21.01. 1994**, ábyrgðartrygging útgerðar, tjónþoli hrasaði á hálfu á dekki.
- 30 **Líkamsmeiðsl 02. 07. 1994**, ábyrgðartrygging bænda, 10 ára drengur slasaðist er hann hélt í taum á hesti, tannbrot.
- 31 **Ágreiningur vegna umferðaróhapps á Sæbraut í Reykjavík 22.10. 1998**, afstunga, sveigt í veg fyrir bifreið.
- 32 **Umferðaróhapp á bifreiðastæði við Jórufell í Reykjavík 13.09. 1998**, 88. – 90. gr. umfl., ekið á kyrrstæða bifreið, afstunga, óvarlega lagt.
- 33 **Árekstur bifreiðar og reiðhjóls á gatnamótum Álakvíslar og Straums 24.08. 1998**, ábyrgðartrygging fjölskyldutryggingar og lögboðin ábyrgðartrygging bifreiðar, 1. – 3. mgr. 88. gr. umfl. Vátryggingafélag hafnaði niðurstöðu nefndarinnar.
- 34 **Umferðaróhapp á Vatnsmýrarvegi 03.01. 1999**, ábyrgðartrygging sveitarfélags, umferðarmerki vantaði, ekið upp á umferðareyju.
- 35 **Árekstur á mótum Vesturlandsvegur og Grundartangavegar 13.01. 1999**, biðskylda.
- 36 **Slys 12.07. 1998**, fjölskyldutrygging (frítúmaslysaftrygging), 2. mgr. 18. gr. laga um vátryggingarsamninga, vátryggður fór út á bratt þak að nóttu til, ölvun, stórkostlegt gáleysi.
- 37 **Árekstur á hringtorgi við Álfrólsvog og Bröttubrekku Kópavogi 02.02. 1999**, ekið í veg fyrir bifreið.
- 38 **Árekstur á Flúðaseli í Reykjavík 06.01. 1999**, ekið of innarlega á götu, mæting bifreiða.
- 39 **Árekstur á Fossbrekku á Svalbarðsströnd 23.01. 1999**, vanbúnaður kerru, árekstur við mætingu bifreiða.
- 40 **Líkamstjón þegar aðili missteig sig á smurstöð í Reykjavík 30.10. 1998**, ábyrgðartrygging.
- 41 **Slys þegar maður féll af húspaki á Laugavegi í Reykjavík 03.08. 1998**, slysatrygging, stórkostlegt gáleysi.
- 42 **Árekstur á gatnamótum Gullinbrúar og Stórhöfða 21.12. 1998**, ágreiningur um stöðu umferðarljósa.
- 43 **Vinnuslys 09.11. 1995**, ábyrgðartrygging atvinnureksters, starfsmaður klemmdist er verið var að færa lyftu, ekkert fallöryggi var á lyftunni, bótaábyrgð og eigin sök.
- 44 **Árekstur á Ennisbraut í Ólafsvík 27.11. 1998**, 2. mgr. 15. gr. og 1. mgr. 16. gr. og 2. og 4. mgr. 31. gr. umfl., ekki gætt nægjanlega að umferð og óvarlega beygt.
- 45 **Árekstur á brún er liggur yfir Laugaá á Biskupstungnabraut í Haukadall 06.02. 1999**.
- 46 **Árekstur á Sæbraut í Reykjavík 29.01. 1999**, 2. mgr. 17. gr. umfl., skipt um akrein.
- 47 **Vinnuslys við malarnám 03.12. 1996**, ábyrgðartrygging atvinnureksters, öryggishlíf hafði verið fjarlægð af hörpuvél sem var í notkun, starfsmaður hrasaði og lenti með hendi í færíbandi vélarinnar, ábyrgð vinnuveitanda og eigin sök.
- 48 **Árekstur á Sæbraut í Reykjavík 19.02. 1999**, ökumaður missti stjórn á bifreið sinni.
- 49 **Árekstur í Síðumúla 14.01. 1999**, ekið á kyrrstæða bifreið, takmarkað útsýni ökumanns vegna ísingar á framrúðu.
- 50 **Hvarf á bát við sumarhús í Þrastarskógi í Grímsnesi í júní 1998**, sumarbústaðatrygging og fjölskyldutrygging.
- 51 **Vinnuslys í álveri 12.03. 1997**, ábyrgðartrygging atvinnureksters, smíðaverkstæði álversins, tjónþoli vann við að saga fals í spýtu, öryggishlíf vantaði, ábyrgð vinnuveitanda og eigin sök. Vátryggingafélagið hafnaði niðurstöðu nefndarinnar.
- 52 **Árekstur á Skjólbraut Kópavogi 02.03. 1998**, óvarlega ekið við mætingu.
- 53 **Ágreiningur um bótaábyrgð vegna slyss í stiga á vinnustað 14.02. 1997**, ábyrgðartrygging atvinnureksters.
- 54 **Ágreiningur um réttarstöðu í framhaldi af líkamstjóni 19.11. 1998**, almenn slysatrygging, vátryggður bóndi fékk verk í upphandlegg er hann lyfti kálf, ekki skyndilegur utanaðkomandi tjónsatburður.

- 54 **Árekstur í Hléskógum 18.02. 1999**, ekið of hratt og á kyrrstæða bifreið sem stóð að hluta inni í innkeyrslu.
- 56 **Meiðsl á hendi þegar aðili var að koma hlut fyrir í bifreið 25.11. 1996**, ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
- 57 **Ágreiningur um bótaábyrgð vegna líkamstjóns sem varð þegar unnið var við niðurrif á veggstúf gistiheimilis í Búðardal 30.10. 1992**, ábyrgðartrygging vinnuvélar.
- 58 **Tjón á sófa, maður ældi á hann 02.04. 1997**, ábyrgðartrygging fjölskyldutryggingar, óhappatilvik.
- 59 **Árekstur á mótum Brekkugerðis og Háaleitisbrautar 02.01. 1999**, 3. mgr. 14. gr. umfl., ekið á bifreið sem á undan var.
- 60 **Árekstur á Drottningarbraut á Akureyri norðan Þórunnarstrætis 31.08. 1997**, ekið í veg fyrir bifreið, ekið of hratt.
- 61 **Árekstur á Miklubraut við gatnamót Stakkahlíðar 05.03. 1999**, 2. mgr. 25. gr. umfl., ekið í veg fyrir bifreið, ekið of hratt.
- 62 **Árekstur í Fífluseli 13.02. 1999**, 1. mgr. 14. gr. umfl., þröng vinstri beygja.
- 63 **Árekstur á gatnamótum Tryggvabrautar og Hvammsvalla 29.01. 1999**, þröng vinstri beygja.
- 64 **Árekstur í Skógarseli 28.01. 1999**, ekið á strætisvagn sem var að hleypa út farþega.
- 65 **Ekið á ljósastaur 11.05. 1997**, húftrygging, meint ölvun við akstur.
- 66 **Árekstur á Hrauntungu Kópavogi 23.12. 1998**, ekið í veg fyrir bifreið, varúð frá hægri.
- 67 **Árekstur á gatnamótum Sæbrautar og Faxagötu 04.07. 1998**, ekið í veg fyrir bifreið.
- 68 **Umferðaróhapp á Eiríksgötu suðvestan Skólavörðustígs 13.02. 1999**, hönnun umferðareyju, ábyrgðartrygging sveitarfélags, ekið á rörfestingu fyrir umferðarmerki.
- 69 **Árekstur á Sæbraut í Reykjavík 22.01. 1999**, 2. mgr. 17. gr. umfl., skipt um akrein í veg fyrir bifreið og snögglega dregið úr hraða.
- 70 **Umferðaróhapp á Reykjanesbraut 14.11. 1999**, ekið í veg fyrir bifreið, ekið of hratt og skipt um akrein.
- 71 **Vinnuslys við fall af palli vöruflutningabifreiðar 18.10. 1993**, slysatrygging ökumanns, 92. gr. og 88. gr. umfl. Vátryggingafélagið hafnaði niðurstöðu nefndarinnar.
- 72 **Umferðaróhapp á Kaupvangsstræti á Akureyri 03.11. 1997**, bifreið ekið á steinkeilu sem skilin hafði verið eftir á hættulegum stað.
- 73 **Slys í verslun í Keflavík 27.11. 1998**, ábyrgðartrygging.
- 74 **Árekstur í Faxafeni 25.02. 1999**, ekið í veg fyrir bifreið, 3. mgr. 25. gr. umfl.
- 75 **Árekstur á gatnamótum Höfðabakka og Stekkjarbakka 23.02. 1999**, 2. mgr. 34. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra, ágreiningur um stöðu umferðarljósa.
- 76 **Árekstur á Reynigrund í Kópavogi 26.02. 1999**, árekstur í krappri beygju.
- 77 **Ágreiningur um ábyrgð vegna tjóns á bifreið í bifreiðastæði 14.02. 1999**, 5. mgr. 27. gr. umfl., hurð opnuð þannig að hún skall á annarri bifreið.
- 78 **Árekstur á Sólvangsvegi í Hafnarfirði 01.03. 1999**, 2. gr., 3. mgr. 25. gr. umfl., varúð frá hægri.
- 79 **Árekstur á Ölduslóð og Selvogsgötu í Hafnarfirði 07.02. 1999**, ekið í veg fyrir bifreið.
- 81 **Árekstur á Skólavegi Vestmannaeyjum 05.02. 1999**, 2. mgr. 15. gr., 24. gr. umfl., framúrakstur.
- 80 **Umferðaróhapp, ekið á hross í Hjaltadal 23.02. 1999**, ábyrgðartrygging ökutækis, ábyrgðartrygging bænda.
- 82 **Árekstur á gatnamótum Flatahrauns og Reykjavíkurvegar í Hafnarfirði 05.01. 1999**, ágreiningur um stöðu umferðarljósa.
- 83 **Slys þann 25.05. 1993 er unnið var við að koma jánplötum fyrir í gámi**, ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

- 84 **Árekstur á Miklubraut 14.01. 1999**, aftanákeyrsla.
- 85 **Ágreiningur um ábyrgð vegna umferðaróhapps á Vesturlandsvegi 05.07. 1998**, ökumaður bifhjól missti vald á hjólinu vegna akstursmáta ökumanns bifreiðar sem ekið var of nærri bifhjólinu.
- 86 **Árekstur í Ármúla 05.02. 1999**, 23. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 289/1995 og 2. mgr. 15. gr. umfl., framúrakstur, beygt til vinstri.
- 87 **Árekstur á gatnamótum Glerárgötu og Strandgötu á Akureyri 23.12. 1999**, 2. mgr. 34. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra, umferðarljós, óvarlega staðið að hreinsun gatnamóta.
- 88 **Árekstur á Vesturlandsvegi við Víkurveg 03.03. 1999**, U-beygja.
- 89 **Árekstur á Langarima 17.02. 1999**, 2. mgr. 17. gr. umfl., skipt um akrein.
- 90 **Árekstur í Lækjargötu í Hafnarfirði 19.03. 1999**, framúrakstur, hægri beygja.
- 91 **Umferðaróhapp á bifreiðastæði við Auðbrekku í Kópavogi 04.03. 1999**, 4. mgr. 27. gr. umfl., hurð opnuð í veg fyrir bifreið sem var verið að leggja í stæði.
- 92 **Árekstur á Gilsbakkavegi í Ólafsvík 15.02. 1999**, 3. mgr. 25. gr. umfl., ekið í veg fyrir bifreið.
- 93 **Féll niður.**
- 94 **Árekstur í Lækjargötu í Hafnarfirði við innakstur að bensínstöð 11.03. 1999**, 1. mgr. 20. gr., 2. mgr. 15. gr. umfl., framúrakstur hægra megin, bifreið sem á undan fór var óvarlega staðsett á veginum.
- 95 **Ágreiningur um bótaskyldu úr líftryggingu sjómanns**, váttryggingatímabil 31.01. - 31.12. 1995. Fallist á að váttryggingin væri í gildi, þrátt fyrir vanskil, en ekki sýnt fram á ráðningu í skipsrúm.
- 96 **Árekstur í Engidal í Hafnarfirði 02.03. 1999**, ágreiningur um stöðu umferðarljósa.
- 97 **Árekstur á Þjóðvegi 63 Bíldudalsvegi 16.03. 1999**, akstur um vinnusvæði, 1. mgr. 17. gr. umfl., ökumaður snjómoksturstækis gætti ekki nauðsynlegrar aðgæslu, ökumaður bifreiðar gætti ekki nauðsynlegrar aðgæslu er hann hugðist aka framhjá.
- 98 **Árekstur í hringtorgi við Reykjaveg og Sigtún 31.03. 1999**, óupplýst um aðdraganda.
- 99 **Árekstur á Ólafsfjarðarvegi 19.03. 1999**, þrenging á vegi og takmarkað útsýni.
- 100 **Tjón á prentvél sem verið var að flytja í flutningabifreið 20.02. 1999**, 88. gr. umfl.
- 101 **Árekstur á Miðbakka 18.02. 1999**, 4. mgr. 25. gr. umfl., varúð frá hægri.
- 102 **Umferðaróhapp á Hvammsvegi á móts við Nautaflatir í Ölfusi 12.03. 1999**, ábyrgðar-trygging hests, 88. gr. umfl., ekki sýnt fram á viðunandi vörslur.
- 103 **Árekstur á malarvegi 22.08. 1998**, aftanákeyrsla.
- 104 **Ekið á hross á Suðurlandsvegi í Ölfusi 02.12. 1998**, ábyrgðartrygging ökutækis og ábyrgðartrygging vörslumanns hests, bifreið notuð við rekstur hests, óvarlega að þessu staðið.
- 105 **Ekið á hross á Þjóðvegi nr. 1 þann 22.02. 1999**, ábyrgðartrygging ökutækis og ábyrgðartrygging bænda, 1. mgr. 88. gr. umfl.
- 106 **Árekstur á Hafnarbraut á móts við Melagötu, Neskaupstað 24.03. 1999**, 2. mgr. 25. gr. umfl.
- 107 **Slys í sundlaug 14.06. 1996**, sundgestur slasaðist er hann var að fara ofan í heitan pott, ábyrgðartrygging atvinnureksturs, ekki sýnt fram á vanrækslu.
- 108 **Árekstur á hringtorgi við Skeiðarvog og Suðurlandsbraut 28.01. 1999.**
- 109 **Árekstur á Seljalandsvegi á Ísafirði 02.01. 1999**, slæm akstursskilyrði, mæting bifreiða.
- 110 **Árekstur á Norðurlandsvegi við Neðra Vatnshorn V-Hún. 05.04. 1999**, ekið á bifreið sem hafði stöðvast í snjóskafli.
- 111 **Árekstur á Búðareyri Reyðarfirði 15.01. 1999**, slæm akstursskilyrði, ekið aftan á bifreið.
- 112 **Árekstur á Ólafsvíkurvegi vestan við Eiðhús 05.03. 1999**, ekið aftan á bifreið.
- 113 **Árekstur á Reykjanesbraut við Vogaafleggjara 21.02. 1999**, ekið aftan á bifreið.

- 114 **Ágreiningur um réttarstöðu vegna vanskila á iðgjöldum, vinnuslys 18.02. 1995**, slysátrygging launþega og ábyrgðartrygging vinnuveitanda. Vátryggingafélagið hafnaði niðurstöðu nefndarinnar.
- 115 **Meiðsl í íþróttahúsi 21.01. 1996**, ábyrgðartrygging sveitarfélags, ekki sýnt fram á vanrækslu starfsfólks hússins eða vanbúnað. Æfing hafði fallið niður og var tæplega 7 ára dreng leyft að vera í húsinu um stund.
- 116 **Árekstur í hringtorgi við Mýrargötu 29.03. 1999**, ekið í veg fyrir bifreið sem hugðist aka út úr hringtorginu.
- 117 **Árekstur í Heiðarseli 28.04. 1999**, 3. mgr. 25. gr. umfl.
- 118 **Árekstur á Vesturlandsvegi í Ártúnsbrekku 14.04. 1999**, fjöldaárekstur í kjölfar stöðvunar.
- 119 **Árekstur á Sæmundarhlíð á Sauðárkróki 16.04. 1999**, 3. mgr. 25. gr. umfl.
- 120 **Ferðarofstrygging, dvöl erlendis 1999 stytt vegna andláts móður hins vátryggða.** Ekki bótaskyldt samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar.
- 121 **Vinnuslys, fall úr álstiga á verkstæði 15.04. 1997**, ábyrgðartrygging atvinnureksters.
- 122 **Vinnuslys 07.12. 1994**, slysátrygging launþega, ekki slys skv. skilgreiningu skilmála.
- 123 **Árekstur á hringtorgi við Bæjarbraut í Hafnarfirði 03.05. 1999**, 2. mgr. 25. gr. umfl.
- 124 **Árekstur á bifreiðastæði á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi 31.03. 1999**, ekið á kyrrstæða bifreið.
- 125 **Árekstur við gatnamót Háaleitisbrautar og Ármúla 25.11. 1998**, við vinstri beygja og ekið of nærri bifreið sem á undan fór.
- 126 **Árekstur í Lækjargötu í Hafnarfirði 16.09. 1999**, 2. mgr. 25. gr. umfl.
- 127 **Árekstur á Reykjanesbraut við gatnamót Nýbýlavegar 20.04. 1999**, ágreiningur um aðdraganda og vitnum ber ekki saman, bifreiðunum var ekið í sömu átt er árekstur varð.
- 128 **Ágreiningur um réttaráhrif upplýsingaskyldu vegna töku sjúkra- og slysátryggingar á árinu 1998**, 6. gr. laga um vátryggingarsamninga.
- 129 **Ágreiningur um réttarstöðu vegna málningar sem skemmdi gluggatjöld í maí 1998**, ábyrgðartrygging málarameistara.
- 130 **Árekstur á bílastæði við Menntaskólann við Hamrahlíð 28.04. 1999**, ekið afturábak.
- 131 **Árekstur á Breiðholtsbraut vestan Stekkjarbakka 10.05. 1999**, 2. mgr. 17. gr. umfl., skipt um akrein, ekið of hratt.
- 132 **Árekstur á Reykjavíkurvegi við Hellisgerði í Hafnarfirði 11.03. 1999**, 2. mgr. 25. gr. umfl., ekið of hratt.
- 133 **Árekstur á gatnamótum Hverfisgötu og Skriðustígs á Siglufirði 30.03. 1999**, þrenging á vegi.
- 134 **Árekstur á gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar 20.04. 1999**, hreinsun gatnamóta, ekið í veg fyrir bifreið.
- 135 **Árekstur á Hlíðarbraut við gatnamót Krossanesbrautar á Akureyri 03.11. 1999**, þröng vinstri beygja, ekið of hratt.
- 136 **Árekstur á Gullinbrú við Hallsveg 27.05. 1999**, 2. mgr. 25. gr. umfl., of hraður akstur.
- 137 **Slys við lestun bifreiðar 22.12. 1997**, slysátrygging ökumanns skv. 92. gr. umfl.
- 138 **Árekstur á Hafnargötu í Keflavík 19.04. 1999**, 6. mgr. 25. gr. umfl.
- 139 **Árekstur skammt frá bifreiðastæðum við Kjarrhólma 27.04. 1999.**
- 140 **Árekstur á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegar 15.02. 1999**, 6. mgr. 25. gr. umfl.
- 141 **Árekstur á Þingvallavegi við afleggjara að bæ 14.04. 1999**, ekið á bifreið sem ók á undan og var byrjuð að beygja af veginum, hálka.
- 142 **Árekstur á Lækjargötu í Hafnarfirði 07.05. 1999**, við innkeyrslu að bensínstöð.
- 143 **Árekstur á gatnamótum Hátúns og Aðalgötu í Keflavík 24.04. 1999**, biðskyludubrot.

- 144 **Umferðaróhapp á bifreiðastæði 08.05. 1999**, 4. mgr. 27. gr. umfl., hurð óvarlega opnuð.
- 145 **Árekstur á Stillholti, Akranesi 27.05. 1999**, 1. mgr. 17. gr. umfl. óvarlega bakkað úr stæði.
- 146 **Árekstur á gatnamótum Gagnvegjar og Veghúsa í Reykjavík 24.05. 1999**, bifreið ekið yfir á rangan vegarhelming (þröng vinstri beygja).
- 147 **Árekstur við verslun við Helluhraun í Hafnarfirði 04.05. 1999**, bifreiðum ekið óvarlega við inn- og útkeyrslu bifreiðastæðis.
- 148 **Árekstur á Ólafsfjarðarvegi skammt sunnan við Krossá 16.04. 1999**, bifreiðar að mætast en annarri var ekið of innarlega.
- 149 **Árekstur á bifreiðastæði við Engjateig**, bifreiðum ekið aftur á bak.
- 150 **Árekstur á gatnamótum Nýbýlavegar og Ástúns í Kópavogi 22.05. 1999**, ekið gegnt rauðu ljósi.
- 151 **Ekið á hross á Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi 22.11. 1998**, 3. mgr. 88. gr. umfl. Vátryggingafélag hafnaði niðurstöðu nefndarinnar.
- 152 **Árekstur á Fjallkonuvegi 13.04. 1999**, ökumaður ók út af, hann taldi að bifreið yrði ekið í veg fyrir hann.
- 153 **Ágreiningur um hvort rekja megi skemmdir á bifreið til notkunar vörubifreiðar 21.05. 1999**. Ósannað.
- 154 **Umferðaróhapp er bifreið var ekið á hross á Djúpvegi 17.08. 1998**, 1. mgr. og 3. mgr. 88. gr. og 2. mgr. 78. gr. umfl.
- 155 **Ágreiningur um hvort rekja megi skemmdir á bifreið til farms á annarri bifreið, þar sem bifreiðunum var ekið eftir Reykjanesbraut 04.08. 1998**, 3. mgr. 73. gr. umfl. Nægjanlega upplýst um tjónvald.
- 156 **Árekstur við bensínstöð við Suðurfell í Reykjavík í febrúar 1999**, 3. mgr. 25. gr. umfl.
- 157 **Árekstur á Miklubraut vestan Grensásvegar 28.08. 1999**, of hraður akstur, ljósleysi, skipt um akrein.
- 158 **Árekstur á Snorrabraut skammt frá Eiríksgötu 01.06. 1999**, ekið í veg fyrir bifreið.
- 159 **Árekstur á afrein (niðurkeyrslu) við Ármúla 07.06. 1999**, 4. mgr. 25. gr. umfl.
- 160 **Ágreiningur um bótaábyrgð vegna vinnuslyss í skipasmíðastöð 29.08. 1997**, ábyrgðartrygging stöðvarinnar, tjónþoli féll um stálbita sem staðsettur var á gólfi í vinnusal. Ekki sýnt fram á bótaábyrgð.
- 161 **Árekstur á akbraut að Arnarholti Mosfellsbæ 01.03. 1999**, bifreið ranglega staðsett á vegi.
- 162 **Ekið á hund á kvartmílubraut 03.06. 1999**, 1. mgr. og 3. mgr. 88. gr. umfl.
- 163 **Árekstur á gatnamótum Hraunbergs og Hólabergs 26.06. 1999**, ekið of hratt, þröng vinstri beygja.
- 164 **Árekstur á bifreiðastæði við Þönglabakka 8 11.06. 1999**, bifreiðum ekið aftur á bak.
- 165 **Umferðarslys á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði 19.10. 1997**, ölvun við akstur, réttarstaða farþega. Vátryggingafélagið hafnaði niðurstöðu nefndarinnar.
- 166 **Árekstur á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegar 11.03. 1999**.
- 167 **Árekstur á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegar 05.07. 1999**, hreinsun gatnamóta við umferðarljós.
- 168 **Árekstur á Reykjanesbraut á mótis við Straumsvík 25.06. 1999**, bifreið stöðvuð á hættulegum stað á akrein, þrátt fyrir svigrúm utan vegar til að stöðva.
- 169 **Árekstur við Hjarðarlund á Akureyri 06.07. 1998**, 1. mgr. 17. gr. umfl.
- 170 **Árekstur á Skúlaskleiði í Hafnarfirði 01.06. 1999**, bifreið ranglega staðsett á akbraut, ekið á röngum vegarhelmingi.
- 171 **Umferðaróhapp er bifreið og reiðhjól lentu saman á Seljabraut í Reykjavík 18.06. 1999**, 1. mgr. 88. gr. umfl. Ekki skilyrði til að lækka bætur skv. 2. mgr. 88. gr.
- 172 **Ágreiningur um hvort rekja megi skemmdir á bifreið til notkunar vörubifreiðar þann 05.05. 1999**. Ósannað.



- 173 **Árekstur á Reykjanesbraut skammt frá gatnamótunum við Fjarðarhraun í Hafnarfirði 16.06. 1999**, ekið af stað og sveigt til hægri og utan í bifreið sem hugðist aka hægra megin.
- 174 **Árekstur á aðrein frá Bústaðavegi að Kringlumýrarbraut 14.06. 1999**, 2. mgr. 17. gr. umfl., skipt um akrein.
- 175 **Árekstur á Suðurlandsvegi 06.06. 1999**, aftanákeyrsla í tengslum við framúrakstur.
- 176 **Árekstur á Biskupstungnabraut við Búrfellsveg, Grímsneshreppi 27.06. 1999**, ekið í veg fyrir bifreið.
- 177 **Ágreiningur um gildissvið slysatryggingar ökumanns vegna slyss 09.10. 1998**, 91. - 92. gr. sbr. og 88. gr. umfl., tjónþoli vildi koma í veg fyrir að moldarköggull myndi falla af palli vörubifreiðar, sló með sleggju í gafl bifreiðarinnar en þá hrökk járnflís í auga hans.
- 178 **Árekstur á gatnamótum Þönglabakka og Stekkjarbakka 06.07. 1999**, ökumaður hætti við að beygja inn á Þönglabakka og ók á bifreið sem kom frá Þönglabakka.
- 179 **Árekstur á Austurvegi á Selfossi við gatnamót Sigtúns 03.06. 1999**, 1. mgr. 17. gr. umfl.
- 180 **Árekstur á bílastæði Kringlunnar 07.06. 1999**.
- 181 **Féll niður.**
- 182 **Árekstur á bifreiðastæði við Húsasmíðjuna í Skútvogi 23.07. 1999**, 1. mgr. 20. gr. umfl., ekki skilyrði til að aka hægra megin fram úr.
- 183 **Árekstur í innkeyrslu að gróðrarstöð í Hörgatúni Garðabæ 14.07. 1999**, 89. gr. umfl.
- 184 **Umferðarslys á gatnamótum Fossvogsvegur og Markarvegur í Reykjavík 05.06. 1999**, 1. og 3. mgr. 8. gr. umfl., bifreið ekið í veg fyrir reiðhjól.
- 185 **Árekstur á bifreiðastæði við verslun þann 30.07. 1999**, ekið á bifreið sem var í stæði.
- 186 **Hurð bifreiðar opnuð í veg fyrir bifreið 18.03. 1999**, fjölskyldutrygging, álitaefni hvort umrætt atvik sé undanþegið bótaskyldu fjölskyldutryggingar. Ekki fært að skýra undanþáguákvæði skilmála það rúmt.
- 187 **Árekstur við gatnamót Reykjanesbrautar og Nýbýlavegar 13.07. 1999**, ekið í veg fyrir bifreið.
- 188 **Umferðaróhapp á Stórhöfða í Reykjavík 21.04. 1999**, ekið ofan í skurð á vinnusvæði, ófullnægjandi varúðarmerkingar, ábyrgðartrygging verktaka.
- 189 **Vinnuslys í Vestfjarðagöngum 02.09. og 04.09. 1995**, ábyrgðartrygging verktaka, tjónþoli rak sig tvívegis á járnteina.
- 190 **Árekstur í Dvergagili á Akureyri 24.03. 1999**, 1. og 3. mgr. 25. gr. umfl.
- 191 **Árekstur í Álheimum 24.07. 1999**, ekki skilyrði til framúraksturs.
- 192 **Árekstur á brú yfir Jökulsá á Breiðamerkursandi 13.07. 1999**, 19. gr. og 36. gr. umfl.
- 193 **Árekstur á bifreiðaplani við Engihjalla í Kópavogi 11.06. 1999**, tjónstilkynning lögð til grundvallar, ekið á kyrrstæða bifreið.
- 194 **Árekstur á Hverfisgötu við Klapparstíg 27.07. 1999**, ökumenn gættu ekki þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var, talsverður ágreiningur um aðdraganda.
- 195 **Ágreiningur um hvort varahlutaverslun beri ábyrgð á tjóni sem varð er röng olfusía var sett í bifreið á smurstöð 01.02. 1999**, ábyrgðartrygging verslunarinnar.
- 196 **Umferðarslys á Hringbraut í Keflavík 14.06. 1998**, 1. - 2. mgr. 88. gr. umfl., réttarstaða farþega.
- 197 **Árekstur á Nýbýlavegi í Kópavogi milli bifreiðar og reiðhjóls 09.06. 1999**, 1. mgr. 20. gr. umfl.
- 198 **Árekstur á Víkurbraut í Grindavík 29.05. 1999**, sameiginleg tjónstilkynning lögð til grundvallar, ekið aftan á bifreið.
- 199 **Árekstur á bílastæði við Reykjavíkurveg, Hafnarfirði 03.08. 1999**.
- 200 **Árekstur á Reykjanesbraut við Bústaðaveg 26.06. 1999**, skipt um akrein skammt frá gatnamótum og stöðvað þar við beygjuakrein þrátt fyrir grænt umferðarljós.

- 201 **Árekstur á gatnamótum Neshaga og Hofsvallagötu 05.08. 1999**, 2. mgr. 25. gr. umfl.
- 202 **Árekstur á Eggertsgötu 18.07. 1999**, bifreiðum ekið aftur á bak.
- 203 **Umferðaróhapp á Þjóðvegi 1 í Vestur Eyjafjarðarhreppi 25.08. 1999**, 56. gr. vegalaga, 1. og 3. mgr. 88. gr. umfl., ekið á hrút. Vátryggingafélag hafnaði niðurstöðu nefndarinnar.
- 204 **Árekstur á Fífuhvammsvegi austan við Reykjanesbraut 26.07. 1999**, 2. mgr. 15. gr. umfl., U-beygja.
- 205 **Tjón á bifreið vegna þjófnaðar er stóð á bílasölu 11.06. 1999**, starfsábyrgðartrygging bílasala. Vátryggingaskilmálar undanskilja skemmdir á munum.
- 207 **Ágreiningur um bótaskyldu lögmans vegna yfirlýsingar 16.10. 1997**, starfsábyrgðar-trygging lögmanna.
- 208 **Árekstur á Álfaskeiði í Hafnarfirði 05.05. 1999**, 2. mgr. 25. gr. umfl.
- 209 **Árekstur beltagröfu og strætisvagns 30.09. 1999**, óvarlega ekið framhjá gröfunni þar sem hún var í notkun.
- 210 **Árekstur á Eiðsgranda í Reykjavík við gatnamót Keilugranda 29.08. 1999**, 1. mgr. 88. gr. umfl., ekið í veg fyrir bifreið. Ökumaður dráttartækis (bifreiðar) var ábyrgur.
- 211 **Árekstur á Seljabót Grindavík 28.05. 1999**, 1. mgr. 14. gr. umfl., ekið yfir á rangan vegarhelming.
- 212 **Árekstur í Dugguvogi 15.07. 1999**, bifreið ranglega staðsett á vegi og ökumaður ekki með hugann við akstur bifreiðarinnar.
- 213 **Árekstur á Kerlingaskarðsvegi við Hafrafell 09.08. 1999**, framúrakstur.
- 214 **Árekstur á Reykjanesbraut austan við afrein að Vesturlandsvegi 11.08. 1999**, ekið í veg fyrir bifreið.
- 215 **Árekstur á Nýbýlavegi við Dalbrekku í Kópavogi 20.08. 1999**, ágreiningur um stöðu umferðarljósa, ekið í veg fyrir bifreið.
- 216 **Árekstur á Reykjanesbraut við Fífuhvammsveg í Kópavogi 12.08. 1999**, U-beygja.
- 217 **Árekstur í Grafningi 04.07. 1999**, mæting bifreiða.
- 218 **Árekstur á Ægisíðu við Túngötu 23.08. 1999**, skilyrði ekki fyrir hendi til að aka hægra megin fram með kyrrstæðri vörubifreið sem stóð á gatnamótum.
- 219 **Vinnuslys í verksmiðju 07.04. 1998**, ábyrgðartrygging atvinnureksturs, meiðsl við þrif á snigli.
- 220 **Árekstur á Miklubraut við Stakkahlíð 08.09. 1999**, 2. mgr. 25. gr. umfl.
- 221 **Árekstur á gatnamótum Reykjanesbrautar og Öldugötu í Hafnarfirði 12.08. 1999**, 2. mgr. 25. gr. umfl.
- 222 **Árekstur á Norðurlandsvegi sunnan Staðarskála í Húnavatnssýslu 18.08. 1999**, 2. mgr. 15. gr. umfl.
- 223 **Árekstur á hringtorgi við Hringbraut og Ánanaust 14.09. 1999**, ökumaður í ytri hring átti að víkja fyrir umferð um innri hring.
- 224 **Umferðaróhapp við Frostaskjól 08.06. 1999**, bifreið ekið í veg fyrir reiðhjól, 1. mgr. 88. gr. umfl., ekki tilefni til að skerða réttarstöðu reiðhjólamanns skv. 2. - 3. mgr. 88. gr. umfl.
- 225 **Árekstur á Standgötu í Hafnarfirði 17.08. 1999**, framúrakstur.
- 226 **Árekstur á Laugavegi 17.09. 1999**, ekið á bifreið sem stöðvaði til að hleypa farþega út.
- 227 **Árekstur á Suðurlandsvegi í Hveradöllum 26.04. 1999**, árekstur við mætingu bifreiða. Vátryggingafélag hafnaði niðurstöðu nefndarinnar.
- 228 **Árekstur á Laugardalsvegi við Lækjarhvamm 31.07. 1999**, ósannað hvor ökumanna hafi ekið yfir á rangan vegarhelming.
- 229 **Árekstur í hringtorgi á mótum Álfhólsvegar og Bröttubrekku Kópavogi 05.09. 1999**, 2. mgr. 25. gr. umfl.

- 230 **Árekstur á Nýbýlavegi í Kópavogi skammt norðan Skemmuvegjar 08.09. 1999**, skipt um akrein í veg fyrir aðra, ekið of hratt.
- 231 **Árekstur á Nýbýlavegi í Kópavogi 20.07. 1999**, beygt í veg fyrir bifreið, ekið of hratt.
- 232 **Árekstur við gatnamót Brúarflatar og Vífilsstaðavegar 12.09. 1999**, 2. mgr. 25. gr. umfl.
- 233 **Ekið á kind á Vesturlandsvegi í Leirár- og Melahreppi 17.07. 1999**, ábyrgðartrygging bónda og lögmælt ökutækjatrýgging, 56. gr. vegalaga og 88. gr. umfl. Vátryggingafélag hafnaði niðurstöðu nefndarinnar.
- 234 **Árekstur í Faxafeni 13.08. 1999**, almennur umferðarréttur, ógætilegur akstur.
- 235 **Umferðaróhapp við gatnamót Réttarbakka og Arnabakka 05.09. 1999**, reiðhjól og bifreið, 88. gr. umfl.
- 236 **Árekstur á Hofsvallagötu við Sundlaug Vesturbæjar 01.09. 1999**, ekki skilyrði til framúraksturs hægra megin, 1. mgr. 20. gr. umfl.
- 237 **Árekstur á Bústaðavegi við Litluhlíð 10.09. 1999**, ekið aftan á bifreið sem stöðvuð var vegna bilunar (þriggja bifreiða árekstur).
- 238 **Árekstur á bifreiðastæði Kringlunnar 16.01. 1999.**
- 239 **Árekstur á Hafnargötu Keflavík 04.12. 1999**, 2. mgr. 17. gr. umfl., skipt um akrein.
- 240 **Árekstur á Hafnargötu í Keflavík 17.06. 1999**, ekið yfir á rangan vegarhelming.
- 241 **Umferðaróhapp á Framnesvegi 23.09. 1999**, ekið á opna hurð bifreiðar.
- 242 **Umferðaróhapp á Norðurlandsvegi við Galtanes í Víðidal 08.08. 1999**, röð bifreiða, framúrakstur.
- 243 **Árekstur á Flókagötu í Reykjavík 24.05. 1999**, ekið yfir óbrotna línu í veg fyrir bifreið, ekki skilyrði til framúraksturs.
- 244 **Árekstur á Smiðjuvegi í Kópavogi 06.09. 1999**, samfelld röð bifreiða, aftanákeyrslur.
- 245 **Árekstur við gatnamót Hringbrautar og Njarðargötu 27.06. 1999**, skipt um akrein í veg fyrir bifreið, 2. mgr. 17. gr. umfl.
- 246 **Árekstur á Hverafold í Reykjavík 15.07. 1999.**
- 247 **Árekstur á Miklubraut við gatnamót Stakkahlíðar 23.09. 1999**, skipt um akrein yfir óbrotna deililínu, a-liður 24. gr. reglugerðar um umferðarmerki 289/1995.
- 248 **Árekstur við útkeyrslu frá Kringlunni 22.07. 1999**, ekið utan í lyftu sendibifreiðar.
- 249 **Vatnstjón í júlí 1995**, ágreiningur um réttarstöðu vegna ábyrgðartryggingar sveitarfélags.
- 250 **Árekstur á Reykjanesbraut við Bústaðaveg 27.08. 1999**, röð bifreiða, aftanákeyrslur.
- 251 **Umferðaróhapp á Miklubraut við Stakkahlíð 16.09. 1999**, 2. mgr. 17. gr. umfl.
- 252 **Umferðaróhapp á Norðurlandsvegi Austur-Húnavatnssýslu 08.08. 1999**, 31. gr. og 1.-2. mgr. 32. gr. umfl., framúrakstur.
- 253 **Umferðaróhapp, bifreið ekið á kú á Ólafsvíkurvegi í Staðarsveit 10.09. 1999**, 1. og 3. mgr. 88. gr. umfl.
- 254 **Árekstur á Bústaðavegi 05.09. 1999**, ökuljós ekki kveikt, áreksturinn varð í myrkri.
- 255 **Árekstur á Reykjanesbraut í Hafnarfirði 05.09. 1999**, 3. mgr. 25. gr. umfl.
- 256 **Meiðsl á skíðum 21.01. 1999**, ábyrgðartrygging skíðasvæðis.
- 257 **Meiðsl við umönnun barns á árinu 1991**, slysatrygging.
- 258 **Árekstur á Sæbólsbraut í Kópavogi 18.02. 1999**, árekstur bifreiða í beygju.
- 259 **Árekstur á Bústaðavegi 30.09. 1999**, beygt í veg fyrir bifreið.
- 260 **Árekstur á Höfðabakka við Dverghöfða 04.10. 1999**, 2. mgr. 25. gr. umfl.
- 261 **Árekstur á gatnamótum Suðurgötu og Þorragötu 15.10. 1999**, 2. mgr. 32. gr. umfl., ekið í veg fyrir ljóslausu bifreið í myrkri.
- 262 **Umferðaróhapp á Barnónsstíg 01.09. 1999**, þrenging vegna framkvæmda í götunni, árekstur bifreiðar og skurðgröfu.
- 263 **Árekstur á Hringbraut við gatnamót Framnesvegjar 06.10. 1999**, 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 25. gr. umfl., U-beygja, ekið of hratt.

- 264 Líkamstjón sem rekja mátti til sláttuvélar 21.09. 1999, ábyrgðartrygging söluaðila, ágreiningur um skaðsemisábyrgð.
- 265 Ágreiningur um bótaábyrgð vegna líkamstjóns í fiskvinnslufyrirtæki 28.02. 1998, ábyrgðartrygging atvinnureksturs, ísing á gólfi.
- 266 Árekstur á Suðurlandsbraut 27.09. 1999, 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 17. gr. umfl.
- 267 Umferðaróhapp á Álfhólsvegi í Kópavogi 18.08. 1999, reiðhjólamaður hjólaði á bifreið, 3. mgr. 25. gr. umfl.
- 268 Árekstur á Hvalfjarðarvegi við Miðdal 07.10. 1999, ekið í veg fyrir bifhjól, síðan var annarri bifreið ekið á bifhjólið þar sem það var á veginum.
- 269 Líkamstjón starfsmanns sem vann við að binda saman fiskkör í slæmu veðri 28.01. 1995, ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
- 270 Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á farangri 02.07. 1999, farangurstrygging.
- 271 Árekstur á Flatahrauni við Reykjanesbraut 07.10 1999, 3. mgr. 14. gr. umfl., aftanákeyrsla.
- 272 Árekstur við gatnamót Sæbrautar og Súðavogs 06.10. 1999, 36. gr. umfl., ekið á kyrrstæða bifreið.
- 273 Ágreiningur um bótaábyrgð vegna skemmda á bifreið 22.09. 1999, mæting fólksbifreiðar og flutningabifreiðar með tengivagn.
- 274 Vinnuslys við færiband við fiskvinnslu 23.09. 1996, ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
- 275 Árekstur á Drottningarbraut við Austurbrú á Akureyri 24.10. 1999, ekið í veg fyrir bifreið.
- 276 Árekstur á Reykjanesbraut við Fífuhvammsveg í Kópavogi 31.10. 1999, 1. mgr. 27. gr. og 3. mgr. 14. gr. umfl., bifreið stöðvuð á hættulegum stað.
- 277 Árekstur á gatnamótum Baldursgötu og Þórsögötu 26.02. 1999, ekið í veg fyrir bifreið, of hraður akstur.
- 278 Árekstur á mótum Háaleitisbrautar og Kringlumýrarbrautar 31.08. 1999, ekið of hratt, U-beygja.
- 279 Ágreiningur um réttarstöðu leigubifreiðastjóra þ.e. kostnað við uppgjör tjóns sem varð þann 04.10. 1998, ágreiningur um bótafjárhæð.
- 280 Umferðaróhapp á Dalvegi 26.10. 1999, ábyrgðartrygging verktaka, ekið á malarhlass þar sem unnið var við framkvæmdir.
- 281 Árekstur á gatnamótum Höfðabakka og Bíldshöfða 29.10. 1999.
- 282 Umferðaróhapp þegar gangandi vegfarandi lenti á bifreið í Lækjargötu við Skólalabru 24.10. 1999, 1. og 2. mgr. 88. gr. umfl.
- 283 Umferðaróhapp á Seljabraut 26.10. 1999, ábyrgðartrygging sveitarfélags, ófullnægjandi merkingar um framkvæmdir, óvarlega ekið.
- 284 Umferðaróhapp á Miklubraut 25.10. 1999, ábyrgðartrygging verktaka, vatn flæddi út á akbraut og olli mikilli hálfu, árekstur bifreiða.
- 285 Árekstur á gatnamótum Listabrautar og Efstaleitis 04.10. 1999, 2. mgr. 25. gr. umfl., ekið í veg fyrir bifreið sem ekið var of hratt.
- 286 Umferðaróhapp, ekið á hross í Skagafirði 24.08. 1999, 56. gr. vegalaga nr. 45/1995, 1. og 3. mgr. 88. gr. umfl. Vátryggingafélag hafnaði niðurstöðu nefndarinnar.
- 287 Umferðaróhapp, ekið á hross á Suðurlandsvegi 31.10. 1999, 1. og 3. mgr. umfl.
- 288 Meint mistök við dekkjaskiptingu 05.10. 1999, ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
- 289 Árekstur á Suðurlandsbraut 20.08. 1999, 2. mgr. 17. gr. umfl.
- 290 Slys (líkamsmeiðsl) þegar aðili féll á gólf salernis á skemmtistað 28.09. 1997, ábyrgðartrygging atvinnureksturs.
- 291 Árekstur á Tryggvagötu á Selfossi 25.10. 1999, 3. mgr. 25. gr. umfl.
- 292 Árekstur í Skipholti 26.11. 1999, beygt í veg fyrir bifreið.
- 293 Ágreiningur um réttarstöðu vegna tjóns á lóð á árinu 1999, sem rekja mátti til hitaveituaðar, ábyrgðartrygging sveitarfélags. Ágreiningur um hvort skaðabótakrafa geti stofnast vegna einnar stofnunar bæjarfélags á hendur annarri.

- 294 Ágreiningur um réttarstöðu vegna skemmda á fasteign af völdum vatns 1997, ábyrgðartrygging.
- 295 Árekstur á bílastæði við Grensásveg 48 þann 19.10. 1999, 4. mgr. 25. gr. umfl.
- 296 Ágreiningur um fyrningu vegna slyss sem varð við árekstur þann 11.11. 1990, 29. gr. váttryggingarsamningalaga.
- 297 Árekstur á Lyngmóum í Garðabæ 11.07. 1999, varúð frá hægri, bifreið staðsett of innanlega á vegi.
- 298 Árekstur á gatnamótum Hálsabautar og Dragháls 09.11. 1999, 2. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 31. gr. umfl.
- 299 Umferðaróhapp á Hringbraut 19.10. 1999, grjót féll af bifreið.
- 300 Árekstur á Álfrólsvogi Kópavogi 10.11. 1999, 2. mgr. 15. gr., 1. mgr. 16. gr., 2. mgr. og 5. mgr. 31. gr. umfl., ekki hugað að umferð sem á eftir kom áður en beygt var.
- 301 Árekstur á gatnamótum Ánanausts og Sólvallagötu 26.11. 1999, 89. gr. umfl.
- 302 Árekstur í Brautarholti 24.11. 1999, 1. mgr. 17. gr. umfl.
- 303 Árekstur á horni Haðalands og Hörglands í Reykjavík 23.11. 1999.
- 304 Árekstur á hringtorgi við Hringbraut og Ánanaust 30.10. 1999, 2. mgr. 17. gr. umfl.
- 305 Árekstur við bensínafgreiðslu á Ártúnshöfða 03.08. 1999.
- 306 Umferðaróhapp á Flugvallarvegi 29.11. 1999, ábyrgðartrygging sveitarfélags, frárennislögn stíflaðist og hálka myndaðist.
- 307 Árekstur á Reykjanesbraut 05.11. 1999, 2. mgr. 17. gr. umfl.
- 308 Árekstur á Skútuvogi 12.12. 1999, 3. mgr. 25. gr. umfl.
- 309 Árekstur á Austurvegi á Seyðisfirði 17.09. 1999, 1. mgr. 14. gr. umfl.
- 310 Árekstur við Kringluna 15.11. 1999.
- 311 Árekstur á Suðurfelli við Unufell 28.11. 1999, ekið aftan á bifreið.
- 312 Árekstur á Fiskitanga á Akureyri 03.12. 1999, mæting bifreiða.

Rúnar Guðmundsson formaður

**Mál nr. 4/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingarfélagið V v/skilmála heimilistryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu v. umferðarslyss þ. 31.10.1995.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 8.1.1999.
2. Örorkumat dags. 7.9.1998.
3. Bréf V. dags. 13.10. og 7.12. 1998 og 20.1. 1999.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. ólæsil./1998.
5. Bréf lögmanns M dags. 16.11.1998.
6. Yfirlýsing vinnuveitanda dags. 19.10.1998.

**Málsatvik.**

Skv. málavaxtalýsingu í örorkumati, lenti M í umferðarslysi á leið til vinnu. Varanleg örorka M vegna slyssins er metin 10%. M var með heimilistryggingu hjá V. V. hafnaði bótaskyldu á þeim forsendum, að skv. tryggingarskilmálum heimilistryggingar M væri hún eingöngu tryggð gagnvart slysum í frítíma, en slysið hafi orðið þegar M hafi átt að vera í vinnu. Af hálfu M er því haldið fram, að hún hafi ekki verið við vinnu heldur á leið í vinnu, en M hafi haft sveigjanlegan vinnutíma.

**Álit.**

V hafnar bótaskyldu og bendir á, að V líti svo á, að slys í vinnutíma eða vegna ferða til og frá vinnu, þar sem til komi bætur frá Tryggingastofnun ríkisins svo og slysatryggingar launþega, séu ekki bótaskyld skv. skilmálum heimilistryggingarinnar. V. telur að túlka beri hugtakið "frítími" nokkuð þröngt, þar sem að öðrum kosti væri verið að auka áhættu félagsins langt umfram það sem iðgjaldið og áhættutaka gefa tilefni til. V bendir á, að M hafi í umrætt sinn verið á leið til vinnu og slysið tilkynnt sem vinnuslys.

Fyrir liggur, að M er ekki við vinnu þegar slysið varð heldur á leið til vinnu. Ekki er hægt að skilgreina ferðir til og frá vinnu, sem vinnutíma í þessu tilviki. Bótaskylda V er því fyrir hendi miðað við þær aðstæður sem hér ræðir um. Tilkynning M þykir ekki skipta máli í þessu tilviki.

**Niðurstaða.**

Tjón M er bótaskyld.

Reykjavík 10.2.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 12/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar verslunarfyrirtækis.**

**Slys á lager verslunar K þann 6.3. 1997.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13.1.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1147/1997.
3. Lögregluskýrsla ásamt ljósmyndum.
4. Bréf lögmanns tjónþola, dags. 23.7.1997 og 11.11.1997.
5. Bréf K, dags. 12.9.1997.
6. Bréf X, dags. 8.9.1997, 7.10.1997, 11.3.1998, og 20.1.1999.

**Málsatvik.**

Þann 6.3.1997 stóð M í flutningum. Fór hún inn á lager í verslun K til að fá þar pappakassa. Gekk hún inn um stórar dyr þar sem sendibifreiðum mun vera ekið inn til lestunar. Í lögregluskýrslu er aðstæðum á lagernum lýst þannig: “Þegar komið er inn fyrir dyrnar er steinsteypt upphækkun 110 cm há upp á lagerinn og þangað upp liggur hallandi járnstigi með fimm tröppum, 48 cm breiður. Stiginn er upp við suðurvegg og er kræktur á tvo bolta sem skrufaðir eru í steininn en er laus að neðan og hvílir á steypu gólfinu. Ekkert handrið er á stiganum. Fyrir neðan stigann er steinbrún á tvo vegu sem virkar sem lítið þrep þegar komið er niður stigann.” Þegar lögregla tók ljósmyndir á vettvangi þann 16.5.1997 voru smiðir á staðnum að hefja störf við breytingar og átti að fjarlægja umræddan stiga.

M kvaðst hafa farið inn á lagerinn um dyr á húsnaðinu, sem hafi staðið opnar, og farið upp stigann og fengið nokkra kassa. Þegar hún fór aftur niður stigann hafi hún verið með einn kassa í fanginu. Er hún hafi verið komin neðarlega í stigann hafi hún dottið, en geti ekki sagt um það hvort hún hafi runnið til eða hvernig það atvikaðist. Hún hafi fallið á steyp gólfið og ökklabrotnað.

Í bréfi K til tryggingafélagsins segir að M hafi ekki fengið leyfi til að fara þessa leið inn í húsið til að fá kassa. Þegar slysið varð hafi lyftari verið við upphækkunina við hlið stigans. Á göfflum lyftarans hafi verið stór skúffa með 60 cm háum hliðum á þrjá vegu og hafi skúffan numið við brún upphækkunarinnar.

Af hálfu M er því haldið fram að umræddur stigi og umbúnaður í kringum hann hafi ekki fullnægt kröfum laga og reglna um öryggi og útbúnað. Er í því sambandi vísað til 17. gr. reglna

nr. 492/1987 um öryggisbúnað véla, gr. 8.2.1.32 í byggingareglugerð nr. 177/1992, og gr. 3.4. og gr. 39.1. í reglum nr. 581/1995 um húsnaði vinnustaða. Af hálfu K er bótaskyldu hafnað. M hafi farið inn í húsið í óleyfi, ekki sé orsakasamband milli slyssins og skorts á handriði og M hafi átt að vera ljóst að handrið vantaði, þar sem hún hafði gengið upp stigann skömmu áður en hún féll í honum. Þá verði slysið ekki rakið til umbúnaðar stigans heldur til óhappatilviljunar.

**Álit.**

Ekki er vitað hvað varð til þess að M féll í stiganum. Í skýrslu hjá lögreglu kveðst M ekki gera sér grein fyrir hvort hún hafi runnið í stiganum eða hvort eitthvað annað hafi komið fyrir. Þá er ekki vitað hvort M fór aftur á bak niður stigann eða snéri fram. Af ljósmyndum og lýsingu á stiganum að dæma má ætla að stiginn hafi verið frekar mjór og brattur og þrepinn

farið að talsverðu leyti inn undir hvert annað. Þá var ekkert handrið á stiganum. Þrepin í stiganum virðast hafa verið gerð úr járnplötum sem mynda eins konar vírnet. Verður að ætla að gæta hafi þurft varúðar þegar farið var um hann. Stiginn var hins vegar í lagerhúsnæði og að jafnaði ekki ætlaður viðskiptavinum K.

M mátti gera sér grein fyrir hversu brattur stiginn var og á hann vantaði handrið. Þá má ætla að hún hafi ekki verið von því að fara um títtnefndan stiga. Með því að fara niður stigann með kassa í fanginu gætti hún ekki þeirrar varúðar sem af henni mátti krefjast. Til þessa verður slysið fyrst og fremst rakið. Fram hjá því verður ekki litið að öryggi var áfátt í stiganum og umbúnaði hans. K mátti vera við því búið að einhver færi um stigann án þess að hafa fengið til þess sérstakt leyfi. Var því aðgæsluleysi af hálfu K að hafa stigann í því horfi, sem hann var, þegar slysið bar að höndum. Verður slysið að nokkru leyti rakið til þessa aðgæsluleysis og verður því einnig lögð ábyrgð á K á tjóni M. Eftir atvikum öllum þykir rétt að K beri ábyrgð á tjóninu að 1/3 hluta, en M beri sjálf tjón sitt að 2/3 hlutum.

**Niðurstaða.**

M fær líkamstjón sitt bætt að 1/3 hluta úr hendi K.

Reykjavík, 10. febrúar 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 15/1999**

**M v/bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar v/verktakafyrirtækis.**

**Skemmdir á bifreið þann 21.07. 1998**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 21.01. 1999.
2. Skýrslur lögreglu.
3. Bréf vátryggingafélags bifreiðarinnar A, dags. 27.08. 1998 til lögreglu þar sem óskað er skýrslutöku forráðamanns verktakafyrirtækisins.
4. Grjót sem talið er að hafi valdið skemmdum á bifreiðinni.
5. Ljósmyndir af aðstæðum þar sem tjónið varð.
6. Bréf vátryggingafélagsins X til nefndarinnar dags. 04.02. 1999.
7. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 18/1999.

**Málsatvik.**

Þann 21.07. sl. beygði ökumaður bifreiðinni, A, af Vesturlandsvegi inn á afleggjarann að Lágafellskirkju. Bifreiðin mun hafa tekið niðri á miðshæð og við það hafi komið gat á olúpönnu bifreiðarinnar. Á vettvangi hafði verktakafyrirtækið unnið að skurðgreftri daginn áður en óhappið varð. Forráðamaður þess hafnar bótaábyrgð vegna skemmda á bifreiðinni. Uppgröfturinn hafi verið lagaður og þjappaður með plötupjöppu og yfirborðið verið slétt miðað við malbik beggja vegna við uppgröftinn. Að uppgrafið efni hafi eðlilega verið notað aftur til uppfyllingar. Af ljósmyndum megi dæma að ökumaður bifreiðarinnar hafi farið yfir á rangan vegarhelming á leið sinni af Vesturlands-vegi. Verktakafyrirtækið og vátryggingafélag þess, telja að ökumaðurinn hafi ekið óvarlega og að hann beri sjálfur ábyrgð á tjóninu. Fram kemur og að Rafmagnsveita Reykjavíkur hafi átt að sjá um að malbika þennan afleggjara að loknu þessu verki.

Málskotsaðilinn, eigandi bifreiðarinnar, vísar m.a. til 86. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem fram kemur að þar sem vegavinna fer fram eða vegi er raskað af öðrum ástæðum þannig að hætta stafi af, er þeim sem stjórnar verki skylt að sjá um að staðurinn verði merktur á fullnægjandi hátt. Hann vekur og athygli á ljósmyndum sem upplýsa um aðstæður á vettvangi. Hann telur að ökumaður A hafi ekið eðlilega miðað við aðstæður og ekki getað brugðist nægjanlega hratt við er hann varð var við skurðinn vegna þess að hann hafi verið ómerktur. Hann vísar og til þess að tjónið hafi orðið í rökkri að kvöldlagi.

Vátryggingafélag bifreiðarinnar telur að verktakinn beri ábyrgð á tjóni bifreiðarinnar þar sem frágangi við skurðinn hafi verið ábótavant og engar merkingar sem vörðu við framkvæmdum.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að fallast á að sýnt hafi verið fram á bótaábyrgð verktakafyrirtækisins, frágangur á veginum var ekki með þeim hætti að það varði bótaábyrgð þess. Um misfelli var að ræða sem ökumenn verða að vera reiðubúnir að bregðast við.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð ábyrgðartryggingar verktakafyrirtækisins.

Reykjavík 23. febrúar 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 18/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags.**

**Slys á gangandi vegfaranda á Lækjartorgi þann 8.9.1996.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 2.1.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 324/1997.
3. Umboð.
4. Lögregluskýrsla ásamt ljósmyndum af vettvangi.
5. Örorumat.
6. Bréf X, dags. 3.2.1999.

**Málsatvik.**

Er klukkan var um þriðjung gengin í 4 aðfaranótt sunnudagsins 8. september 1996 var M á gangi á Lækjartorgi í Reykjavík. Við syðri enda gönguleiðar milli húsa nr. 18 og 20 við Hafnarstræti hnaut M um gangstéttarhellu, sem hafði molnað upp. Hellan, sem var 42 x 42 cm að flatarmáli, var nær öll horfin og var mesta dýpt í hellufarinu 4 cm út við brúnir. Hellubrot voru í miðju farinu. Er slysið gerðist kom M fótgangandi inn á Lækjartorg eftir gönguleiðinni frá Hafnarstræti. Steig hún þá með hægri fæti í hellufarið, missti fótanna og féll á hægri hlið. Í lögregluskýrslu segir að birtuskilyrði hafi verið þannig á vettvangi, er óhappið gerðist, að erfitt hafi verið að sjá að hellu vantaði í hellulögnina.

Í símbréfi frá embætti gatnamálastjórans í Reykjavík segir að eina hellu hafi vantað í hellulögnina á umræddum stað. Líklegast sé að hellan hafi molnað en nokkuð sé um skemmdir á hellum þarna í kring. Staðurinn hafi verið ómerktur, þegar óhappið varð.

Af hálfu M er því haldið fram að gangstéttarhelluna hafi vantað algerlega og starfsmönnum borgarinnar hafi mátt vera ljóst að hætta stafaði af holunni, sem myndaðist. Þá hafi staðurinn verið ómerktur. Af hálfu sveitarfélagsins er staðhæft að starfsmönnum þess hafi ekki verið kunnugt um að helluna vantaði í stéttina á þeim tíma sem slysið varð.

**Álit.**

Af gögnum málsins er ekki upplýst um orsök þess að hellan molnaði upp og var nær öll horfin er M slasaðist. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að starfsmenn Reykjavíkurborgar hafi vitað eða mátt vita að helluna vantaði og hellufarið gæti valdið gangandi vegfarendum hættu. Brestur því skilyrði til að leggja bótaábyrgð á Reykjavíkurborg á líkamstjóni M af völdum slyssins.

**Niðurstaða.**

Reykjavíkurborg ber ekki fébótaábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 23. febrúar 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 27/1999**

**M v/bifreiðarinnar B**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar kaupstaðar.**

**Skemmdir á bifreið þann 23.12. 1998, ágreiningur um hvort rekja megi skemmdirnar til vanrækslu við snjómokstur.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 03.02. 1999, hjálagt fylgdi umfjöllun málskotsaðilans og afstöðuteikning.
2. Skýrsla lögreglu.
3. Tjónstilkynning ábyrgðartryggingar dags. 30.12. 1998.
4. Frásögn ökumanns bifreiðarinnar dags. 14.01. 1999.
5. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 11.02. 1999 þar sem hjálagt fylgdu ljósmyndir af aðstæðum á vettvangi.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 122/1999.

**Málsatvik.**

Samkvæmt skýrslu lögreglu kvað ökumaður bifreiðarinnar að tjón hafi orðið á bifreiðinni þegar hann bakkaði frá heimili sínu. Aðsögn ökumannsins rakst svunta bifreiðarinnar undir framstuðaranum niður í harðan snjó og brotnaði þegar bifreiðinni var ekið út á götuna. Lögreglan athugaði aðstæður og lætur þess getið að þar sem bifreiðin fór um hafi verið 30 cm hæðarmismunur á götu og snjónum sem bakkað var niður af. Fram kemur að þetta hafi verið nokkuð kröpp brún sem hafi orðið til við mokstur götunnar, þó ekki sé um ruðning að ræða. Fram kemur að staðurinn sem tjónið varð á er í beinni stefnu framan við bílskúrsdyrnar að heimili ökumannsins.

Álitaefnið er hvort bæjarstarfsmenn hafi valdið tjóni á bifreiðinni með óvarlegum vinnubrögðum við snjómokstur. Málskotsaðilinn (eigandi bifreiðarinnar) og ökumaður telja að svo hafi verið. Að kvöldi 22.12. sl. hefðu bæjarstarfsmenn mokað götuna og að þá um nóttina hafi frosið. Ökumaðurinn lætur þess getið að honum er “óskiljanlegt hvernig það er hægt að sýna gáleysislegan akstur við að bakka bíl frá húsi ca 2 bíllengdir.” Hann telur vinnubrögð bæjarstarfsmanna óviðunandi.

Í tjónstilkynningu vegna ábyrgðartryggingar getur skýrslugefandi þess að hann telur að tjónið hafi orðið vegna ógætilegs aksturs bifreiðarinnar.

Vátryggingafélagið lætur þess efnislega getið að við snjómokstur gatna og gangstétta geri umráðamenn snjómoksturstækja sér far um að hreinsa götur og stéttir eins vel og auðið er og að húsráðendur verði sjálfir að moka heimkeyrslur og lagfæra hryggi eftir snjómoksturstæki.

**Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ekki tilefni til að leggja ábyrgð á starfsmenn bæjarins. Virðist sem ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var við akstur bifreiðar sinnar.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð.

Reykjavík 9. mars 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 29/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar útgerðar.**

**Slys um borð í Á þ. 21.1. 1994.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 4.2.1999.
2. Tilkynning um slys dags. 1.11.1994
3. Bréf V dags. 10.4.1995 og 9.11.1994 og 16.2.1999.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 971/1998.
5. Bréf J skipstjóra dags. 27.2.1997.
6. Bréf lögmanns M hrl. dags. 19.10.1998.
7. Vottorð K dags. 15.12.1998.
8. Vottorð P ódags.
9. Örorkumat dags. 5.2.1997.

**Málsatvik.**

Skv. tilkynningu um slys M var hann að vinna aftur á bátadekki við að lagfæra færi er hann rann á dekkinu og datt á öxlina. Skv. lýsingu í örorkumati orsakaðist slysið þannig, að kast kom á skipið og tókst M á loft og kastaðist aftur fyrir sig og lenti á öxlinni utan í borðstokknum og síðan á bakið og hafi M strax fundið fyrir miklum sársauka vegna þessa. Upplýst er í málinu, að umrætt bátadekk var málað með venjulegri skipamálningu en ekki hálkutefjandi efni. Skv. bréfi lögmanns M varð slysið við þær aðstæður, að ísing var og snjór á dekkinu og það hált og hafi aðstaða á dekkinu auk þess verið þannig, að þrengt hefði verið að vinnuástöðu M. V hafnar bótaábyrgð og segir að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Þá bendir V á, að slysið hafi orðið á bátadekki skipsins en ekki vinnsludekki. Ekki sé gerð sérstök krafa um að bæta skuli sandi í lakkid sem notað sé við að mála dekkið. Þá telur V að ósannað sé, að slys á M verði rakið til vanbúnaðar um borð.

**Álit.**

Ekki er sýnt fram á skv. þeim gögnum, sem lögð eru fyrir Úrskurðarnefndina, að vanbúnaður hafi verið um borð í skipinu Á, sem leitt geti til bótaskyldu fyrir útgerð skipsins. Slys þetta er því ekki bótaskyلت úr tryggingu útgerðar Á hjá V.

**Niðurstaða.**

Slys M um borð í Á er ekki bótaskyلت úr ábyrgðartryggingu útgerðarinnar hjá V.

Reykjavík 9.3. 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 30/1999**

**M vegna ófjárráða sonar  
og  
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bónda**

**Líkamsmeiðsl 02.07. 1994.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 05.02. 1999.
2. Skýrslur lögreglu.
3. Bréf lögmanns tjónþola til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna dags. 14.04. 1998.
4. Bréf tannlæknis dags. 12.02. 1996 og ódagsett vottorð tannlæknis.
5. Bréf vátryggingafélagsins dags. 20.01. 1995 til lögmanns tjónþola.
6. Bréf lögmanns tjónþola til vátryggingafélagsins dags. 28.11. 1994.
7. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 19.02. 1999.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 391/1998.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var hinn slasaði (tjónþolinn H), f. á árinu 1984, í sveit að tilteknum bæ. Í skýrslu lögreglu er atvikum efnislega lýst á þann veg að bóndinn hafi átt 18 vetra hest, sem notaður hefur verið fyrir börn. Umræddan dag hafi H komið á heimilið, hann hafi átt að vera í sveit um mánaðartíma. Norsk 13 ára stúlka, sem hafi verið vön hestum, hafi verið með hestinn og leyft drengjum að sitja hestinn og teymt undir. Hún hafi þjáðst af astma og hafi hún fengið kast meðan á þessu stóð. Hún hafi því beðið H að halda í hestinn en annar drengur hafi verið á hestinum. Hann hafi haldið í tauminn en þá hafi hesturinn viljað á rás og mun H hafa orðið fyrir höggi þannig að tennur brotnuðu. Fram kemur að trúlegast hafi hesturinn slegið höfðinu til og snoppa lenti í andliti drengsins.

Álitaefnið er hvort skaðabótaskylda sé fyrir hendi vegna framanritaðs.

Málskotsaðili og lögmaður hans telja svo vera. Þeir vekja m.a. athygli á því að bóndinn taki börn í sveit gegn gjaldi. Umrætt atvik sé ekki óhappatívik, heldur handvömm í verkstjórn sem hafi valdið slysinu. Rökin fyrir bótagrundvelli telja þeir sök vátryggingartakans að láta unga stúlku annast gæslu sér yngri barna. Drengurinn hafi verið óvanur hestum. Þá verði heldur ekki séð að Halldór hafi fengið viðeigandi hjálm sem e.t.v. hefði dregið úr slysinu eða forðað því. Ennfremur að vist drengsins hafi verið í atvinnuskyni og stúlkan væntanlega í vinnuveitandaábyrgð vátryggingartaka.

Í skýrslu lögreglu er haft eftir hinum slasaða að hann hafi “látið hestinn fara fetið en svo hafi hann hert á sér og viljað fara hraðar hann þá tekið í tauminn og reynt að forða því að hann færi hraðar en þá hafi hesturinn slengt hausnum til þannig að hann lenti á andliti mætta.

Vátryggingafélagið telur að af gögnum málsins verði ekki ráðið að tjónið verði rakið til háttsemi er felli skaðabótaábyrgð á vátryggingartaka. Drengirnir hefðu verið í fylgd 13 ára stúlku sem leiðbeindi þeim og aðstoðaði við að nota hestinn. Það að stúlkan feli drengnum að halda í eða teyma hestinn þegar hún fær astmakast verði ekki talið auka almennt hættuna á að tjón verði, “enda um rólegan barnvnanan, eldri hest að ræða.” Þá verði ekki talið fela st gáleysi í þessari háttsemi stúlkunnar. Slysið verði því rakið til óhappatíviljunar. Í bréfi dags. 19.02. sl. lætur vátryggingafélagið þess og efnislega getið að bóndinn hafi vitað af því að stúlkan hafi verið með astma. Hún hafi dvalið hjá honum sumarið fyrir slysið og komið aftur þetta vor og aldrei á þessum tíma fengið astmakast. Vegna þessa hafi bóndinn ekki haft tilefni til að ætla að hún gæti “fengið þvílíkt kast sem hún svo fékk.” Félagið vísar til sammings sem sé gerður við foreldra barna og kynningar á honum þess efnis að dvölin feli í sér umgengni við dýr. Umgengni við dýr feli í sér ákveðnar áhættur. Ekki sé hægt að fyrirbyggja að dýr fælist og það sé ósannað að rekja megi tjónið til astmakasts stúlkunnar. Fram kemur og m.a. að “tjónið hefði allt eins getað orðið þrátt fyrir að stúlkan héldi í tauminn.” Ekki megi “gleyma því að

hestinn sat annar drengur sem var óvanur hestum og má allt eins gera ráð fyrir því að hann eigi þátt í því sem gerðist". Vátryggingafélagið telur að bótagrundvöll skorti, ekki sé um hlutlæga ábyrgð að ræða og sök sé ekki til að dreifa hjá vátryggingataka.

#### **Álit.**

Með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum telur nefndin að verkstjórn vátryggingartaka hafi verið ábótavant í umrætt sinn. Hinn slasaði var óvanur hestum og alls ófær um að teyma hestinn. Þrátt fyrir að stúlkan hafi fengið astmakast þá verður að telja að það hafi verið óvarlegt af henni að láta drenginn hafa taum hestsins. Ekki verður séð að það hafi verið nauðsynlegt.

Nefndin getur ekki fallist á að rekja megi tjónsáburð máls þessa til óhappatilviljunar. Hún telur að tjónið megi rekja til vanrækslu vátryggingartaka. Fallist er á skaðabótaábyrgð samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir. Það að umrædd stúlka fékk astmakast kemur ekki í veg fyrir ábyrgð bóndans (vátryggingartaka) í því tilviki sem hér er til umræðu. Gera verður auknar kröfur til bænda sem taka að sér börn til sumardvalar gegn greiðslu, að þau séu ekki látin annast vörslu hesta líkt og í því tilviki sem hér er til umræðu.

Þess ber að geta að reglum um fyrningu krafna var ekki borið við í máli þessu.

#### **Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt ábyrgðartryggingu umrædds bónda.

Reykjavík 9. mars 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 32/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A  
og  
Vátryggingafélagið Y v/B**

**Umferðaróhapp á bifreiðastæði við Jórufell í Reykjavík 13.09. 1998.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.02. 1999.
2. Skýrslur lögreglu.
3. Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar dags. 01.03. 1999.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var lögreglan send að Jórufelli 8 þar sem hún hitti fyrir ökumann A. Hann vísaði henni á bifreiðina A sem var með ákomu á vinstri hlið. Hann kvaðst hafa komið heim á bifreiðinni þá síðastliðna nótt. Þegar hann hafi ætlað að leggja bifreiðinni í stöðureit sem merktur er íbúð hans hafi bifreiðin B verið þar. Hann hafi “lagt bifreið sinni fyrir aftan” B og hafi svo tekið eftir ákomunni þegar hann vaknaði.

Lögreglan lætur þess getið að hugsanlega hafi B verið ekið aftur á bak og lent á A og ekið síðan áfram yfir grasið og svo á brott. “Greinileg hjólför voru í grasinu frá stöðureitnum þar sem “ B var lagt. Hæð í skemmd á A var 47-58 cm. Í framhaldi þessa upplýsir lögreglan um leit sína að B. Fram kemur m.a. að 16.11. sl. hafi hún fundið B í Vökuportu. Ákoma var á hægra afturhorni, hvítur litur var í ákomunni og hæðin upp í hana var 45-58 cm. Lögreglan getur þess að “liturinn og hæðin upp í ákomuna passar við þá sem er” á A. Lögreglan getur þess efnislega að þrátt fyrir leit hafi ekki náðs í grunaðan ökumann bifreiðarinnar.

Vátryggingafélag B telur að B hafi hugsanlega verið ekið aftur á bak og á A og ekið síðan áfram yfir grasið og svo á brott. Það getur einhliða fullyrðingar eiganda A um það með hvaða hætti tjón hefur orðið á bifreiðinni. Ekkert liggja fyrir um hver raunverulegur tjónvaldur hafi verið. Félagið getur skráðs eiganda B. Það telur að vísa beri málinu frá að svo stöddu.

**Álit.**

Þrátt fyrir að ekki sé fyrirliggjandi frásögn ökumanns B eða eiganda telur nefndin ekki forsendur fyrir því að vísa málinu frá. Fyrirliggjandi er afstaða vátryggjanda bifreiðarinnar og ekki verður annað ályktað en að andmælaréttar hafi verið gætt við afgreiðslu málsins.

Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að tjónið á A megi rekja til B. Samkvæmt 90. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber skráður eða skráningarskyldur eigandi (umráðamaður) vélknúins ökutækis ábyrgð á því og er fébótaskyldur skv. 88. – 89. gr. sömu laga. Nefndin telur nægjanlega upplýst að rekja megi tjónið á A til notkunar B í umrætt sinn.

Ökumaður A kveðst hafa lagt bifreið sinni fyrir aftan B vegna þess að B var lagt í merkt stæði íbúðar hans. Fyrirliggjandi gögn veita takmarkaðar upplýsingar um aðstæður á vettvangi. Nefndin dregur þá ályktun að akstursleið B hafi verið þrengd vegna þess hvernig A var lagt, m.ö.o. að B hafi verið gert erfitt fyrir með að yfirgefa umrætt stæði. Vegna þessa telur nefndin að ökumaður A beri nokkra ábyrgð á óhappi þessu.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber A 1/3 hluta ábyrgðar og B 2/3 hluta ábyrgðar.



**Niðurstaða.**

A ber 1/3 hluta ábyrgðar og B 2/3 hluta ábyrgðar.

Reykjavík 23. mars 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 33/1999**

**M eigandi bifreiðarinnar A**

**og**

**Vátryggingarfélagið V v/skilmála fjölskyldutryggingar v/reiðhjóls (B).**

**Árekstur bifreiðar og reiðhjóls á gatnamótum Álakvíslar og Straums þ. 24.8. 1998.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12.2. 1999.
2. Lögregluskýrsla dags. 24.8 og 14.10. 1999.
3. Yfirlitsblað frá V dags. 30.9.1998 og bréf dags. 18.2.1999.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.799/1998.
5. Ljósmyndir.
6. Uppdráttur tjónþola dags. 24.8.1999.

**Málsatvik.**

A var ekið Álakvísl að Straum og varð umferðarslys þegar drengur sem hjólaði gangstétt við Straum til vesturs og A lentu í árekstri. M segist hafa ekið að Straumi og stöðvað við gatnamótin til að líta eftir umferð og þegar hann hafi litið til hægri hafi hann séð til ferða B koma frá hægri og í hægri hlið A. á töluverðum hraða. Hafi B síðan lent á hægri hlið A og hafi stýri B stungist í gegn um rúðu á hægri hurð A. Vitni segir að drengurinn á B hafi hjólað ásamt öðrum dreng austur gangstéttina við Álakvísl fremur greitt að því er vitnið segir. Vitnið segist ekki hafa séð neitt óeðlilegt við akstur A. Drengurinn, sem var á B er fæddur í maímánuði 1987. Framburður drengsins, sem ók B liggur ekki fyrir í málinu og ekkert eftir honum haft, en drengurinn var fluttur af vettvangi í sjúkrabifreið. M krefur V um bætur úr fjölskyldutryggingu, sem aðstandendur drengsins eru með hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á, að um bótarétt fari eftir 88.gr. umfl. nr. 50/1987, en þar sé mælt fyrir um hlutlæga ábyrgð og óumdeilt sé, að slys drengsins á reiðhjólínu hafi orðið af völdum bifreiðar í notkun og telur V, að bótaréttur drengsins sé alger bæði hvað varðar slys og munatjón. V telur, að 3.mgr. 88.gr. eigi einungis við þegar ekki sé um slys að ræða og bótaréttur bíleiganda ráðist af því hvort bætur séu skertar skv. 2. mgr. 88.gr. umfl. V heldur því fram, að séu bætur til slasaðs ekki skertar vegna gáleysis sé ekki um að ræða bótarétt bíleiganda úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar. Þá telur V hæpið, að um eigin sök geti verið að ræða í tilviki þessu, en ef hún yrði talin vera fyrir hendi þá næmi hún í hæsta lagi 1/3 sakar. Þá heldur V því fram, að sú lagastefna hafi verið mörkuð með setningu gildandi umferðarlaga, að draga úr vægi eigin sakar í líkamstjónum, en mat á eigin sök í munatjónum ætti að vera óbreytt. Máli sínu til stuðnings vísar V til eftirfarandi dóma Hæstaréttar. 1997 bls. 829; 1991 bls. 426 og 1953 bls. 175.

**Álit.**

Slys það sem hér um ræðir verður vegna notkunar bifreiðarinnar A. Jafnvel þó að bifreiðin hafi verið stöðvuð þegar óhappið varð, þá ber A samt ábyrgð sbr. 1. mgr. 88.gr. umfl. þar sem bifreiðin er í notkun í venjulegum akstri. Drengurinn, sem ók reiðhjólínu B á því bótarétt vegna líkamstjóns síns úr tryggingu A. Spurning er hins vegar hvort að drengurinn á rétt á því að fá tjón á reiðhjól sínu bætt. Drengurinn sem slasaðist var 11 ára þegar slysið varð. Þrátt fyrir ungan aldur þykir hann hafa hagað akstri reiðhjólsins með þeim hætti, að ákvæði 3. mgr. 88.gr. umfl. eigi við í umræddu tilviki. Skv. 3. mgr. 88.gr. umfl. má lækka eða fella niður bætur fyrir tjón á munum ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi. Talið er sannað, að A hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð auk þess, sem að drengurinn hjólar nánast inn í miðja bifreiðina. Þykir því rétt miðað við aðstæður, að tjón á A

bætist úr fjölskyldutryggingu þeirri, sem aðstandendur drengsins höfðu hjá V, en ekki þykja efni til, að reiðhjólíð verði bætt úr tryggingu A.

**Niðurstaða.**

A ber ábyrgð á líkamstjóni drengsins sbr. 1. mgr. 88.gr. umfl. Tjón á A bætist úr fjölskyldutryggingu aðstandenda drengsins. Tjón á reiðhjólí drengsins bætist ekki af A.

Reykjavík 9.3. 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 36/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar (slysatrygging í frítíma).**

**Slys þann 12.07. 1998.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 17.02. 1999.
2. Bréf vátryggingafélagsins dags. 04.02. 1999.
3. Vátryggingaskírteini.
4. Vátryggingaskilmálar.
5. Tjónstilkynning dags. 06.10. 1998.
6. Skýrsla lögreglu.
7. Læknisvottorð dags. 22.11. 1998.
8. Útprentun slysadeildar vegna komu þangað 12.07. 1998.
9. Dómur Hæstaréttar 28.01. 1999 í máli nr. 209/1998.
10. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 01.03. 1999 þar sem hjálaga fylgdi eintak vátryggingaskilmála og ljósmyndir af aðstæðum þar sem slysið varð og upplýsingar um sjónvarpsdagskrá á tjónsdegi.
11. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 141/1999.

**Málsatvik.**

Slysið varð með þeim hætti að slasaði M (vátryggður), sem átti afmæli þennan dag og var ásamt nokkrum félögum sínum að eigin sögn að horfa á sjónvarpið, ákvað að fara upp á þak og laga loftnet en ekki tókst betur til en svo að hann féll niður og slasaðist. M var ölvaður, en óupplýst er hve ölvaður hann var. Hann telur sig eiga rétt á bótum. Hann fullyrðir að um mjög litla ölvun hafi verið að ræða. Slysið verði ekki rakið til ölvunar. Fullyrðingar um annað séu ósannaðar. M efast um að takmörkun á bótaskyldu sem fram kemur í 7. gr. skilmála vátryggingarinnar fái staðist 20. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. Í ákvæðinu komi fram að ekki megi takmarka ábyrgð frekar en við stórkostlegt gáleysi og ölaði. Hann telur að ekkert bendi til að svo hafi verið ástatt um slasaða.

Vátryggingafélagið lætur getið efnislegrar afstöðu sinnar í bréfi til nefndarinnar dags. 01.03. 1999. M.a. kemur fram að M hafi ekki tilkynnt félaginu um slysið fyrr en 06.10. 1998 eða tæpum 3 mánuðum eftir atburðinn og að hann hafi ekki séð ástæðu til að geta um ölvun í skýrslu sinni. Það hafi svo verið í vottorði læknis á slysadeild dags. 22.11. 1998 sem félagið fær fyrst upplýsingar um að hann hafi verið undir áhrifum áfengis og þá hafi félagið óskað eftir því að hann gæfi skýrslu hjá lögreglu. Í þeirri skýrslu játi hann að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, en ekki mikið. Félagið vísar til fyrirliggjandi ljósmynda af vettvangi. Það telur það stórkostlegt gáleysi að fara út á svo bratt þak, um nótt og undir áhrifum áfengis, sem útilokað sé að slysatrygging taki til. Félagið telur að jafnvel þótt hann hafi verið allsgáður þá megi færa sterk rök fyrir því að það hafi verið stórkostlegt gáleysi að fara út á þakið. Það vísar til 7. gr. skilmála og 18. gr. laga um vátryggingarsamninga og 21. gr. sömu laga. Félagið telur að M hafi vanrækt að tilkynna félaginu strax um atburðinn, hann hafi leynt mikilvægum upplýsingum við skýrslugjöf og ekki hirt um að láta rannsaka alkóhólmagn í blóði. Hann hafi verið sá eini sem hafi haft tök á að óska eftir slíku. Þar sem hann lét það hjá líða hljóti hann að bera sönnunarbyrði þar um. Félagið vísar og til 27. gr. sömu skilmála, sem óþarft er að geta efnislega í þessari umræðu.

**Álit.**

Í 2. mgr. 18. gr. laga um váttryggingarsamninga er þess getið að ef váttryggður hefur af vangá sinni valdið því að váttryggingaratburður gerðist og telja megi vangá hans stórkostlega eftir því, sem atvik lágu til, skuli úr því skorið hvort greiða skuli bætur og hve háar þær skuli vera eftir því hversu mikil sökin er og eftir öðrum atvikum.

Með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum telur nefndin að váttryggður hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að fara út á þakið. Nefndin telur að hann hafi fyrirgert rétti sínum til greiðslu bóta úr fjölskyldutryggingu.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð vegna fjölskyldutryggingar.

Reykjavík 30. mars 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 40/1999**

**M og  
Vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar smurstöðvar.**

**Líkamstjón þegar kona missteig sig á smurstöð í Reykjavík þ. 30.10. 1998.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 19.2.1999.
2. Lögregluskýrsla dags. 9.11.1998.
3. Bréf lögmanns málskotsaðila dags. 3.1.1999 og lögmannsumboð dags. 9.12.1998.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 60/1999.
5. Bréf V tryggingar dags. 25.11.1998, 4.1. 1999 og 1.3.1999.
6. Skýrsla smurstöðvarinnar ódagsett.
7. Tjónstilkynning dags. 7.11.1998.
8. Ljósmyndir.

**Málsatvik.**

Í tjónstilkynningu segir M, að hún hafi farið með bifreið sína í dekkjaskiptingu á tilgreindri smurstöð og hafi henni verið bent á að aka bifreiðinni upp á lyftu og þegar hún hafi stigið út úr bifreiðinni hafi hún misstigið sig á einhverju og dottið. Í lögregluskýrslu segir M, að hún hafi misstigið sig í öðru skrefi og dottið og fótbrotnað. Í skýrslu smurstöðvarinnar segir, að M hafi stigið út og hniگیð niður, en ekki hafi verið sjáanleg fyrirstaða á þeim stað sem M steig á hvorki olía vatn eða misfella. Tveir kubbar hafi verið á gólfinu en þeir ekki verið nálægt þeim stað sem að M steig á. Í bréfi lögmanns M segir, að M telji að slysið hafi orðið með þeim hætti, að hún hafi rekið sig í klossa, sem hafi legið á lyftu þeirri er bifreiðin ók upp á. Lögmaðurinn bendir á, að gera verði strangar kröfur til þeirra sem bjóða fram þjónustu sína og þeim beri að tryggja, að þeir komist út úr bifreiðum sínum án hindrana, en svo hafi ekki verið í umræddu tilviki. V. hafnar bótaskyldu og telur ekki að slysið verði rakið til sakar af hálfu smurstöðvarinnar eða starfsmanna hennar.

**Álit.**

Gera verður þá almennu kröfu til fólks, sem stígur út úr bifreiðum sínum, að það aðgæti aðstæður áður en það stígur út úr bifreiðinni. Hvað sem því líður, þá er ekki sannað í máli þessu, að M hafi misstigið sig af ástæðum, sem að smurstöðinni eða starfsmönnum hennar verður um kennt. Tjón þetta er því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu smurstöðvarinnar hjá V.

**Niðurstaða.**

Tjónið er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu smurstöðvarinnar hjá V.

Reykjavík 30.3.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 41/1999**

**M og  
Vátryggingafélagið V v/sjúkra- slysátryggingar.**

**Slys þegar maður féll af húsbaki á Laugavegi 22 í Reykjavík þ. 3. 8. 1998.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.19.2.1999.
2. Lögregluskýrsla dags 3.8.1998.
3. Læknisvottorð dags. 22.9.1998
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 28/1999.
5. Bréf V. dags. 5.10.1998, 29.12.1998 og 9.3.1999
6. Bótakrafa dags. 12.8.1998.
7. Áverkavottorð dags. 11.9.1998.
8. Ljósmyndir.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu segir, að M hafi sagst hafa verið að þrila yfir skilti sem hangir utan á skemmtistaðnum við Laugaveg 22 í um 3. metra hæð frá gangstéttinni þegar hann missti jafnvægið og datt og lá M á gangstéttinni og kvartaði um verk í fæti. Vitni að atburðinum segir, að M hafi verið að klifra yfir ofangreint skilti þegar hann virtist missa takið og dottið. Í læknisvottorði segir, að M hafi ekki borið merki ölvunar þó hann hafi játað að hafa neytt áfengis, en hann hafi tognað á hægri þumli og brotið hnéskei á hægri hné. M krefst bóta en V hafnar bótakröfu þar sem að um stórkostlegt gáleysi M hafi verið að ræða í umrætt sinn og vísar í því sambandi til 6. gr. vátryggingaskilmála sjúkra- og slysátryggingar sinnar.

**Álit.**

Fallast verður á það með V, að í umrætt sinn hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann klifraði upp á þak hússins Laugavegur 22 og á M því ekki rétt til bóta vegna þessa slyss úr sjúkra- og slysátryggingu sinni hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr sjúkra- og slysátryggingu hjá V.

Reykjavík 30.3. 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Guðmundur Pétursson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 43/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar hjólbarðaverkstæðis.**

**Vinnuslys þann 9.11.1995.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 22.2.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 196/1999.
3. Umsögn vinnueftirlits ríkisins ásamt ljósmyndum.
4. Bréf lögmanna málskotsaðila, dags. 17.12.1998 og 5.2.1999 (tvö bréf).
5. Bréf X, dags. 29.1.1999 og 8.2.1999.

**Málsatvik.**

M var við störf á hjólbarðaverkstæði H. Var hann ásamt þremur samstarfsmönnum að bera nýja bílalyftu inn á gólf verkstæðisins, þar sem fyrirhugað var að hún yrði staðsett til frambúðar. Um var að ræða lyftu til að lyfta fólksbifreiðum í litla hæð þannig að unnt væri að skipta um alla hjólbarða samtímis. Á lyftunni var ekkert fallöryggi og við burðinn dróst hún í sundur, en seig saman þegar hún var lögð á gólfið. M varaðist þetta ekki og var ekki nógu snöggur að kippa að sér hendinni að því er segir í umsögn Vinnueftirlitsins. Klemmdust vísifingur og langatöng hægri handar á milli með þeim afleiðingum að annar fingurinn brotnaði og hinn brákaðist. Í umsögn Vinnueftirlitsins segir ennfremur að orsök slyssins “virðist einkum mega rekja til þess að ekkert fallöryggi var á lyftunni eins og slasaði átti að venjast.” Þess háttar fallöryggi munu hafa verið á öðrum sams konar lyftum á verkstæði H.

Ekki liggur fyrir í gögnum málsins skýrsla eða sjálfstæð frásögn M af slysinu eða aðdraganda þess. Af hans hálfu er haldið fram að hann hafi unnið í stuttan tíma hjá H og vegna ónógrar verkstjórnar hafi honum ekki verið leiðbeint um rétt handtök, er hann tók á lyftunni til að bera hana inn á verkstæðið. M hafi unnið í stuttan tíma hjá H og gera verði ríkar kröfur til verkstjórnar, þegar M var falið að vinna við óvenjulegt verk eins og í umrætt sinn, sem hann hafði aldrei unnið áður. Þá hafi leiðbeiningar verkstjórans ekki verið fullnægjandi í ljósi þess að fallvörn var ekki til staðar á lyftunni.

Af hálfu tryggingafélagsins er haldið fram að M hafi unnið hjá H í 7 mánuði, er hann slasaðist og gerð lyftunnar hafi verið honum kunn í aðalatriðum. Er lyftunni lýst þannig að hún sé gerð úr tveimur “pöllum”, “efri” palli og “neðri” palli. Neðri pallurinn sér boltaður við gólfið en ofan á honum sé efri pallurinn og á milli þeirra loftþrúði sem þrýsti þeim í sundur. Þegar lyftan hafi verið flutt hafi enginn loftþrýstingur verið á henni og því hafi hún lagst saman er hún var lögð á gólfið. M hafi haldið með fingrum sínum fyrir innan brún efri pallsins og þeir klemmst á milli, þegar pallurinn nam við brún neðri pallsins. Samstarfsmenn hans hafi haldið við horn pallsins í “festingar gulra fleka” á lyftunni. Fingur þeirra hafi ekki komið inn fyrir brúnirnar og því hafi ekki skapast klemmihætta hjá þeim, er lyftan var lögð á gólfið. Verkið hafi verið einfalt og ekki sé hægt að finna að verkstjórn yfirmanna. Vinnubrögð M hafi verið óforsvaranleg og verði slysið rakið til eigin sakar M. Þá teljist það ekki hafa verið ágalli eða vanbúnaður að lyftan var ekki með fallvörn.

**Álit.**

Umrædd lyfta hefur verið skoðuð af hálfu nefndarinnar. Verkstjóri H var viðstaddur er skoðunin fór fram. Að hans sögn voru “flekar” á hornum pallsins ekki til staðar, þegar hún var borin inn á verkstæðisgólfið og slysið varð. Var því erfitt að festa hönd á lyftunni. Í viðtali við verkstjóra kom einnig fram að menn hafi gert sér grein fyrir því að lyftan seig



niður um það leyti sem þeir voru að leggja hana niður. Hafi þeir lyft henni upp aftur til að ganga úr skugga um hvort ekki væri allt með felldu varðandi búnað hennar, en lagt hana svo niður er ekkert fannst að henni. Þá hafi slysið orðið.

Ekki hefur verið sýnt fram á að lyftan hafi verið gölluð eða biluð, þegar slysið varð.

M var tæplega 21 árs gamall, er hann slasaðist, og hafði unnið á verkstæði H um nokkurra mánaða skeið. Hann átti að gera sér grein fyrir því að lyftan myndi leggjast saman, þegar hún var lögð á gólfið, og um leið skapast klemmihætta fyrir hann. Verður það rakið til gáleysis M að hafa ekki komið fingrunum undan brún lyftunnar áður en hún lagðist saman. Aðstæður voru hættulegar, þegar M og vinnufélagar hans lögðu lyftuna á gólfið. Var tilefni fyrir þann, sem verkinu stjórnaði, að gæta þess að allir, sem héldu undir lyftuna, væru samtaka í því að sleppa lyftunni til að koma eins og kostur var í veg fyrir klemmihættu. Á þessu varð misbrestur sem H ber ábyrgð á. Eftir atvikum þykir rétt að H beri ábyrgð á tjóni M að hálfu og M beri jafnframt tjón sitt að hálfu.

**Niðurstaða.**

H ber bótaábyrgð á tjóni M að hálfu.

Reykjavík, 6. apríl 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 47/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.**

**Vinnuslys við malarnám þann 03.12. 1996.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 26.02. 1999.
2. Lögregluskýrslur.
3. Umsögn Vinnueftirlits ríkisins 05.12. 1996 ásamt afriti ljósmynda.
4. Yfirlýsing dags. 15.10. 1998.
5. Slysátrygging Tryggingastofnunar ríkisins.
6. Bréf lögmans hins slasaða til vátryggingafélagsins dags. 26.10. 1996.
7. Bréf vátryggingafélagsins dag. 21.12. 1996 til lögmans slasaða.
8. Bréf vátryggingafélagsins dags. 09.03. 1999 þar sem hjálaga fylgdi tjónstilkynning, bréf félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna og ljósrit úr fundargerð tjónanefndar.
9. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1072/1998.

**Málsatvik.**

Hinn slasaði (M), starfsmaður V, vann í malarnámi fyrirtækisins umræddan dag í Bolöldu við Vífilfell. Þegar slysið varð var hann að vinna við að harpa frosinn sand í Power Screen hörpu (m.a. við færiband). Öryggishlíf við drifbúnað hafði var skilin eftir opin til að hreinsa sand í rúllum án þess að færibaldið væri stöðvað. M mun hafa runnið til í hálfu og borið fyrir sig vinstri hönd með þeirri afleiðingu að vettlingur festist milli kerils og færibands þannig að höndin klemmdist og meiðsl hlutust af.

M heldur því fram að vinnuveitandi sinn beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans. Fyrirtækið hafi húsbóndavald á háttsemi starfsmannsins P, sem þarna var, sem sagður er hafa skilið öryggishlífina eftir opna, auk þess sem hann telur að fyrirtækið beri ábyrgð á grundvelli sakar þar sem M hafi verið sendur til vinnu við hörpuna án þess að honum hafi verið leiðbeint um réttar starfsaðferðir og að ekki hafi verið tryggt að ekki myndaðist hálka umhverfis hörpuna.

Vátryggingafélagið lætur þess m.a. getið að vinnuveitandi M hafni skaðabótaábyrgð og að M eigi sjálfur sök á því að slysið varð, þar sem öryggishlífar hafi átt að vera lokaðar og að ekki megi hreinsa rúllur færibandsins með það er í gangi. M hafi átt að sjá fyrir hættuna af því að vinna verk sitt með öryggishlífar opnar. Hann hafi haft starfsreynslu við jarðvinnuvélar þegar hann hafi verið ráðinn til starfsins vorið 1996. Þá er haft eftir vinnuveitanda M að P hafi verið sjálfstæður verktaki við tækjastjórnun.

**Álit.**

Nefndin telur að M beri meginábyrgð á slysinu vegna eigin sakar. Hann var 47 ára að aldri þegar slysið varð og með starfsreynslu af vélarvinnu. Hann mátti gera sér grein fyrir þeirri hættu sem fyrir hendi var og að gæta þurfti aukinnar aðgæslu við vélinu. Ekki er upplýst að kvartað hafi verið undan þeirri starfsaðstöðu sem fyrir hendi var.

Þegar tekið er mið af röksemdafærslu lögmans M og þeirrar hættulegu vinnuástöðu sem fyrir hendi var, telur nefndin að vinnuveitandi M beri nokkra ábyrgð á tjóni M. Það er óviðundandi að skilja öryggishlífar vinnuvéla eftir opnar og ósannað er að M beri ábyrgð á því að öryggishlífin var skilin eftir opin.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirbyggjandi gögnum ber M 2/3 hluta ábyrgðar og vinnuveitandi hans 1/3 huta.

**Niðurstaða.**

Vinnuveitandi M ber 1/3 hluta ábyrgðar vegna máls þessa og M ber 2/3 hluta tjóns síns vegna eigin sakar.

Reykjavík 6. apríl 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 51/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar álfélags.**

**Vinnuslys í álveri þann 12.03. 1997,**  
**ágreiningur um skaðabótaábyrgð.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 02.03. 1999.
2. Skýrslur lögreglu ásamt afriti ljósmynda.
3. Ódagsett umsögn Vinnueftirlits ríkisins ásamt afriti ljósmynda.
4. Læknisvottorð dags. 06.11. 1997.
5. Örorkumat dags. 02.12. 1998.
6. Bréf lögmanns slasaða til álfélagsins dags. 21.12. 1998.
7. Bréf vátryggingafélagsins til lögmanns slasaða dags. 14.01. 1999.
8. Bréf vátryggingafélagsins til álfélagsins dags. 13.01. 1999.
9. Bréf álfélagsins til vátryggingafélagsins dags. 04.02. 1999.
10. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 229/1999.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum lenti M, starfsmaður álfélagsins, í vinnuslysi á trésmíðaverkstæði álversins. Hann var að vinna við að saga fals í enda á spýtu og var spýtan upp á rönd. Þegar M hóf að saga spýtuna hrökk hún til þannig að vinstri hönd hans lenti á sagarblaðinu með þeirri afleiðingu að fjóra fingur tók af.

Álitaefnið er m.a. hvort vinnuveitandi M sé skaðabótaskyldur vegna þess tjóns sem M varð fyrir.

Málskotsaðilinn (M) og lögmaður hans halda því fram m.a. að álverið beri skaðabótaábyrgð á vinnubrögðum starfsmanna sinna samkvæmt sakarreglu og ólögfestri húsbóndareglu íslensk skaðabótaréttar. Þá sé og vísað til strangra reglna skaðabótaréttarins. Telja verði að vinnuáðstæður M hafi verið óforsvaranlegar og hættulegar og eftirlit og tilsögn hafi verið ófullnægjandi og röng. Yfirmenn álversins hafi gerst sekir um gáleysi. Fram kemur m.a. að öryggishlíf hafi ekki verið á söginni þegar sagaður sé fals í spýtur með þeim hætti sem M gerði. Ástæða þess að öryggishlíf var ekki á söginni mun vera sú að ekki sé hægt að saga fals með hjólsöginni þegar hlífin er á henni. Yfirmönnum M hafi verið um það kunnugt. Engu að síður hafi M verið uppálagt að vinna verkið á þennan hátt, sem hafi haft verulegu hættu í för með sér fyrir hann. Álverið beri því skaðabóta-ábyrgð á tjóni M, sem sé afleiðing þessa verklags. Yfirmönnum álversins hafi borið að sjá til þess að vinnuáðstæður og vinnutilhögun væru forsvaranlegar og þannig háttáð að ekki stafaði hætta af þeim fyrir aðra starfsmenn. Þá hafi yfirmönnum borið að sjá til þess að aðeins væru notaðar vélar og tæki sem ætluð eru til þeirrar vinnu sem unnin var með þeim. Sögin sem M vann með hafi ekki verið sérstaklega ætluð til að saga fals sbr. ódagsetta skýrslu Vinnueftirlits ríkisins. Þá er og bent á að afar þröngt hafi verið um M á trésmíðaverkstæðinu. Vitnað er til umfjöllunar lögreglu þess efnis að ljósmynd sýni “vettvang og sjá má að þarna er þessu smíðaverkstæði troðið í smá afmarkað bil á vélaverkstæði”. Fram kemur og að þrátt fyrir starfsreynslu M sem húsasmiður hafi hann ekki verið í aðstöðu til að hafa áhrif á verktilhögun eða val á vinnutækjum að þessu leyti. Þá er þess og getið að Hæstiréttur hafi staðfest í dómum sínum að það verði ekki metið starfsmönnum til sakar að hafa unnið við óforsvaranlegar aðstæður á vinnustað. Þá kemur fram að það væri óeðlilegt að gera þá kröfu til M að hann hætti hreinlega vinnu vegna þess að vinnuveitandinn útvegaði ekki nauðsynleg tæki til vinnunnar. Til hliðsjónar máli sínu er vísað

til tiltekinna dóma Hæstaréttar þ.e. Hrd. 1974: bls. 905, Hrd. 1975: 494, Hrd. 1977: 1244, Hrd. 1990: 128, Hrd. 1991: 707, Hrd. 1993: 961 og Hrd. 1994: 2071.

Í ódagsettri umsögn Vinnueftirlits ríkisins kemur m.a. fram að eftirlitið hafi leitað álits sérfróðra manna í trésmiðagreinum um hvort hér hafi rétt verið staðið að verki. Fram hafi komið “að verk það sem hér er lýst sé algengt að framkvæma í hjólsög þegar aðrar og þá sérhæfðar vélar eru ekki tiltækar, sem var í þessu tilfelli.” Eftirlitið telur að orsök slyssins verði helst rakin til þess að sagarblaðið virðist hafa slegið tréð úr vinstri hendi slasaða og að ekki hafi verið til staðar sérhæfð vél, sem hæft hefði umræddu verki betur.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Efnislega lætur það þess getið að i) sök vinnuveitanda sé hafnað. Ekki sé unnt að finna að aðbúnaði hins slasaða. Öryggishlífin hafi verið tekin af vegna hins tiltekna verks. Það vísar til skýrslu Vinnueftirlits ríkisins varðandi aðfinnslur við notkun á hjólsög til verksins, þar sem “velt er upp sjónarmiðum um forsvaranlegt verklag.” Algengt sé að hjólsög sé notuð með þessum hætti. ii) Að ekki sé unnt að áfella yfirmenn hins slasaða fyrir að treysta manni með 33 ára starfsreynslu að leysa verkið af hendi á öruggan hátt. iii) Hinum slasaða hafi mátt sjá fyrir hvaða hættur fylgdu verkinu. Hann hafi áratuga reynslu af vinnu, útskrifaðist sem meistari í trésmiði árið 1971 og hafi áratuga reynslu af vinnu við trésmiðavélar. Hann sé þaukunnugur vélinni og að hann hafi tekið öryggishlífina af henni. Það hafi staðið honum næst að meta hættuna sem fylgdi verkinu. Hann hafi ekki sýnt næga aðgæslu og verði að þeim sökum að bera tjón sitt sjálfur.

### Álit.

Fyrirliggjandi gögn gefa til kynna að tjónsatburð máls þessa megi rekja til ófullnægjandi vinnuáðstöðu, sem augljós slysaþætta stafaði af og jafnframt til eigin sakar M.

M er trésmiður að mennt með áratuga starfsreynslu. Honum mátti vera ljóst hve hættulegt það var að vinna við að saga fals í spýtu við þessar aðstæður þ.e. með því að notast við hjólsög án öryggishlífar. Ósannað er að kvartað hafi verið undan aðstæðum eða því verklagi sem starfsmönnum var gert að vinna við.

Nefndin telur að þrátt fyrir eigin sök slasaða verði að líta til þess að honum hafi ekki verið boðið upp á aðra verktilhögun. Staðfest hefur verið að unnt er að fá sérhæfðari vinnuvélar til að vinna verk sem þetta og að hinum slasaða hafi ekki verið útveguð öruggari vinnuáðstæða er raun ber vitni. Nefndin telur að rekja megi slysið til ófullnægjandi vinnuáðstöðu og þeirrar augljósu slysaþattu sem fyrir hendi var. Breytir ekki framanrituðu þó fagmanni hafi verið gert að vinna það verk sem hér um ræðir.

Þegar tekið er mið af framanrituðu, fyrirliggjandi gögnum og framkvæmd dómstóla telur nefndin að vinnuveitandi M beri bótaábyrgð sem nemur helmingi af tjóni M og að skerða beri réttarstöðu M sem nemur helmingi vegna eigin sakar.

### Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi sem nemur helmingi af tjóni M, en M ber helming tjóns síns vegna eigin sakar.

Reykjavík 6. apríl 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 53/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar húseiganda/vinnuveitanda.**

**Ágreiningur um bótaábyrgð vegna slyss í stiga í húsi A þann 14.2.1997.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 4.3.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1073/1999.
3. Skýrsla lögreglu af málskotsaðila, dags. 13.8.1997.
4. Bréf Vinnueftirlits ríkisins, dags. 18.7.1997.
5. Bréf yfirverkfræðings hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík ásamt teikningu.
6. Tjónstilkynning málskotsaðila til tryggingafélagsins, dags. 18.8...
7. Bréf K hdl., dags. 13.11.1998.
8. Bréf X, dags. 27.11., 7.12. og 21.12.1998 og 9.3.1999.

**Málsatvik.**

M, starfsmaður A, var á leið niður stiga í húsnæði A, sem liggur frá kaffistofu starfsmanna á 2. hæð að forstofu á jarðhæð. Í lögregluskýrslu lýsir M atvikum þannig að hann hafi verið á hraðferð niður stigann og stokkið yfir tvær tröppur, en runnið svo á þeirri er hann sté á í framhaldi af því. Við það hafi hann hrasað í tröppunni og runnið á bakinu niður stigann u.þ.b. 4-5 tröppur. Hann hlaut m.a. tognunaráverka í baki og brjós-klos að því er segir í lögregluskýrslu.

Í bréfi Vinnueftirlitsins segir að samkvæmt þeim athugunum, sem það hafi gert, telji það ekki ástæðu til að gera athugasemdir við smíði stigans. Hann sé smíðaður úr furu og lakkaður með glæru lakki. Þá segir að líklegt sé að ryksöfnun í þrepum stigans geti aukið á hálfu og muni eftirlitið því gera kröfu um að á þrep stigans verði sett sett efni sem komi í veg fyrir hálfu.

Í bréfi yfirverkfræðings byggingarfulltrúans í Reykjavík kemur fram að stiginn hafi verið mældur að hluta og hann hafi ekki reynst vera samkvæmt samþykktum aðaltekningum né ákvæðum reglugerðar og auk þess ekki öll þrep jafnbreið sem “skiptir hér verulegu máli”.

**Álit.**

Aðstæður voru kannaðar á vettvangi af hálfu nefndarinnar. Stiginn er alls 13 þrep og í honum er 90° beygja. Í sjálfri beygjunni eru 4 þrep og fyrir ofan hana eru 4 þrep, en 5 þrep fyrir neðan. Efsta þrepið er nokkru mjórra en önnur þrep stigans. Er breidd efsta þrepsins rúmí 20 cm, en annarra um 28 cm. Slysið verður ekki rakið til þess að efsta þrepið er að þessu leyti frábrugðið hinum þrepunum. Handrið er meðfram stiganum á hægri hönd, þegar gengið er niður, og verður ekki annað séð en það sé í eðlilegri hæð og eigi að nýtast þeim sem um stigann fara. Eðlilegum göngutakti er haldið, þegar gengið er um stigann. Að þessu virtu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að slys M verði rakið til þess að stiganum hafi að einhverju leyti verið áfátt. Eins og atvikum var háttað þá verður heldur ekki talið sannað að slysið megi rekja til hálkumyndunar í stiganum, sem A verður kennt um. Telst A því ekki bera fébótaábyrgð á líkamstjóni M. Tjón hans fæst því ekki bætt úr frjálsri ábyrgðartryggingu sem A hafði keypt hjá X.

**Niðurstaða.**

A ber ekki bótaábyrgð á tjóni M og það fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 6. apríl 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 54/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/almennrar slysatryggingar.**

**Ágreiningur um réttarstöðu í framhaldi af líkamstjóni þann 19.11. 1998.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 08.03. 1999.
2. Læknisvottorð dags. 01.03. 1999.
3. Bréf sjúkrahjálfara dags. 19.02. 1999.
4. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 18.03. 1999.
5. Tjónstilkynning dags. 15.12. 1998.
6. Áverkavottorð.
7. Vátryggingaskilmálar slysatryggingar.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 120/1999.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum var M að vinna að bústörfum, að lyfta kálfi, er hann fékk skyndilega verk í hægri upphandlegg. Í áverkavottorði er þess getið að skoðun hafi sýnt að hann hafi fengið rupturu á löngu sin tvíhöfða vöðvans í hægri upphandlegg.

Vátryggingafélagið vísar til þess að vátryggingin greiði bætur vegna slyss er sá sem vátryggður er verður fyrir. Með orðinu “slys” sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Félagið telur að meiðsl M verði ekki rakin til utanaðkomandi atburðar svo sem tilskilið er í vátryggingaskilmálum. Það hafnar bótaábyrgð þar sem ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Læknisvottorð lætur þess m.a. getið að um sinaslit hafi verið að ræða “sem verður við átaksverk hjá bónda, sem er að öðru leyti hraustur, að frátöldum minni háttar slitgigtarónotum. Það verði því að álykta, að umrædd veikindi sjúklingsins séu atvinnutengd.”

M vísar til fyrirbyggjandi gagna þar sem slys sé nánar útskýrt af lækni og sjúkrahjálfara. Hann lætur þess og getið m.a. að þegar hann hafi keypt umrædda vátryggingu hafi honum verið tjáð að vátryggingin næði yfir nánast öll slys sem ekki stöfuðu af sjúklegu ástandi. Það ástand hafi læknir staðfest að er ekki fyrir hendi. Hann telur að hann hafi orðið fyrir slysi.

**Álit.**

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum fékk M skyndilega verk í hægri upphandlegg er hann lyfti nýfæddum kálfi upp í stú. Tjónstilkynning getur þess að slysið hafi borið að í vinnutíma og með þeim hætti að M hafi “verið að taka á móti nýfæddum kálfi og koma honum fyrir í stú”. Með hliðsjón af framanrituðu og vátryggingasviði umræddrar slysatryggingar hefur ekki verið sýnt fram á að líkamsmeiðsl M megi rekja til atburðar sem fellur undir vátryggingasvið tryggingarinnar. Ekki hefur verið sýnt fram á að meiðslin megi rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Vegna þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi. Það að vátryggður meiðist við það eitt að lyfta hlut hefur ekki verið talið falla undir hugtakið slys í merkingu þeirrar slysatryggingar sem hér um ræðir.



**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð vegna þeirrar slysatryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 6. apríl 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 56/1999**

**M og  
Vátryggingafélagið V v/frjálsrar ábyrgðartryggingar.**

**Slys þegar maður slasaðist á hendi við að koma hlut inn í bifreið þ. 25.11. 1996.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 9.3.1999.
2. Lögregluskýrsla dags. 25.11.1996 og 21.10.1997
3. Bréf lögmanns M dags. 25.11.1996 og lögmannsumboð dags. 6.11.s.á.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 120/1998.
5. Tjónstilkynning dags. 27.5.1997.
6. Bréf V dags. 28.5.1997, 18.7 og 8.9.s.á., 6.2.1998 og 19.3.1999.
7. Ljósmyndir
8. Bréf vátryggingartaka til V ódags.

**Málsatvik.**

M segist hafa klemmt sig á hægri hendi og tók framan af þumalfingri. M segist hafa verið að setja vagn sem notaður er til að aka með kvikmyndavél upp í bifreið, en vagninn tók M á leigu og hafi stýribúnaður á vagninum gengið til og við það hafi slysið orðið. Í tjónaskýrslu segir M, að hjólabúnaður að framan hafi snúist með framangreindum afleiðingum. Starfsmaður leigusala vagnsins segir, að M hafi tekið í hjólabúnað vagnsins og hafi hjólabúnaðurinn snúist með þessum afleiðingum. Starfsmaðurinn segist ekki hafa þekkt sérstaklega til vagnsins og því ekki bent M á neinn sérstakan stað til að lyfta honum.

**Álit.**

Lögmaður M krefst bóta úr frjálsri áb.tryggingu eiganda vagnsins hjá V. Lögmaður M segir starfsmann leigusala ekki hafa gert M viðvart um hversu hættulegum eiginleikum vagninn hafi verið búinn, en hjólin að aftan geti gengið til hægri eða vinstri og myndist hálfgerð skæri ef hjólabúnaðurinn færir til. Af hálfu V er því haldið fram, að slysið verði hvorki rakið til vanbúnaðar vagnsins, sakar af starfsmanna leigusala eða annarra atvika og af þeim sökum hafnar V bótskyldu.

Ekkert liggur fyrir um það, að vagn sá, sem hér um ræðir hafi verið vanbúinn að einhverju leyti. Hætta getur verið fólgin í því, að halda um hjólabúnað vagns í tilviki sem þessu eins og kom í ljós. M mátti og átti að vera ljós sú hætta. M á af framangreindum ástæðum ekki rétt til bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu leigusala vagnsins hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu leigusala vagnsins hjá V.

Reykjavík 13.4.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 57/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vélknúinnar vinnuvélar.**

**Ágreiningur um bótaábyrgð vegna líkamstjóns sem varð þegar unnið var við niðurrif á veggstúf gistiheimilis í Búðardal 30.10. 1992.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 09.03. 1999.
2. Skýrslur lögreglu.
3. Tilkynning um vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins.
4. Tjónstilkynning til vátryggingafélagsins dags. 27.11. 1992.
5. Læknisvottorð dags. 09.11. 1992, 27.11. 1992, 15.12. 1992, 06.01. 1993, 27.01. 1992, 03.03. 1993.
6. Beiðnir um örorkumat og læknisvottorð.
7. Örorkumat dags. 28.10. 1998.
8. “Spurningar og svör eiganda vinnuvélarinnar ... spurningar og svör tjónvalds.”
9. “Svör vinnufélaga” tjónþola við spurningum vátryggingafélagsins.
10. Greinargerð lögmanns tjónþola til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna dags. 15.01. 1999.
11. Bréf vátryggingafélagsins til lögmanns tjónþola dags. 11.01. 1999 og 28.01. 1999.
12. Bréf vátryggingafélagsins til úrskurðarnefndar dags. 22.03. 1999.
13. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 123/1999.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn geta málsatvika. Þess skal getið til upplýsingar að M (tjónþoli) varð fyrir því óhappi að veggstúfur sem brjóta átti féll niður á vinstri fót hans. Þetta gerðist þegar unnið var gistiheimili í Búðardal.

M og lögmaður hans halda því m.a. efnislega fram að stjórnandi vinnuvélarinnar sem notuð var hafi einn ráðið því hvernig vélin vann og hversu mikinn slagkraft armur hennar gaf við niðurbrot veggstúfsins á þakbrúninni, þegar veggstúfurinn lenti á M. M vísar sér ekki undan því að hann hafi tekið að sér umrætt verk, ásamt félaganum sínum, en hann telur að stjórnandi vinnuvélarinnar beri og ábyrgð á því hvernig fór. M fylgdist með vélinni og gaf stjórnanda hennar fyrirmæli um að banka létt í vegginn og það gerði hann í fyrstu, en síðan hafi stjórnandi vélarinnar sett “feiknarkraft í síðasta höggið, sem olli slysatburði þeim sem um er rætt.” Hann hafi ekki farið að fyrirmælum sem honum höfðu verið gefin. Fram kemur að M hafi fylgst með verkinu en ekki getað gert ráð fyrir því að slíkur kraftur yrði settur í höggið.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Efnislega telur það að ekki hafi verið sýnt fram á sök stjórnanda vinnuvélarinnar. Hann hafi notið verkstjórnar M. Vegna staðsetningar M á þaki hússins hafi M verið sá eini sem gat sagt fyrir um það hvernig haga átti höggum á vegginn. Stjórnandi vélarinnar hafi ekki haft yfirsýn yfir þakið þaðan sem hann var staðsettur. Það hafi verið M sem ákvað þá aðferð sem notuð var, “í stað þess að toga hann niður með gröfunni líkt og gröfustjórinn vildi” sbr. meðfylgjandi gögn. Félagið vekur athygli á því að um sé að ræða lærdan húsamið með a.m.k. 18 ára starfsreynslu. Hann hafi staðið við vegginn er hann hafi gefið fyrirmæli um hvernig átti að brjóta. Hann hafi sett sjálfan sig í óhjákvæmilega hættu sem hann beri ábyrgð á.

Að öðru leyti er vísað til fyrirliggjandi gagna.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaskyldu stjórnanda vinnuvélarinnar. Nefndin telur að rekja megi tjónsatburð máls þessa til eigin sakar M. Hann er með starfeynslu sem trésmiður og hann hafði verkstjórn. Hann átti að gæta aukinnar aðgæslu og halda sig í hæfilegri fjarlægð í umrætt sinn. Ekki hefur verið sýnt fram á að stjórnandi vinnuvélarinnar hafi farið út fyrir þau fyrirmæli sem gefin voru.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð vegna umræddrar ábyrgðartryggingar.

Reykjavík 13. apríl 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 58/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið V v/B  
og  
Vátryggingafélagið Y v/fjölskyldutryggingar.**

**Tjón á sófa þegar maður ældi á hann þ. 02.04. 1997.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ.10.3.1999.
2. Bréf V dags. 29.3.1999.
3. Tjónstilkynning dags. 21.7.1997.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 751/1997

**Málsatvik.**

M segist hafa fengið magakveisu þegar hann var í heimsókn og hafi hann ælt yfir brúnan leðursófa og sitji stórir og ljótir blettir eftir í sófanum eftir þetta atvik og krefst M bóta vegna þessa úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu á þeim forsendum, að tjónið hafi hlotist af óhappi, sem að M verði ekki um kennt og beri hann því ekki skaðabótaábyrgð á tjóninu.

**Álit.**

Umrætt óhappatilvik verður að sögn M kl. 1 um nótt. Í málskoti segir M, að hann hafi veikst og hafi ekkert verið við það ráðið. Í málinu er ekki sýnt fram á sök M þannig, að um bótaskyldu V geti verið að ræða úr fjölskyldutryggingu M hjá V.

**Niðurstaða.**

Tjónið er ekki bótaskyldt úr fjölskyldutryggingu M hjá V.

Reykjavík 13.4. 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 65/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ N.**

**Ágreiningur um bætur úr húftryggingu (kaskótryggingu) bifreiðar.**

**Gögn.**

1. Málskot móttekið 18.3.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 825/1997.
3. Rannsóknargögn lögreglunnar í Kópavogi (skjöl nr. 1-3 og 5-10).
4. Bréf Ó dags., 12.8.1997.
5. Dómur Héraðsdóms Reykjaness í máli ákærvaldsins gegn Ó.
6. Bréf X, dags. 1.3.1999 og 10.4.1999.

**Málsatvik.**

Að kvöldi sunnudagsins 11. maí 1997 um kl. 20:37 var bifreiðinni N ekið á ljósastaur á Smiðjuvegi í Kópavogi. Ljóst þótti að bifreiðin hafði snúist á veginum og lenti hægra afturbretti hennar á ljósastaurnum. Þá datt hægra afturhjól undan bifreiðinni. M er eigandi bifreiðarinnar og hefur krafist bóta úr húftryggingu hennar. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Er lögregla kom á vettvang var bifreiðin yfirgefin. Vitni gáfu sig fram á vettvangi og kváðu þrennt, tvo karla og eina konu, hafa hafa komið út úr bifreiðinni og horfið á brott. Einn karlmaður hafi farið í norður frá bifreiðinni og tvennt hafi gengið suður Smiðjuveg. Tvennt, A og B fundust í biðskýli við Smiðjuveg 68. Þau voru þá bæði ölvuð og framburður þeirra sagður hafa verið ruglingslegur. Lögregluskýrslur voru teknar af þeim daginn eftir. Sambýlismaður M, Ó, 42 ára gamall, lá undir grun um að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Hann var handtekinn af lögreglu á heimili sínu skömmu síðar og reyndist þá vera ölvuður. Kl. 22:50 var tekið úr honum blóðsýni og kl. 22:55 var tekið úr honum þvagsýni. Áfengismagn í blóði hans mældist 1,68 0/00 og í þvagi 2,34 0/00.

Fyrir liggja skýrslur af tveimur vitnum, er komu á vettvang skömmu eftir slysið. Þeir gátu ekkert borið um það hver hafi ekið bifreiðinni. Annar kvað mann þann, er gekk til norðurs frá bifreiðinni, hafa verið dökkhærðan með herraklippingu, um 180 cm á hæð og samsvarað sér vel. Hann hafi verið í dökkum buxum og blárrí létrri sumarúlpu með rennilás. Hitt vitnið kvað sama mann hafa verið dökklæddan.

A kvaðst hafa verið ásamt B á veitingahúsi í Tryggvagötu, er hún hafi hitt Ó og bróður hans, en hún hafi ekki þekkt þá fyrir. Bróðir Ó hafi um kl. 19:00 ekið þeim að veitingahúsi í Ármúla, þar sem þau hafi verið í smá tíma. Þá hafi verið ákveðið að Ó æki þeim A og B heim. Hafi B setið í hægra framsæti og hún verið í aftursæti. Ó hafi ekið bifreiðinni. Á leiðinni hafi hún fundið að bifreiðin hafi lent á einhverju. Fyrir dómi bar A ekki kennsl á Ó sem ökumann bifreiðarinnar í umrætt sinn. Þá kvað hún B hafa hitt mann á veitingastaðnum í Ármúla og hafi sá boðist til að aka þeim heim. A taldi ökumanninn ekki hafa verið undir áhrifum áfengis; í öllu falli hafi hún ekki séð hann drekka. A kvaðst ekki hafa séð manninn áður en fundum þeirra bar saman í veitingahúsinu eða eftir að þau skildu á Smiðjuvegi eftir slysið.

Fyrir lögreglu og fyrir dómi staðhæfði B að Ó hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Samkvæmt lögregluskýrslu voru þau A og B að flýta sér heim og hafi Ó ætlað að aka þeim. Honum hafi ekki fundist neitt að aksturslagi Ó, en fundist hann aka fullgreitt. Hann hafi sjálfur verið að stilla segulband í bifreiðinni og ekki vitað fyrr en högg kom á bifreiðina. Hann hélt að Ó hafi

ekki verið ölvaður þótt hann þyrði ekki að fullyrða það. Fyrir dómi kvaðst B á hinn bóginn vera sannfærður um að Ó hafi ekki verið ölvaður, er hann ók bifreiðinni í umrætt sinn.

Ó hefur neitað að hafa ekið bifreiðinni þá er atburðir gerðust. Hann kvaðst hafa farið á bifreiðinni N í Ármúla og skilið hana þar eftir. Bróðir hans hafi ekið honum niður í miðbæ og aftur til baka í Ármúla, þar sem hann hafi farið inn á veitingastað. Þar hafi hann drukkið “ca. hálfan bjór”. Einnig hafi hann hitt þar B og konu með honum, sem hann þekkti ekki. Ekki vissi hann hvað klukkan var, þegar hann yfirgaf veitingastaðinn, en hann hafi farið á undan B. Þá hafi hann tekið eftir að N var horfin, en taldi að sambyliskona sín, M, hafi komið og tekið bifreiðina. Hann hafi því gengið af stað áleiðis heim til sín í Grafarvog, en hjá Nesti á Ártúnshöfða hafi hann tekið leigubifreið, sem hafi ekið honum heim. Á leiðinni að Nesti kvaðst hann hafa drukkið heilan pela af vodka sem hann hafi ætlað að drekka um kvöldið. Hann kvaðst hafa verið í dökkum buxum og svörtum bol, en ekki muna í hvaða jakka hann hafi klæðst, en sennilega hafi það verið ljósgrænn jakki.

Þrjú vitni, sem eru sögð hafa fylgst með ferðum N á Smiðjuvegi, báru ekki kennsl á Ó fyrir dómi sem annan þeirra karlmanna, sem hafi verið í bifreiðinni. Eitt þessara vitna staðhæfði að sá mannanna, sem hélt á brott af vettvangi, hafi verið á aldrinum 20-30 ára.

Staðfest hefur verið að leigubifreið sú, er Ó tók við Nesti, var pöntuð þangað kl. 21:17. Leigubifreiðarstjóri sá, er ók Ó, kvað að hann hafi verið “helgarþreyttur”, en hann hafi ekki fundið af honum áfengisþef.

#### **Álit.**

Ó hefur eindregið neitað að hafa ekið N, þegar henni var ekið á ljósastaur á Smiðjuvegi í Kópavogi að kvöldi 11. maí 1997. Aðeins B staðhæfir að Ó hafi ekið bifreiðinni, en hann hafi þó ekki verið ölvaður. Önnur vitni, þ.e. A og þau vitni sem komu á vettvang í þann mund sem óhappið varð, báru ekki kennsl á Ó. Af vitnisburði þeirra verður því ekki fullyrt að Ó hafi ekið bifreiðinni. Öðrum vitnum er ekki til að dreifa í málinu. Þótt fyrir því séu talsverðar líkur að Ó hafi ekið N í téð sinn og valdið tjóninu undir áhrifum áfengis þykja líkurnar samt sem áður ekki vera alveg nægar þannig að fyrir því sé lögfull sönnun gagnvart M. Telst því óupplýst hver hafi ekið bifreiðinni. Að því marki sem atvik teljast upplýst í málinu verður við það að miða að N hafi verið stolið og skemmdir á henni orðið undir þeim kringumstæðum. Ekki hefur verið verið sýnt fram á að M hafi í tengslum við tjónsatburðinn brotið gegn skilmálum félagsins eða að öðru leyti sýnt af sér slíka hegðan að leiði til skerðingar á bótarétti hennar. Fær hún því tjón sitt bætt úr húftryggingu bifreiðarinnar.

#### **Niðurstaða.**

Tjón á bifreiðinni N telst bótaskyldt úr húftryggingu (kaskótryggingu) bifreiðarinnar.

Reykjavík, 27. apríl 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

**Mál nr. 68/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags.**

**Umferðaróhapp á Eiríksgötu í Reykjavík suðvestan Skólavörðustígs þann 13.2.1999.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 13.2.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 259/1999.
3. Lögregluskýrsla.
4. Símbréf frá embætti gatnamálastjóra ásamt uppdráttum.
5. Ljósmyndir
6. Bréf X, dags. 7.4.1999.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið upp Skólavörðustíg og beygt til hægri suðvestur Eiríksgötu. Var þá bifreiðinni ekið á jarðfast rör á umferðareyju á miðri götunni. Rörið var notað sem festing fyrir umferðarmerki, þ.e. tvö akbrautarkerki. Það stóð um 20 cm upp úr umferðareyjunni. Umferðarmerkin lágu á gangstétt við Eiríksgötu, þegar lögreglu bar að og kvað ökumaður A að þar hefðu merkin legið, er hann ók á rörið. Við óhappið urðu skemmdir á olíupönnu A og olía lak af bifreiðinni. Óhappið varð að nóttu til. Þá var myrkur og rigning og blautt færi. Götulýsing er sögð hafa verið góð.

Eigandi A krefst þess að Reykjavíkurborg bæti það tjón sem varð á A í umrætt sinn. Tryggingafélagið hefur hafnað bótum, m.a. þar sem starfsmönnum Reykjavíkurborgar hafi ekki verið kunnugt um að skiltið hafi verið ekið niður og ennfremur sé hönnun skiltisins eða umferðareyjunnar ekki með þeim hætti að bótaábyrgð verði felld á Reykjavíkurborg.

**Álit.**

Samkvæmt gögnum málsins verður að leggja til grundvallar að umferðarskiltið hafi verið ekið niður áður en A var ekið á rörið. Hönnun umferðareyjunnar er með þeim hætti að hún er eins konar tunga út úr upphækkun eða hraðahindrun á götunni. Lóðréttur kantur, sem aðeins er örfáir cm á hæð, afmarkar umferðareyjuna frá akbrautinni. Í myrkri og þegar sjálft umferðarmerkið er ekki til staðar er örðugra en ella fyrir ökumenn að gera sér grein fyrir mörkum umferðareyjunnar. Umrætt rör, sem stóð 20 cm upp úr umferðareyjunni, skapaði hættu fyrir þau ökutæki er leið áttu um götuna við þau skilyrði sem þarna voru í umrætt sinn. Verður óhappið að nokkru leyti rakið til þessa. Sýnt þykir að ökumaður A ók að nauðsynjalausu of innarlega á götunni og hefði hann í akstri sínum sýnt þá varkárni, sem af honum mátti krefjast, hefði hann átt að geta varast rörið. Telja verður að skort hafi næga varkárni af hans hálfu og á hann einnig nokkra sök á óhappinu. Eftir atvikum þykir rétt að hann beri sök að hálfu og Reykjavíkurborg beri ábyrgð á tjóninu að hálfu.

**Niðurstaða.**

Reykjavíkurborg bæti tjón á A að hálfu.

Reykjavík, 27. apríl 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 71/1999**

**M  
og**

**Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns.**

**Vinnuslys við fall af palli vöruflutningabifreiðar þann 18.10. 1993.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 23.03. 1999.
2. Skýrslur lögreglu.
3. Læknisvottorð dags. 25.02. 1997, 29.12. 1993.
4. Umsagnir Vinnueftirlits ríkisins dags. 11.06. 1997, 18.10. 1993.
5. Örorkumat dags. 17.05. 1996.
6. Bréf lögmans M til vátryggingafélagsins dags. 13.08. 1997 og 21.01. 1998.
7. Afrit Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2541/1996, dags. 14.11. 1996.
8. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 06.04. 1999, þar sem hjálagt fylgdi bréf félagsins til lögmans M dags. 16.01. 1998.
9. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 364/1999.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum stöðvaði M flutningabifreið sína við Fóðurstöð Suðurlands á Selfossi. Hann var með mjöl í 50 kg pokum. Taka átti bretti af palli bifreiðarinnar með lyftara. Þegar átti að fara að taka brettin, sá M einn poka sem hafði aflagast þannig að hann mundi eyðileggjast ef lyftarinn tæki brettið. Brá hann sér því upp á pallinn. Hann tók pokann í fangið og ætlaði að lyfta honum upp á næsta bretti. Þá kveðst hann “hafa rekið sig einhvers staðar í með þeim afleiðingum að hann steig eitt skref aftur á bak og féll við það aftur af bifreiðinni með pokann í fanginu og kom niður á hægri hlið og skall með hægri hendi niður á malbikað planið” þannig að meiðsl hlutust af.

Í framburðarskýrslu ökumanns lyftarans kemur fram að hann hafi séð þegar M lyfti pokanum, “var eins og hann missti jafnvægið og féll aftur fyrir sig og lenti á planinu fyrir aftan bifreiðina.” Hann telur að M hafi í alla staði staðið eðlilega að þessu verki og að nauðsynlegt hafi verið að laga pokann á brettinu til að hann rifnaði ekki og að ekki hafi verið unnt að gera það á annan hátt en fara upp á pallinn.

Vinnueftirlit ríkisins lætur þess getið að slysið hafi ekki verið tilkynnt eftirlitinu fyrr en 10 dagar voru liðnir frá slysdegi. Í niðurstöðu þess segir að “ekki voru viðhöfð eðlileg vinnubrögð.”

Lögmaður M lætur þess m.a. efnislega getið að dómur hafi gengið um ökumannsábyrgð í svipuðum tilvikum. Vátryggingafélag hafi verið dæmt greiðsluskylt samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í málskotseyðublaðinu er getið dóms Hæstaréttar í máli 1995/1727 þar sem losun og lestun bifreiðar var talinn eðlilegur þáttur í notkun hennar. Ökumaður í því máli var að losa gaffloku á palli með þeim afleiðingum að hluti farmsins hrundi yfir ökumanninn þannig að hann slasaðist. Fallist var á bótaskyldu vegna ökumannstryggingar. Hann telur það mál sem hér er til umræðu nánast eins og framangreindur dómur. Bifreiðin hafi verið í venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið og að ökumaðurinn hafi verið að störfum við stjórn hennar í skilningi 92. gr. umfl. Hann vekur og athygli á Héraðsdómi Reykjavíkur í máli E-2541/1996 þar sem vátryggingafélagið hafi fallist á sjónarmið dómsins um greiðsluskyldu í sambærilegu máli. Með því hafi félagið fyrir sitt leiti skapað fordæmi sem það eigi að fylgja því önnur niðurstaða myndi skapa verulega mismunun.

Vátryggingafélagið telur að nefndur dómur Hæstaréttar í máli 1995/1727 takmarki notkun gildissvið slysatryggingar ökumanns við notkun bifreiðar eins og notkunarhugtakið hafi verið skýrt varðandi hina hlutlægu ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umfl. Í því máli hafi ökumaðurinn verið að vinna við stjórn tæki bifreiðarinnar. Félagið vekur athygli á orðalagi í dómi

Hæstaréttar sem óþarft er að geta í þessari málsatvikalýsingu. Félagið telur að í því máli sem hér liggja fyrir hafi aðstæður verið aðrar. M hafi ætlað að lagfæra mjölsekk á palli bifreiðarinnar sem var kyrrstæð. Hann hafi ekki verið að fást við stjórnþæki bifreiðarinnar eða á annan hátt að stjórna bifreiðinni, er hann slasaðist. Slysið verði með engu móti rakið til notkunar bifreiðarinnar. Bótaskylda verði því ekki leidd af umræddum dómi Hæstaréttar frá 1995. Félagið lætur og getið nefnds dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. E-2541/1996 “sem af sérstökum ástæðum hafi ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar.” Félagið telur að það mál sé óviðkomandi því máli sem hér er til umræðu. Félagið mótmælir því áliti lögmanns M að félagið hafi skapað fordæmi með því að hafa unað nefndum héraðsdómi. Félagið telur “að héraðsdómurinn sé rangur og hann hafi ekki neitt fordæmigildi...” Því til áréttingar vísar félagið til dóms Hæstaréttar í máli 1997/3287 þar sem ökumaður kyrrstæðrar bifreiðar féll til jarðar og slasaðist í þann mund sem hann steig út úr bifreið sinni. Í dómi Hæstaréttar komi fram að fordæmi réttarins um skýringu á 92. gr. umfl. séu á þá leið að skilyrði greiðsluskyldu séu þau að ökumaður hafi orðið fyrir slysinu við stjórnun ökutækisins og jafnframt að slysið verði rakið til notkunar í skilningi 88. gr. umfl. Þar sem för ökumannsins tengdist ekki stjórnun bifreiðarinnar og “hlaust hvorki af akstri bifreiðarinnar né af sérstökum búnaði hennar eða eiginleikum sem ökutækis og flutningabifreiðar og hlaust því ekki af ökutæki í notkun” féll slysið utan gildissvið slysatryggingar ökumanns. Félagið telur að M hafi ekki verið við stjórnun bifreiðarinnar í umrætt sinn og að slysið hafi ekki orðið af akstri bifreiðarinnar eða sérstökum búnaði hennar eða eiginleikum sem ökutækis eða flutningabifreiðar. Skilyrðum til að fella slysið undir slysatryggingu ökumanns skv. 92. gr. umfl. sé því ekki fullnægt.

### Álit.

Það slys sem hér um ræðir varð á árinu 1993. Samkvæmt þágildandi 92. gr. umferðarlaga átti vátryggingin að gilda fyrir hvern þann ökumann sem tækinu stjórnar og tryggja bætur vegna slyss sem ökumaður varð fyrir “við starfa sinn.” Með tilkomu laga nr. 32/1998 um breyting á umferðarlögum nr. 50/1987 var gefin fyllri skilgreining á gildissviði slysatryggingar ökumanns. Er þess getið að vátryggingin skuli tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. sömu laga.

Dómstólar hafa á síðustu árum nokkrum sinnum fjallað um ágreining um bótaskyldu vegna slyss á ökumanni og dæmt ökumanni eða aðstandendum bætur í þeim tilvikum sem slysið á ökumanninum varð vegna aðgerða hans við ökutækið og tengt stjórnun þess og/eða búnaði. Þrátt fyrir umfjöllun dómstóla má fullyrða að nokkur réttaróvissa hafi ríkt varðandi gildissvið slysatryggingar ökumanns.

Sú réttaróvissa sem ríkt hefur um gildissvið slysatryggingar ökumanns, einkum vegna tjónsatburða sem urðu fyrir tilkomu nefndra laga nr. 32/1998, undirstrikar mikilvægi þess að huga að málsatvikum hverju sinni. Við afgreiðslu máls þessa hefur nefndin og hugað að fyrri afgreiðslum úrskurðarnefndar þar sem reynt hefur á gildissvið slysatryggingar ökumanns.

Eftirfarandi dómur Hæstaréttar komu til álita við afgreiðslu máls þessa þ.e. Hrd. 15.06. 1995 nr. 11/1993, gafflokudómurinn, Hrd. 23.03 1995 nr. 369/1992 þar sem ökumaður fékk höfuðáverka við fall úr flutningabifreið, Hrd. 24.10. 1996 nr. 329/1995, hjólbarðadómurinn, Hrd. 18.01. 1996 varðandi snjóruðningstæki og snjóflóð og Hrd. 13.11. 1997 nr. 47/1997, sem nefndur hefur verið, þar sem ökumaður féll úr bifreið. Í þessari umræðu má og vísa til málskots til úrskurðarnefndar nr. 142/1997, sem fjallar um réttarstöðu ökumanns sem slasaðist er hann rann til í mól eftir að farþega hafði verið hleypt út úr bifreið hans. Það slys var ekki rakið til notkunar ökutækis eða starfs ökumanns. Þá má og vísa til málskots nr. 193/1998, þar sem fallist var á bótaskyldu vegna slyss ökumanns sem féll úr bifreið sinni er hann reyndi að halda í hurð bifreiðar sinnar sem hafði fokið upp. Loks má vísa til málskots nr. 43/1997 þar sem fallist var á bótaskyldu slysatryggingar ökumanns vegna tjónsatburðar við uppskipun er hluti farms féll á ökumann bifreiðar.

Í niðurstöðu Hæstaréttar 13.11. 1997 (nr. 47/1997) er þess efnislega getið að fordæmi Hæstaréttar um skýringu á gildissviði 92. gr. umferðarlaga hafi verið á þá leið að skilyrði greiðsluskyldu úr vátryggingunni séu þau að ökumaður hafi orðið fyrir slysinu við stjórnun

ökutækisins og jafnframt að slysið verði rakið til notkunar þess í skilningi 88. gr. sömu laga. Í því máli skrikaði ökumanni fótur er hann var að fara úr kyrrstæðri bifreið sinni. Hann þurfti vegna hæðar stýrishúss að fara aftur á bak niður tvö þrep. Í niðurstöðu meirihluta Hæstaréttar var greiðsluskyldu hafnað. Í álitni dómsins segir m.a. að ökumaðurinn “var að fara út úr bifreiðinni án þess að sú för hans væri tengd nokkru því sem varðaði stjórnun hennar. Bifreiðin var kyrrstæð en aflvél hennar í gangi. Slysið hlaut hvorki af akstri bifreiðarinnar né af sérstökum búnaði hennar eða eiginleikum sem ökutækis og flutningabifreiðar og hlaut því ekki af vélknúnu ökutæki í notkun.” Í álitni minnihlutans segir m.a. efnislega að ökumaðurinn hafi verið að sinna venjulegu erindi ökumanns á ferð hennar, þegar hann féll og slasaðist. Þessi athöfn verði ekki skilin frá starfa hans við stjórn ökutækisins sem verið hafi í notkun í skilningi 92. gr. og 1. mgr. 88. gr. umfl. Þá segir og að það megi og “rekja til gerðar ökutækisins að slys hans varð alvarlegt”.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2541/1996 voru málsatvik á þann veg að ökumaður vöruflutningabifreiðar féll af palli bifreiðarinnar er hann var að hagræða farmi hennar. Í dómsniðurstöðu er þess getið að lestun og losun vörubifreiðar þ.m.t. að hagræða farmi sé þáttur í notkun hennar og þar með eðlilegur hluti af starfi vörubifreiðastjórans. Slysátryggingu ökumanns sé ætlað að tryggja bætur vegna slyss sem ökumaður kann að verða fyrir við starfa sinn. Ökumaðurinn hafi slasast “við starf sitt sem ökumaður” og því var fallist á bótaskyldu. Ósagt skal látið hvers vegna vátryggingafélagið áfrýjaði ekki nefndum dómi en sem fyrr segir telur félagið að það mál feli ekki í sér fordæmi við afgreiðslu þess máls sem hér er til umræðu.

Nefndin telur að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-2541/1996, skapi ekki fordæmi við afgreiðslu þess máls sem hér er til umræðu. Í dómi Hæstaréttar frá 13.11. 1997 var, sem fyrr segir, hafnað bótaskyldu vegna slyss á ökumanni er féll úr bifreið sinni. Nefndin telur að það mál sé ekki sambærilegt því máli sem hér er til umræðu. Í tilviki M var hann við starfa sinn sem ökumaður flutningabifreiðarinnar, fallast má á það sjónarmið að lestun og losun flutningabifreiðar þ.m.t. að hagræða farmi, sé þáttur í notkun hennar og eðlilegur hluti af starfi bifreiðastjórans. Með tilliti til frásagnar M, fyrirbyggjandi gagna og þeirrar réttaróvissu sem gilt hefur um gildissvið slysátryggingar ökumanns, telur nefndin að umrætt slys verði rakið til gerðar og notkunar flutningabifreiðarinnar og starfa ökumannsins í skilningi 92. gr. og 88. gr. umferðarlaga. Vegna þessa er fallist á bótaskyldu. Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu M vegna eigin sakar.

#### **Niðurstaða.**

Bótaskylda er fyrir hendi samkvæmt slysátryggingu ökumanns.

Reykjavík 4. maí 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Guðmundur Pétursson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

**Mál nr. 72/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið V v/A og B  
og frjálsrar áb.tr. sveitarfélags.**

**Umferðaróhapp á Kaupvangsstræti á Akureyri þ. 3.11. 1997.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 23.3. 1999.
2. Lögregluskýrslur dags. 3.11.1997, 13.5.1998 og upplýsingaskýrsla ódags.
3. Bréf V. dags. 8.4.1999.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1091/1997

**Málsatvik.**

A ók vestur Kaupvangsstræti á steiptan stöpul sem var á miðri akreininni. Þegar óhappið varð var snjócoma og akbraut blaut þannig að stöpullinn sást illa. Stöpullinn hafði verið settur nokkru ofar í götunni ásamt fleiri merkingum vegna gatnagerðarframvæmda þar. Ökumaður A segist ekki hafa tekið eftir stöplinum fyrr en hann var um meter frá honum vegna slæmst skyggis og þess að litur stöplulsins hafi fallið inn í blauta götuna og ekki tekist að stöðva. Ökumaður B segir, að hann hafi umræddan dag ekið austur Kaupvangsstræti á plaststólpa en síðan hafi komið mikið högg á B en hann haldið áfram og stöðvað B nokkru neðar í götunni. Ökumaður B segist síðan hafa farið út úr og séð steinstólpa hægra megin við B ásamt rauðum plaststólpum og hafi hann losað þetta frá B og farið af vettvangi. Steinstólpinn hafi verið um einum metra frá gangstéttarbrúninni úti á götunni og hafi hann ekki getað fært hann vegna þess hvað hann var þungur. Lögreglu barst ekki tilkynning um umferðaróhapp B og steinstöpull væri á miðri götunni.

**Álit.**

Krafist er bóta úr ábyrgðartryggingu B vegna þess að bifreiðinni hafi verið ekið á steinkeilu sem við það hafi færst úr stað og verið skilin eftir á miðri akrein. V hafnar bótaskyldu og telur ekki sambandi á milli þess, að B hafi ekið á steinkeilu og að A hafa ekið á sömu steinkeilu nokkru síðar. Ökumaður B ók á steinkeilu og færði hana út á götuna og skyldi hana þar eftir án þess að gera tilraun til að færa hana úr akstursleið eða láta vita af veru hennar á miðri akreininni. Umferðaróhapp A orsakast af því, að B hafði með akstri sínum fært umrædda steinkeilu úr stað og út á akstursleið bifreiðar við þær aðstæður sem áður greinir. Umferðaróhapp A stafar því af akstri B og er beint orsakasambandi þar á milli. Þá ber B fulla sök á því, að umferðaróhappið var þar sem að ökumaður gerir hvorki tilraun til að fjarlægja steinkeiluna af götunni né lætur vita af henni þar.

**Niðurstaða.**

Tjón A bætist úr ábyrgðartryggingu B

Reykjavík 27.4.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 83/1999**

**M  
og**

**Vátryggingafélagið X v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Slys þann 25.5.1993, er unnið var við að koma járnplötum fyrir í gámi.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 30.3.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1005/1998.
3. Lögregluskýrsla ásamt ljósmyndum af vettvangi.
4. Eftirlitsskýrsla og umsögn Vinnueftirlits ríkisins ásamt tilkynningu um vinnuslys.
5. Greinargerð málskotsaðila, dags. 15.9.1998.
6. Bréf vinnuveitandans, dags. 23.10.1998.
7. Bréf X, dags. 16.10.1998, 29.10.1998, 25.11.1998 og 14.4.1999.

**Málsatvik.**

M vann ásamt öðrum samstarfsmanni sínum við að setja stóra járnplötu (um 2 x 3,5 m að stærð) í skúffugám í flugskýli á Keflavíkurlflugvelli. Plötunarför höfðu verið losaðar af flugskýlishurðum m.a. með því að nota skurðarskífur. Plötunum var komið fyrir í með því að renna þeim inn í gáminn (skúffuna), þar sem þær stöfluðust upp hver ofan á aðra. Vegna fyrirstöðu skekkist platan og vinstri lönd M klemmdist á milli gámsins og plötunnar með þeim afleiðingum að fremsta hluta litlafingurs tók af.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að ekkert hafi verið óeðlilegt við vinnubrögð og starfshætti. Þokkalegar aðstæður hafi verið á slysstað. Engin tæki hafi verið notuð við verkið. M hafi verið með tvö vettlinga til að varast skurði af hvössum brúnum. Vinnueftirlitið gerði ekki athugasemdir við vinnubrögð starfsmannanna.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns, er hafði umrætt verk með höndum. Byggist krafa hans helst á því að unnið hafi verið í bónusvinnu og álag hafi því verið talsvert. Þá hafi þeir verið undirmannaðir þann dag er slysið varð og verkstjóri hafi ekki verið á staðnum. Einnig hafi lyftari ekki verið notaður við að lesta gáminn. Tryggingafélagið hefur neitað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

**Álit.**

M er vélvirki að mennt og var 31 árs gamall er slysið varð. Hann mátti gera sér ljósa grein fyrir í hverju verkið var fólgið, sem hann vann við, er hann slasaðist. Ekki hefur verið sýnt fram á að slysið megi rekja til mistaka við verkstjórn, vanbúnaðar, saknæmrar háttsemi af hálfu annarra starfsmanna eða annarra atvika, sem vinnuveitandi hans getur borið félbótaábyrgð á. Verður því ekki á það fallist að M fái tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns.

**Niðurstaða.**

Tjón M er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda hans hjá X.

Reykjavík, 4. maí 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 95/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ líftryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr líftryggingu fiskimanna á smábátum.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16.4.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 576/1996.
3. Ljósrit af skipstjóraskírteini, dags. 20.5.1981.
4. Kaupsamningur varðandi mótorbátinn J, dags. 21.12.1994.
5. Minnisblað starfsmanns X frá 31.1.1995.
6. Bréf S, dags. 24.2.1995.
7. Samrit húf- og áhafnatryggingarskírteinis fyrir J tímabilið 1.2.95-31.12.95, dags. 23.2.1995.
8. Skilmálar fyrir líftryggingu fiskimanna á smábátum.
9. Kaupsamningur varðandi J frá 15.3.1995 (en dags. 15.3.1994).
10. Bréf E, dags. 25.9.1995.
11. Staðfesting Hagstofu Íslands á dánardegi, dags. 29.9.1995.
12. Viðskiptayfirlit frá X, dags. 24.11.1995.
13. Tvö yfirlit (afreikningar) frá Reiknistofu fiskmarkaða hf.
14. Yfirlit úr greiðslumiðlunarsjóði.
15. Yfirlit yfir færslur frá Landssambandi smábátæigenda.
16. Yfirlit um löndunar- og uppboðsdaga á afla úr J.
17. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 20.7.1995, 6.9.1995, 2.10.1995, 21.3.1997 og 4.6.1999.
18. Bréf X, dags. 26.2.1996, 17.5.1999 og 14.6.1999.

**Málsatvik.**

Með kaupsamningi, dags. 21.12.1994, keyptu E og H mótorbátinn J, sem er 4,99 brt. dekkadur trefjaplastbátur. Þann 31.1.1995 leitaði A, faðir E, eftir vátryggingum vegna útgerðar bátsins hjá X. Samkvæmt samriti áhafnatryggingarskírteinis, dags. 23.2.1995, hafði m.a. verið keypt líftrygging fiskimanna fyrir tímabilið frá og með 31.1.1995 til og með 31.12.1995. Grundvöllur iðgjaldaútreiknings voru tveir skipverjar allt tímabilið. Skírteinið var skráð á nafn E. Þann 6.2.1995 lést A. Þann 15.3.1995 seldu E og H bátinn.

Með bréfi dags. 20.7.1995 var af hálfu M, eftirlifandi eiginkonu A, krafist bóta úr líftryggingunni. Í málskoti segir að forsenda bátakaupanna hafi verið sú að A myndi róa með bátinn sem skipstjóri. A hafi haft skipstjórnarréttindi og stundað útgerð og skipstjórn til fjölda ára. Hann hafi því haft mikla reynslu af rekstri og skipstjórn, en þeir E og H enga. Í þessu skyni hafi A sagt upp sínu fyrri starfi frá og með 30.12.1994. Fyrri eigandi bátsins hafi átt að róa bátinum út febrúar 1995, en A til frambúðar eftir það. Eftir febrúar, þegar fyrri eigandi myndi hætta, kæmu E og H inn í staðinn og myndu að róa til skiptis, en A væri skipstjóri og færi alla túra. A hafi strax hafið störf við útgerðina og m.a. gengið frá tryggingum hjá X. Slæmt tíðarfar hafi verið í febrúar 1995 og því ekkert róið. Sama kvöld og A veiktist hafi hann rætt við fyrri eiganda um að nú gætu þeir farið að róa.

Af hálfu M er því haldið fram að A hafi verið í skipsrúmi á J, þegar hann lést 6.2.1995, og þá hafi umrædd líftrygging verið í gildi. Vátryggingarskírteini hafi fyrst verið gefið út þann 23.2.1995 og samkvæmt viðskiptayfirliti frá X þann 24.11.1995 hafi tryggingin verið í gildi til 24.3.1995, en þá hafi X fellt hana niður einhliða. Eftir að vátryggingaratburður verður geti

félagið ekki felld trygginguna niður með þeim afturvirka hætti að það sé ekki greiðsluskýlt. Félaginu hafi átt að vera ljóst að iðgjaldagreiðslur myndu berast því í gegnum Landssamband smábátæigenda í samræmi við ákvæði laga nr. 17/1976 um greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa. X hafi hins vegar ekki krafið Landssambandið um iðgjöldin og er það hugðist skila fénu hafi það fyrir mistök verið sent nýjum eiganda bátsins.

X hefur hafnað bótaskyldu úr umræddri líftryggingu. Það telur váttryggingarskírteini hafa verið gefið út við töku tryggingarinnar. Iðgjaldið hafi hins vegar ekki verið greitt og tryggingin því fallið niður með vísan til ákvæða í skilmálum sem ber yfirskriftina “Gildistaka - iðgjaldagreiðsla”. Ekki hafi verið um uppsögn að ræða því tryggingin hafi í raun aldrei tekið gildi þar sem iðgjald hafi ekki verið greitt. Við innheimtu iðgjalda gagnvart Landssambandi smábátæigenda sé það fyrirkomulag viðhaft að félagið krefjist þeirra fjórum sinnum á ári. Á árinu 1995 hafi þau fyrst verið krafín þann 11.4.1995. Þann 15.3.1995 hafi X hins vegar fengið tilkynningu um að E og H hefðu selt J. Samkvæmt upplýsingum X frá Landssambandi smábátæigenda bærust ekki greiðslur til þess vegna E og því engin merki þess að J hafi verið í útgerð á hans vegum. Þá telur X að A hafi ekki verið ráðinn í skipsrúm á J, er hann hann lést. Samkvæmt yfirlýsingu frá fyrri vinnuveitanda A og launaseðli sé ljóst að A hafi verið starfsmaður fyrri vinnuveitanda á umræddum tíma, þar sem hann hafi fengið síðast greidd laun fyrir tímabilið 29.1.1995-4.2.1995, en A lést tveimur dögum síðar.

#### Álit.

Telja verður óumdeilt í málinu að keypt hafði verið áhafnatrygging hjá X þann 31.1.1995 vegna útgerðar J og að tryggingin hafi m.a. falið í sér líftryggingu fiskimanna. Aðila greinir hins vegar á um það hvort tryggingin hafi fallið úr gildi frá upphafi vegna vanskila á iðgjaldi. Einnig er um það deilt hvort A hafi verið ráðinn í skipsrúm J, er hann lést þann 6.2.1995 þannig að eftirlifandi maki, M, eigi rétt til bóta úr líftryggingunni.

Í almennum skilmálum fyrir líftrygginguna segir m.a. í ákvæðum undir yfirskriftinni “Gildistaka - iðgjaldsgreiðsla” að váttryggingin gildi frá þeim tíma sem tilgreindur sé í váttryggingarskírteini. Þá segir að fyrsta iðgjald falli í gjalddaga þann dag, sem váttryggingin taki gildi, sé eigi um annað samið. Þá segir ennfremur í skilmálunum að ábyrgð félagsins sé lokið, ef fyrsta iðgjald er eigi greitt, þegar þess er krafist, en þá kröfu megi í fyrsta lagi gera á gjalddaga. Þessi ákvæði eru í samræmi við ákvæði 1. mgr. 14. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Samkvæmt 17. gr. laganna getur félagið ekki samið um, svo gilt sé, að dráttur á greiðslu iðgjalds hafi í för með sér harðari kosti fyrir váttryggingartaka eða váttryggðan en segir m.a. í 14. gr. Í fyrirliggjandi samriti váttryggingarskírteinis fyrir áhafnatrygginguna kemur fram að tryggingin gildi frá 31.1.1995. Þá verður að telja, að með því fyrirkomulagi, sem viðhaft var við innheimtu iðgjalda gagnvart Landssambandi smábátæigenda á árinu 1995, hafi af hálfu X verið samið um greiðslufrest á iðgjaldinu í samræmi við uppgjörskerfi Landssambandsins. Iðgjald vegna J var fyrst krafið þann 11. apríl 1995. Þegar A lést hafði iðgjaldið því ekki verið krafið. Í ljósi áðurgreindra ákvæða í skilmálum, sbr. og 14. og 17. gr. vsl., var áhafnatryggingin og þar með líftryggingin þá í gildi. Án tillits til þess hvernig síðar tókst til með heimtu iðgjaldsins hafði X hvorki heimild í skilmálum eða lögum til að fella trygginguna úr gildi frá upphafstíma hennar eða öðru því tímamarki þannig að hún hafi ekki verið í gildi á dánardægi A.

Í skilmálum hinnar umdeildu líftryggingar segir að líftryggðir séu váttryggingartaki, sem fiskar á eigin bát, og/eða fiskimenn, sem ráðnir eru í skipsrúm hjá váttryggingartaka á báti þeim sem tilgreindur er á váttryggingarskírteininu. Ber að skilja ákvæði þetta svo að fiskimaður þarf að hafa hafið störf í skipsrúmi báts svo hann teljist vera líftryggður. Engin gögn liggja fyrir í málinu, eins og t.d. skriflegur ráðningarsamningur, sem staðreyna að A hafi tekið til starfa sem skipverji á J áður en hann lést. A lést 6 dögum eftir töku váttryggingarinnar. Lögheimili hans var þá að bænum K í Norður - Þingeyjarsýslu. Nefndin hefur ekki verið upplýst um banamein A, heilsufar hans síðustu dagana fyrir andlátið eða dvalarstað hans, er hann lést. Samkvæmt yfirliti Reiknistofu fiskmarkaða hf. um löndunar- og uppboðsdaga á afla úr J var

afla landað úr bátum í Sandgerðishöfn þann 7.2.1995, þ.e. daginn eftir andlát A. Verður samkvæmt þessu að ætla að J hafi verið á veiðum a.m.k. þann 7.2. Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki séð að staðið hafi til að A færi í þá veiðiferð. Þegar litið er til þessa og hversu skammur tími leið frá töku tryggingarinnar uns A lést þykja ekki nægar sönnur hafa verið færðar á að A hafi verið ráðinn í skipsrúm J í skilningi fyrrgreinds ákvæðis skilmálanna þannig að M eigi rétt til bóta úr líftryggingunni. Verður X því ekki gert að greiða M bætur úr líftryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr líftryggingu áhafnartryggingar J hjá X eftir mann sinn, A, sem lést 6.2.1995.

Reykjavík, 29. júní 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 100/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar á A**

**Tjón á prentvél þ. 20.2. 1999.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 21.4.1999 ásamt bréfi dags. 20.2.1999.
2. Tjónstilkynning dags. 24.2.1999.
3. Bréf V. dags. 9.4. og 3.5.1999.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 365/1999.
5. Tæknilegar upplýsingar og teikningar svo og afstöðumynd.

**Málsatvik.**

Skv. tjónstilkynningu segist ökumaður flutningabifreiðarinnar A hafa ekið með tvær prentvélar fyrir M. Ákveðið var að fá kranabifreið til að koma prentvélunum út úr bifreiðinni og inn í hús og ók ökumaður þá bifreiðinni frá innkeyrsludyrum á jafnsléttu við umrætt hús og stöðvaði bifreiðina. Ökumaður segist nokkru síðar hafa verið að taka til í bifreiðinni, losað festar og týnt út lausa hluti, en skömmu síðar hafi bretti sem var undir skurðhníf brotnað og við það hafi komið slynkur á bifreiðina og prentvél sem í henni var oltið um koll. M heldur því fram, að það geti ekki verið rétt, að tjónið hafi orðið með þeim hætti, sem lýst er í tjónstilkynningu og bendir á að bílstjóri flutningabifreiðarinnar sé einn til frásagnar um það, sem hafi skeð og setur síðan fram tilgátu um með hvaða hætti það hafi átt sér stað. M krefst bóta vegna tjónsins á prentvélinni með vísan til 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V hafnar bótaábyrgð úr ábyrgðartryggingu flutningabifreiðarinnar þar sem að tjónið verði ekki rakið til notkunar ökutækisins sbr. 88.gr. umferðarlaga. Um tjónsatvik vísar V til skýrslu ökumanns, sem rakin er hér að framan.

**Álit.**

Ekki virðist ágreiningur um það, að flutningabifreiðin hafi verið kyrrstæð og slökkt á vél hennar. Þó að ágreiningur sé um það með hvaða hætti tjónið varð, þá virðist sá ágreiningur vart eiga við varðandi úrlausn um það, hvort að M eigi rétt á tryggingarbótum úr ábyrgðartryggingu A með vísan til 88.gr. umferðarlaga. Þar sem ekki er ágreiningur um að tjónið varð þegar umrædd bifreið var kyrrstæð og dautt á vél hennar, þá liggur fyrir, að tjónið verður ekki fært undir 88.gr. umferðarlaga með vísan til þess og annarra atvika og á M því ekki rétt á bótum á þeim grundvelli.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A

Reykjavík 26.5.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 102/1999**

**M og  
Vátryggingafélagið V v/A og  
Vátryggingafélagið Y v/ábyrgðartryggingar hests.**

**Umferðaróhapp á Hvammsvegi á móts við Nautaflatir í Ölfusi þ. 12.3. 1999.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 23.4.1999 ásamt bréfi dags. 6.4.1999.
2. Lögregluskýrsla dags. 22.3.1999.
3. Símbref eiganda hests dags. 15.2.1999.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 230/1999.

**Málsatvik.**

M segist hafa ekið bifreiðinni A á um 80 km. hraða á Hvammsvegi á móts við Nautaflatir í Ölfusi og ekið á hest með þeim afleiðingum, að hesturinn drapst. M segir, að þetta hafi atvikast þannig, að hesturinn hafi stokkið upp á veginn hægra megin við A og í veg fyrir A með framangreindum afleiðingum, en auk þess hafi A skemmst við umferðaróhappið. M segir lausagöngu stórgripa þ.á.m. hrossa bannaða í Ölfusi og hafi svo verið um árabíl og hafi bannið verið virt að mestu leyti af bændum, sem búi í Ölfusi, en öðru máli gegni um þá sem búsettir séu t.d. í Reykjavík. M. segist þekkja vel til þessara mála þar sem hann er hreppstjóri. Umrætt hross hafi verið í eigu manns í Reykjavík og hafi það verið á lausagöngu ásamt fleirum í einhverja daga áður en óhappið varð. Eigandi hestsins segist koma á jörð sína í Ölfusi þrisvar í mánuði til að fylgjast með hestunum, sem þar eru, en tengdadóttir hans fari flesta daga.

**Álit.**

Eigandi hestsins sem drapst í umferðaróhappinu getur um það í bréfi sínu hvernig eftirliti með hestum hans er hátað. Eigandi hestsins getur þess hins vegar ekki að varsla hesta hans sé með fullnægjandi hætti þannig að virt sé bann við lausagöngu hesta í Ölfushreppi þar sem umferðaróhappið varð. Í málum sem þessum stendur það eigendum dýra, sem verða fyrir bifreiðum, að sýna fram á, að vörslur og gæsla dýranna sé fullnægjandi þannig, að ekki komi til lausagöngu þeirra nema vegna sérstakra óviðráðanlegra atvika og/eða óhappatílvika. Ófullnægjandi varsla dýra, sem bann liggur við að gangi laus getur ein og sér orðið til þess að sök verði felld á eiganda dýrsins eða vörsluaðila þess. Þar sem að eigandi hestsins hefur ekki sýnt fram á, að vörslur hestsins og gæsla hafi verið fullnægjandi í umrætt sinn þykir hann bera sök í máli þessu. Miðað við fortakslaust bann við lausagöngu hesta í Ölfusi þykir rétt, að M fái tjón á bifreið sinni bætt úr ábyrgðartryggingu eiganda hestsins. Skv. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987, skal sá sem ber ábyrgð á skráningarskyldu ökutæki bæta það tjón, sem hlýst af notkun þess. Heimild er til þess í 3.mgr. 88. gr. umfl. að fella niður bætur eða lækka þær þegar um munatjón er að ræða, hafi sá sem fyrir tjóni varð verið meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi. Í máli þessu eins og að ofan greinir hefur eigandi hestsins ekki sýnt fram á, að vörslur hans hafi verið með viðunandi hætti og ber því að fella niður bætur til hans sbr. 3.mgr. 88.gr. umfl.

**Niðurstaða.**

Eigandi hestsins bæti tjón á bifreið M. Bætur til eiganda hestsins eru felldar niður með vísan til 3. mgr. 88.gr. l.nr. 50/1987 umferðarlaga.

Reykjavík 8.6.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 107/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélags**

**Slys í sundlaug í sveitarfélaginu S þann 14.6.1996.**

**Helstu gögn.**

1. Málskot móttakið 4.5.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 121/1999.
3. Lögregluskýrslur, dags. 20.6.1996 og 20.2.1998,
4. Skýrsla heilbrigðiseftirlits S, dags. 18.7.1996.
5. Bréf fyrrv. forstöðumanns sundlaugarinnar, dags. 19.5.1998.
6. Bréf J landslagsarkitekts, dags. 25.6.1998, ásamt útdrætti úr byggingarreglugerð
7. Ljósmyndir.
8. Leiðbeiningar frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins um sundstaði og frágang og öryggi við laugar og setlaugar.
9. Ellefu læknisvottorð, dags. 17.9.1996 til 27.6.1998, og örorkumat, dags. 31.3.1999.
10. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 18.3.1998 og 2.4.1999.
11. Bréf X, dags. 18.2.1997, 11.5., 8.6. og 14.7.1998 og 17.5.1999.

**Málsatvik.**

Þann 14. júní 1996 var M við sundiðkun í sundlaug í S. Eftir að hafa synt í aðallauginni hugðist hún fara í heitan pott við hlið laugarinnar. Er hún gekk niður í pottinn kvaðst hún hafa fallið og runnið niður allar tröppurnar ofan í pottinn. Hún hlaut áverka á vinstri rasskinn og ertingu og væga sköddun á afltaug í vinstri ganglim. Varanlegur miski var metinn 15% og varanleg örorka einnig 15% af völdum slyssins.

Ekki liggur fyrir að sjónarvottar hafi verið að slysinu. Í skýrslu af D, forstöðumanni sundlaugarinnar á þeim tíma er slysið varð, kemur fram að eftir slysið hafi hann látið festa handrið við pottinn, þar sem los hafi verið komin í þau. Hann kvaðst ekki gera sér grein fyrir að handriðin hafi losnað það mikið að áhrif hafi haft á viðbrögð óviðbúinnar manneskju. Hins vegar sé eðlilegt að fullorðið fólk leggist meira á handriðin og treystir meira á þau en ungt fólk. Hann kvað þrepin hafa verið í lagi, er slysið varð. Þau séu úr plasti og gefi því örlítið eftir, þegar stigið er á þau. Þá kvaðst hann ekki minnst þess að kvartað hafi verið undan aðstöðunni við téðan pott.

Í bréfi D til tryggingafélagsins kemur fram að handrið séu beggja vegna þrepanna niður í pottinn. Þar sem potturinn liggja á sandi sé óhjákvæmilegt að sig verði þar sem mest mæðir á honum og það sé m.a. í þrepunum. Í tímans rás hafi myndast örlítið sig í miðjum þrepum sem er eðlilegt og innan þeirra hættumarka sem gert sé ráð fyrir, enda aldrei gerð athugasemd við eftirlit á mannvirkinu. Ekki hafi verið um að ræða brot í þrepunum eða annað sem sundlaugargestur gæti hafa dottið um eða runnið til á.

K, starfsmaður S, kvaðst muna að viðgerð hafi farið fram á umræddum potti nokkru áður en slysið varð. Potturinn sé úr trefjaplasi og klæddur með stömu plasti. Eftir slysið hafi verið prófað að setja hálkurendur á tröppurnar, en þær hafi gefið sig. Ýmislegt hafi verið prófað til að koma í veg fyrir háлку, en þarna sé bleyta eins og eðlilegt er og vonlaust að ráða við þetta. Hann kvaðst muna að nokkru eftir óhappið hafi verið gert við einhverjar tröppur vegna sigs í þeim. Þá var honum ekki kunnugt um að kvartanir hafi borist vegna pottsins að sumri til.

Í eftirlitsskýrslu heilbrigðisfulltrúans í S segir að ekki hafi verið unnt að sjá nokkuð það í þrepunum, sem gæti hafa valdið slysinu. Þrepin séu ekki sérstaklega sleip, enda klædd með gúmmíduk.

Í bréfi J landslagsarkitekts segir að þrepin í pottinum standist ekki byggingarreglugerð. Samkvæmt reglugerðinni skuli hvert skref vera 610-630 mm. Skrefið sé samanlögð hæð tveggja uppstiga og breidd eins þreps. Í pottinum séu þrepin hins vegar 460 og 480 mm.

### **Álit.**

Í skýrslu af M hjá lögreglu kemur ekkert fram er skýrt geti ástæðu þess að hún féll við, þegar hún fór ofan í pottinn. Hún ber því ekki við að hún hafi dottið um eitthvað sérstakt eða að handrið hafi gefið eftir við það að hún studdist við það.

Rannsókn eftir slysið hefur ekki leitt í ljós neina líklega eða sennilega skýringu á orsökum þess að M féll við, er hún fór ofan í pottinn. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi slysið til þess að handrið hafi verið laust eða sig verið í tröppunum. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins sem gefur tilefni til að ætla að eftir slysið, en áður en rannsókn á því hófst, hafi breytingar eða lagfæringar verið gerðar á pottinum eða tröppunum niður í hann þannig að sönnunargögnum hafi verið spillt. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að forsvarsmenn sundlaugarinnar hafi vitað eða mátt vita um alvarleika slyssins það snemma að það verði virt sem sérstök vanræksla af þeirra hálfu að hafa ekki hlutast til um rannsókn fyrir en raunin varð.

Eðli málsins samkvæmt eru tröppur ofan í heita potta blautar og liggja jafnframt að hluta í vatni. Af þeim sökum verður ekki hjá því komist að þær geti reynst hálar og gæta verður mikillar varúðar, þegar um þær er gengið. Ekkert bendir til að umræddar tröppur hafi verið hálli en búast mátti við eða þær hafi verið þannig úr garði gerðar að S beri ábyrgð á slysinu. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins hjá X.

### **Niðurstaða.**

Tjón M er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu S hjá X.

Reykjavík, 8. júní 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 114/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar launþega og frjálsrar ábyrgðartryggingar**

**Ágreiningur um niðurfellingu vátrygginga vegna vanskila.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 6.5.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 507/1999.
3. Lögregluskýrsla og tilkynning um vinnuslys.
4. Bréf Hafnasamlags Suðurnesja, dags. 12.12.1997
5. Bréf lögmans málskotsaðila, dags. 13.11.1995, 4.12.1997 og 10. og 30.3.1999
6. Bréf X, dags. 21.11.1995, 10.12.1997 og 29.4. og 31.5.1999.
7. Skaðabótakvittun, dags. 2.8.1994.
8. Skilmálar fyrir slysatryggingu launþega og ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur.
9. Útskrift úr hlutafélagaskrá.
10. Bréf úrskurðarnefndar til X, dags. 8.6.1999.
11. Bréf X til úrskurðarnefndar dags. 21.6.1999, ásamt fylgigögnum.
12. Bréf lögmans málskotsaðila til úrskurðarnefndar, dags. 1.7.1999, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Þann 18. febrúar 1995 slasaðist M, er hún var við störf hjá fyrirtækinu S. M spurðist fyrir hjá X um þær vátryggingar, sem S hafði keypt hjá félaginu vegna starfsemi sinnar.

Með bréfi X, dags. 10.12.1997, til lögmans M var honum tjáð að S hafði haft slysatryggingu og ábyrgðartryggingu hjá félaginu frá 27.6.1991, en vanskil verið strax á öðru ári viðskiptanna. Þann 8.6.1995 hafi umræddar tryggingar fyrir árið 1995 verið felldar niður vegna vanskila. Ekki hafi verið samið um neinn gjaldfrest við S og innheimta iðgjaldanna hafi ekki borið árangur. Áður en tryggingarnar voru felldar úr gildi hafi iðgjöld verið krafín með útsendingu giróseðla. Áminning hafi verið send mánuði síðar og lokaútrekun eftir 75 daga. Var álit félagsins að gildar tryggingar hafi því ekki verið fyrir hendi, þegar M slasaðist í febrúar 1995. Þá gat félagið þess í fyrrnefndu bréfi að því hafi ekki verið tilkynnt um slysið fyrr en 23.11.1995 og hafi því ekki haft vitneskju um það, þegar tryggingarnar voru felldar úr gildi. Í bréfi X til úrskurðarnefndar, dags. 31.5.1999, er ítrekuð afstaða þess í málinu, m.a. með vísan til bréfsins frá 10.12.1997.

Að beiðni úrskurðarnefndar upplýsti X með bréfi, dags. 21.6.1999, nánar um það hvernig innheimtu iðgjalda var háttað gagnvart S á árinu 1995. Kemur fram að í gildi sé sérstakt kerfi varðandi innheimtu og greiðslufyrirkomulag fyrir nokkurn fjölda atvinnufyrirtækja sem eru í viðskiptum hjá X. Til að þjónusta þessa viðskiptavini sem best sé haldið utan um vátryggingarsamninga og greiðslu iðgjalda sem eina heild, svo nefndan atvinnurekstrarpakka. Gjaldldagi allra vátrygginga í pakkanum er 1. dagur hvers vátryggingartímabils. Umrætt kerfi gangi þannig fyrir sig að í upphafi hvers vátryggingartímabils er yfirlit yfir tryggingar í atvinnurekstrarpakkanum, ásamt iðgjöldum fyrir hverja einstaka vátryggingu, sent vátryggingartökum og þeir beðnir að yfirfara pakkann og gera athugasemdir, ef einhverjar eru. Almenna reglan sé sú að innan tveggja vikna frá útsendingu yfirlitsins er haft samband við vátryggingartaka. Reynist allt í lagi er gengið frá greiðslum, sem er með þeim hætti að vátryggingartakar greiða iðgjöldin annað hvort með skuldabréfi eða víxli.

Í tilviki S hafi iðgjöld verið krafín í janúarmánuði 1995 vegna vátrygginga, sem í gildi voru á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 1995, en þá hafi verið sent yfirlit í samræmi við það sem

að ofan greinir. Í málinu liggur fyrir yfirlit, er greinir frá váttryggingum S sem í gildi voru þann 10.1.1995. Meðal þeirra eru slysatrygging launþega og frjáls ábyrgðartrygging. Í byrjun febrúar 1995 hafi af hálfu X verið haft samband við fyrirsvarsmann S vegna heimtu iðgjalda samkvæmt yfirlitinu frá fyrra mánuði. Var þá ítrekað að S gengi frá iðgjöldum með því fyrirkomulagi sem áður hefur verið lýst. Fram til vors 1995 hafi S margítrekað verið krafðið um greiðslu iðgjalda. Þær hafi ekki borið árangur og þann 8. júní 1995 hafi tryggingar þær, sem mál þetta snýst um, ásamt öðrum verið felldar úr gildi frá og með 1. janúar 1995.

### Álit.

Í málskoti er kvartað undan þeirri niðurstöðu Tjónanefndar váttryggingafélaganna að tjón M bætist ekki þar sem tryggingar hafi verið felldar niður vegna vanskila. Er þess krafist að tryggingar þær, sem mál þetta snýst um, taki til tjóns M. Samkvæmt þessu, og eins og mál þetta liggur að öðru leyti fyrir nefndinni, er við úrlausn þess einungis tekin afstaða til þess hvort téðar tryggingar hafi verið í gildi, þegar M slasaðist þann 18.2.1995. Er því ekki tekin afstaða til þess hvort bótaskylda kunni að vera fyrir hendi samkvæmt hinum umdeildu váttryggingum.

Samkvæmt grein 38 í skilmálum fyrir slysatryggingu launþega er ábyrgð félagsins lokið, hafi síðari iðgjöld, eins og átti við um iðgjaldið fyrir árið 1995, eigi verið greidd innan viku frá því að þeirra er krafist, en þeirra má krefjast í fyrsta lagi viku fyrir gjalddaga. Ákvæði þetta er í samræmi við 13. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Í grein 27.10 í skilmálum X fyrir frjálsar ábyrgðartryggingar kemur fram að síðari iðgjöld falli í gjalddaga á fyrsta degi hvers váttryggingartímabils. Þá segir í grein 27.11 í skilmálunum að sending tilkynningar eða giróseðils jafngildi kröfu um greiðslu. Sé iðgjald ekki greitt eftir fyrstu kröfu um greiðslur sendir X ítrekun. Samkvæmt grein 27.12 er ábyrgð X lokið, ef iðgjaldið hefur ekki verið greitt innan 14 daga frá ítrekun. Er þannig samið um rýmri frest fyrir váttryggingartaka til greiðslu iðgjalds vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar en gildir um slysatryggingu launþega. Af gögnum málsins verður ekki séð að X hafi samið um aðra eða rýmri fresti fyrir S til greiðslu iðgjaldanna án þess að ábyrgð falli niður en leiðir af fyrrnefndum ákvæðum í skilmálunum. Á grundvelli þessara ákvæða ber því að taka afstöðu til þess, hvort innheimtuaðgerðir X gagnvart S hafi leitt til þess að ábyrgð samkvæmt hinum umdeildu váttryggingum hafi verið fallin niður, er M slasaðist þann 18. febrúar 1995.

Samkvæmt því sem upplýst hefur verið af hálfu X var S fyrst krafðið í janúar 1995 um iðgjöld vegna slysatryggingar launþega og frjálsrar ábyrgðartryggingar vegna tímabilsins 1. janúar til 31. desember 1995. Krafa um greiðslu iðgjaldanna hafi svo verið ítrekuð í febrúarbyrjun með því að samband var haft við einn fyrirsvarsmanna S. Á það má fallast með X að váttryggingayfirlitið, sem S var sent í janúar 1995 hafi verið tilkynning sem jafngildi kröfu um greiðslu iðgjalda. Er M slasaðist var því meira en vika liðin frá því að X hafði krafðið S um greiðslu iðgjalds fyrir slysatryggingu launþega. Ábyrgð X var því fallin niður með vísan til fyrrnefnds ákvæðis í grein 38 í skilmálunum, þegar M slasaðist. Hún getur því ekki átt rétt til bóta úr slysatryggingunni.

Ekki liggur fyrir hvenær í byrjun febrúar iðgjaldakrafan var ítrekuð af hálfu X. Verður eigi talið að X hafi sýnt fram á með skýrum gögnum að ítrekunin hafi átt sér stað að minnsta kosti hálfum mánuði áður en M slasaðist. Þá verður ekki talið að ítrekun hafi verið send S eins og mælt er fyrir um í lokamálslið greinar 27.11 í skilmálum fyrir frjálsar ábyrgðartryggingar. Eftir þessum úrslitum verður ekki hjá því komist að telja að ábyrgð X samkvæmt hinni frjálsu ábyrgðartryggingu hafi ekki verið fallin niður vegna vanskila á þeim tíma er X slasaðist. Þessu breytir ekki þótt X kveðst hafa fellt váttrygginguna niður þann 8. júní 1995, er útséð þótti að hún fengist ekki greidd. Á þeim tíma hafði X enga heimild, hvorki að lögum né samkvæmt skilmálum, til að fella váttrygginga niður frá og með gjalddaga 1. janúar 1995 þannig að ábyrgð félagsins hafi ekki verið fyrir hendi þann 18. febrúar sama ár.

**Niðurstaða.**

Þann 18. febrúar 1995 er M, slasaðist við störf hjá S, var fallin niður ábyrgð samkvæmt slysatryggingu launþega, sem fyrirtækið hafði tekið hjá X. Á sama tíma var hins vegar ekki fallin niður ábyrgð sama tryggingafélags samkvæmt frjálsri ábyrgðartryggingu, sem fyrirtækið hafði tekið hjá félaginu.

Reykjavík, 6. júlí 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 120/1999**

**M  
og  
Vátryggingarfélagið V v/fjölskyldutryggingar.**

**Dvöl á Kanaríeyjum stytt til muna vegna andláts móður M.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 17.5.1999.
2. Bréf V dags. 28.5.1999.
3. Kvittanir
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 476/1999.

**Málsatvik.**

M og eiginmaður hennar fóru til Kanaríeyja þ. 22.2.1999 og var meiningin að dvelja þar í fjórar vikur. Vegna andláts móður M komu hún og eiginmaður hennar heim þ. 29.2.s.l. eftir vikudvöl. M telur sig eiga rétt til tryggingarbóta úr fjölskyldutryggingu hjá V, þar sem ferðin styttist til muna. V hafnar bótaskyldu og bendir á, að M og eiginmaður hennar hafi ekki orðið fyrir viðbótarútgjöldum vegna heimferðarinnar og skv. tryggingaskilmálum sé orlofsferð eingöngu endurgreidd ef hún er rofin skv. fyrirmælum læknis áður en ferðin er hálfnuð.

**Álit.**

M hefur ekki sýnt fram á, að hún hafi orðið fyrir viðbótarútgjöldum vegna heimferðar mun fyrir en ætlað var. Samkvæmt tryggingarskilmálum tryggingar M er kveðið á um, að vátryggingarfélagið greiði andvirði ferðar í þeim tilvikum einum, að orlofsferð sé rofin skv. fyrirmælum læknis áður en ferð sé hálfnuð eða hafi vátryggður legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann. Um hvorugt ofangreindra tilvika var að ræða í tilviki M og er V því ekki bótaskyld í þessu tilviki.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til tryggingabóta.

Reykjavík 8.6.1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 121/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Meiðsl við fall úr álstiga á verkstæði þann 15.04. 1997.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 15.05. 1999.
2. Skýrslur lögreglu ásamt afriti ljósmynda sem teknar voru á vettvangi.
3. Bréf Vinnueftirlits ríkisins dags. 17.12. 1998.
4. Bréf vátryggingafélagsins dags. 22.03. 1999, 14.04. 1999.
5. Læknisvottorð.
6. Bréf lögmanns M dags. 24.02. 1999 til vátryggingafélagsins.
7. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 02.06. 1999.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 400/1999.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum slasaðist M er hann féll úr álstiga (tröppu). Álitafnið er hvort M eigi rétt á greiðslu skaðabóta samkvæmt umræddri ábyrgðartryggingar vegna vanbúnaðar á vinnustað.

M telur að slysið verði rakið til vanbúnaðar á vinnustað, þar sem áltrappan gaf sig. Hann telur engin rök hníga í þá átt að hann hafi valdið slysinu með eigin verkum, trappan hafi svikið.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið megi rekja til bilunar eða galla í álstiganum. Það vekur m.a. athygli á skýrslu vitnis.

Vitni lætur þess efnislega getið að M hafi verið að sækja eitthvað upp í hillu í um 3,5 m hæð. Hann hafi notað álstiga (A-tröppu) sem þarna hafi verið, hann hafi teygst sig til hliðar út frá tröppunni og við það hafi hún farið útundan honum og hann fallið í gólfíð. Vitnið kveðst hafa verið að vinna við viðgerð á rútubifreið á eigin vegum með leyfi vinnuveitandans. Umrædd bifreið hafi ekki verið í eigu vinnuveitandans þ.e. vátryggingataka. Fram kemur að M hafi komið þarna til aðstoðar við "smá handtak". Vitnið telur að áltrappan hafi ekki verið léleg eða skemmd fyrir óhappið.

Efnislega lætur fyrrverandi starfsfélagi M, þess getið í skýrslu hjá lögreglu að trappan hafi verið komin til ára sinna en nothæf. Hún hafi verið orðin "svolítið svög en vel nothæf." Hann hafi séð tröppuna eftir slysið án þess að hafa skoðað hana sérstaklega og séð að hún hafi gefið sig u.þ.b. fyrir miðju þannig að lappirnar hefðu gefið sig til hliðar. Hann kveðst ekki minnst þess sjálfur að hann hafi kvartað undan lélegu ástandi hennar við yfirmenn fyrirtækisins. Honum hafi ekki fundist hún neitt óruggari en tröppur almennt af þessu tagi.

M lætur þess m.a. efnislega getið í skýrslu hjá lögreglu að hann hafi þetta kvöld verið ásamt nefndum Herði að vinna við að setja sæti í litla rútubifreið í eigu aðila í Vestmannaeyjum. Verkið hafi ekki verið á vegum vinnuveitanda síns þ.e. vátryggingataka, "heldur hafi þeir verið í aukavinnu" með samþykki fyrir því að þeir mættu vinna þetta verk á verkstæðinu. M kveðst hafa verið búinn að kvarta vegna þessa stiga sem slysinu olli. Stiginn hafi verið lélegur og búið hafi verið að gera á honum bráðabirgðaviðgerð til að halda honum saman.

**Álit.**

M var ekki við vinnu sína sem starfsmaður vátryggingataka er hann slasaðist. Nefndin telur að ekki hafi verið sýnt fram á að rekja megi slysið til vanbúnaðar á vinnustað.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirbyggjandi gögnum er ekki unnt að fallast á að skilyrði bótaábyrgðar séu fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 29. júní 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 128/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/sjúkra- og slysátryggingar**

**Ágreiningur um réttarstöðu, réttaráhrif upplýsingaskyldu  
vegna töku vátryggingar á árinu 1998.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20.05. 1999.
2. Vátryggingarskilmálar sjúkra- og slysátryggingar.
3. Læknisvottorð dags. 12.04. 1999.
4. Beiðni um sjúkra- og slysátryggingu dags. 04.08. 1998.
5. Tjónstilkynning dags. 11.03. 1999.
6. Yfirlit um afstöðu vátryggingafélagsins dags. 10.05. 1999.
7. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 03.06. 1999.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 568/1999.

**Málsatvik.**

Vátryggingin var tekin á árinu 1998. Vátryggingabeidnin var samþykkt í ágúst það ár. Vátryggingafélagið hafnar beiðni M um dagpeningagreiðslur vegna starfsorkuskerðingar af völdum sjúkdóms í liðum. Félagið upplýsir að M hafi tilkynnt félaginu 11.03. sl. að hún væri óvinnufær og hafi óskað greiðslu dagpeninga.

Félagið vísar til fyrirbyggjandi læknisvottorðs þar sem fram komi að M þjáist af úlnliðseinkennum og að hún hafi leitað til læknis vegna sama sjúkdóms á árinu 1996 en einkennin hefðu byrjað um áramótin 1995-1996. Að M hafi ekki í vátryggingabeiðni greint frá því að hún hafi þjáðst af umræddum sjúkdómi rúmum tveim árum fyrir töku vátryggingarinnar. Félagið hefði væntanlega undanþegið sig ábyrgð vegna afleiðinga þessa. Það telur að M eigi ekki bótarétt vegna úlnliðssjúkdómsins. M hafi fyrirgert rétti sínum til bóta skv. 6. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954.

Í yfirliti vátryggingafélagsins dags. 10.05. sl. kemur m.a. fram að M hafi svarað spurningu í vátryggingabeiðni á árinu 1998 neitandi um sjúkdóma í beinum, liðum eða vöðvum. Þá er þess og getið að ráðgefandi læknir félagsins telji það "langsótt" að um fylgikvilla á meðgöngu sé að ræða.

M lætur þess efnislega getið í málskotinu að hún hafi við undirritun vátryggingabeiðni á árinu 1998 ekki haft einkenni frá síðustu meðferð í júní 1996. Hún hafi talið sig hafa fengið fullan bata. Hún hafi byrjað í hárgreiðslu í júní 1997 og starfað við það í rúmt ár þegar vátryggingin var tekin. Eftir að hún varð ófrísk hafi hún leitað til læknis í febrúar 1999. Einkenni í vinstri úlnlið hefðu ekki komið fram fyrr en í mars 1999 og í því sambandi vísar hún til fyrirbyggjandi læknisvottorðs. M telur að þar sem hún hafi ekki haft þrautir í vinstri úlnlið fyrr en í mars 1999 og ekki hafi verið talin ástæða til annarrar meðferðar á hægri úlnlið en æfingar og teygjur fyrr en í mars 1999 telur hún að höfnun á greiðslu bóta eigi ekki við rök að styðjast.

**Álit.**

Fyrirbyggjandi læknisvottorð getur þess að M hafi leitað læknis í apríl 1996 vegna þess að hún hafi verið með vaxandi höfuðverk, dofa í andliti og höndum fram í fingur hægra megin. Einkennin hefðu byrjað um áramótin 1995-1996. Getið er skoðunar og m.a. merkja um "úlnliðsheilkenni" hægra megin. Fram kemur að á árinu 1999 hafi M leitað til læknis að nýju. "Við skoðun var hún með væg merki um úlnliðsheilkenni hægra megin sem áður. Var skrifuð ný beiðni til iðjuþálfara fyrir handaræfingum, fræðslu, teygjum og nýrri úlnliðsspelku. Einnig kom til greina að hún færi aftur í sjúkrahjúlfun..." Að öðru leyti vísast til umrædds læknisvottorðs sem óþarft er að endursegja.

Í váttryggingabeiðni M á árinu 1998 svaraði hún spurningu neitandi um hvort hún hafi eða hafi haft einkenni sjúkdóma í beinum, úlnliðum eða vöðvum. Miðað við fyrirbyggjandi gögn telur nefndin að M hafi vegna þessa gefið rangar upplýsingar við töku váttryggingarinnar og að hún hafi fyrirgert rétti sínum til greiðslu bóta skv. 6. gr. laga um váttryggingarsamninga. Það breytir ekki framanrituðu þó að M hafi fyrst fengið þrautir í vinstri úlnlið á árinu 1999.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri sjúkra- og slysatryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 15. júní 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 129/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar verktakans H.**

**Málning skemmir gluggatjöld.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 21.5.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna í máli nr. 334/1999.
3. Fylgiskjöl málskotsaðila, þ. á m. bréf málskotsaðila til Neytendasamtakanna, bréf samtakanna til verktakans H, atvikalýsing leigutaka málskotsaðila, dags. 8.9. 1998 og afrit verksamnings um viðgerðir og málun utanhúss á viðkomandi húseign í Reykjavík.
4. Bréf X dags. 2.6. 1999 ásamt ljósriti af bréfi H til félagsins.

**Málsatvik.**

Atvik eru þau að dag nokkurn í maímánuði 1998 voru starfsmenn H að mála tréverk utan á fjölbylishúsi í Reykjavík.

Nauðsynlegt var að opna svalahurðir svo hægt væri að framkvæma þetta verk. Við framkvæmd verksins fór málning í gluggatjöld við svalahurð á íbúð málskotsaðila. Tjöldin eru ónýt en aðilar deila um ábyrgð á tjóninu.

**Álit.**

Þetta tjón varð vegna þess að svalahurð á íbúð málskotsaðila var máluð án þess að þess væri gætt að loka henni að verki loknu, fjarlægja gluggatjöld við svalahurð eða draga þau til hliðar. Sú skylda hvílir á sérhæfðum verktökum sem taka að sér fagvinnu að störf þeirra séu framkvæmd á þann hátt að ekki sé hætt á að tjón verði af. Var einfalt fyrir starfsmenn H að biðja íbúa þá, sem þeir höfðu að eigin sögn samskipti við að fjarlægja gluggatjöld frá svaladyrum íbúðar málskotsaðila ef þeir ekki gátu gert það sjálfir. Þessa gættu starfsmenn ekki.

Telst fyrirtækið bera sök á þessu gáleysi starfsmanna sinna sem máluðu fjölda svalahurða í húsinu þennan dag og áttu því að gera sér grein fyrir þeirri hættu sem þarna var fyrir hendi.

**Niðurstaða.**

Bæta ber tjón málskotsaðila.

Reykjavík, 6. júlí 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H Vilhjálmsson hrl.

**Mál nr. 154/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A.**

**Umferðaróhapp er bifreið var ekið á hross á Djúpvegi þann 17.8.1998.**

**Gögn.**

5. Málskot móttakið 22.6.1999.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 602/1999.
7. Tvær lögregluskýrslur.
8. Bréf málskotsaðila, dags. 21.3.1999.
9. Bréf X, dags. 22.7.1999.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið norður Djúpveg. Á móts við bæinn K í Hrútafirði um kl. 23:30 að kvöldi var henni ekið á hross í eigu M. Hrossið mun hafa drepist samstundis.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 90 km hraða á klst. og aðalljós hafi logað með háum ljósgeisla. Ekki hafi verið algjört myrkur og því hafi virkni ljósanna ekki verið sem best. Skyndilega hafi hann orðið var við hesta á vegöxlinni vinstra megin. Hafi einn þeirra farið út á veginn í veg fyrir A. Hann hafi ekki haft tækifæri til að stöðva bifreiðina eða víkja undan, en bundið slitlag á veginum sé einungis einbreitt. Enginn hestanna eða reiðmanna hafi verið með endurskinsmerki.

M kvaðst hafa rekið hrossin ásamt tveimur dætrum sínum. Þau hafi öll verið ríðandi og rekið fjögur laus hross á undan sér eftir vegöxlinni vinstra megin við veginn, þar sem aðstæður hafi verið erfiðar vegna einbreiðs slitlags á veginum og skurða fyrir utan veg. Hann hafi ekki verið með endurskinsmerki, þar sem ekki hafi verið farið að bregða birtu það mikið og ekki hafi verið kominn árstími til að nota þau. Skyndilega hafi A komið á mikilli ferð og ökumaður hennar hafi ekki dregið úr hraða. Í þann mund er A var komin að reiðfólkinu hafi fremsta hrossið stigið til hliðar inn á akbrautina í veg fyrir A.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber eigandi A hlutlæga ábyrgð á tjóni því sem hlaust í umrætt sinn. Bæturnar má þó lækka eða fella niður, ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. sömu gr. Tjónið varð seint um kvöld og myrkur skollið á. Var sagnæmt af hálfu M að hafa ekki endurskinsmerki á reiðfólkinu og hrossunum. Þá gætti hann þess ekki að gæslumaður færi fyrir rekstrinum eins og ætíð skal gert þegar búfé er rekið eftir vegi, þar sem vænta má umferðar, sbr. 2. mgr. 78. gr. ufl. Á M sök á óhappinu. Þegar til þessa er litið og þess að ökumaður A varð ekki var við hrossin fyrir en í óefni var komið og hafði vart dregið úr hraða er tjónið varð, þykir rétt að lækka bætur til M um 2/3 hluta þannig að hann fái tjón sitt bætt að 1/3 hluta.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist að 1/3 hluta.

Reykjavík, 4. ágúst 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 155/1999**

**M vegna bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið X v/vöruflutningabifreiðarinnar B**

**Ágreiningur um hvort rekja megi skemmdir á A til notkunar B  
þar sem bifreiðunum var ekið eftir Reykjanesbraut þann 04.08. 1998.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 26.06. 1999.
2. Ódagsett frásögn ökumanns A.
3. Viðbótargreinargerð ökumanns A dags. 15.11. 1998.
4. Skýrslur lögreglu.
5. Yfirlitsmynd af Reykjanesbraut og nánasta umhverfi með merkingum (skýringum) málskotsaðila.
6. Afstöðuteikning ökumanns A (málskotsaðilans)
7. Framburðarskýrsla eiganda B dags. 04.08. 1999, sem tekin var hjá vátryggingafélagi bifreiðarinnar, í tilefni af málskotinu.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 782/1998.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum var ekið Reykjanesbraut í áttina til Keflavíkur og var B á undan A. B var að flytja hellusand úr malarnámi. Ökumaður A hugðist aka fram úr B, hann fullyrðir að þá hafi rignt yfir bifreið sína “malargrús af miklum krafti, enda vindur þvert á brautina”. Síðan er getið ráðstafana ökumannsins sem óþarft er að geta í atvikalýsingu þessari, en ökumaður B varð ekki var við meintan tjónsatburð máls þessa.

Ökumaður B lætur þess getið varðandi farminn að sandurinn hafi verið frekar grófur, svokallaður hellusandur. Hann kvað enga yfirbreiðslu hafa verið yfir farminn enda “ekki þörf á því þar sem hann hafi ekki orðið var við það að nokkuð hafi fokið af bifreiðinni.”

Ökumaður A krefst bóta vegna þeirra skemmda á bifreið A sem hann telur að hafi orðið við framúraksturinn. Hann getur þess m.a. að samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands voru 6 vindstig og upp í 7 vindstig þennan dag og NV-átt.

Eigandi B lætur þess efnislega getið að A sé orðin 4 ára gömul og þær bifreiðar sem hann hafi séð séu meira og minna lakkskemmdar eftir þann tíma. Hann hafnar því að skemmdir á bifreiðinni séu af völdum B. Hann getur þess að þegar lögreglan hafi haft samband við hann þegar þetta skeði, “sögðust þeir hafa skoðað bifreiðina og bónhúð var yfir skemmdunum og það eitt segir það að þetta sé ekki eftir bifreið mína.”

Lögreglan getur í frumskýrslu sinni skemmda á bifreiðinni þ.e. “sjáanlegar skellur á vélarhlíf og hægri hlið eftir steinkast en erfitt var að sjá hvort þær voru gamlar eða nýjar. Einnig var sjáanleg skemmd á framhoggvara sem að sögn” ökumannsins var ný. Fram kemur að það hafi verið “frekar hvasst” þennan dag.

**Álit.**

Samkvæmt 3. mgr. 73. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, skal flytja farm þannig að eigi hafi í för með sér hættu fyrir menn eða valdi munatjóni. Þess skal m.a. gætt að eigi sé hætta á að farmur falli á akbraut eða valdi rykmekki eða svipuðum óþægindum eða umferðartruflun.

Ökumaður A telur að talsverðar lakkskemmdir hafi orðið á bifreið sinni af völdum B.

Lögreglan getur skemmda á bifreiðinni þ.e. “sjáanlegar skellur á vélarhlíf og hægri hlið eftir steinkast en erfitt var að sjá hvort þær voru gamlar eða nýjar. Einnig var sjáanleg skemmd á framhoggvara sem að sögn” ökumannsins var ný.



Fyrirliggjandi gögn gefa takmarkaðar upplýsingar um þær skemmdir sem ökumaður A telur að rekja megi til notkunar B. Þrátt fyrir það telur nefndin rétt að taka afstöðu til þess hvort nægjanlega sé upplýst að rekja megi meintan tjónsatburð máls þessa til B.

Ökumaður B hefur staðfest að hann var á vettvangi máls þessa, hann telur að enga yfirbreiðslu hafi þurft yfir farminn, hann viðurkennir að um frekar grófan sand hafi verið að ræða.

Ökumaður A hefur upplýst að 6-7 vindstig hafi verið þennan dag úr NV-átt og að “malagrús” hafi rignt yfir bifreiðina “af miklum krafti, enda vindur þvert á brautina.”

Það verður ekki látið halla á ökumanninn þó hann hafi ekki haft tal af ökumanni B, hann setti sig í samband við lögreglu þennan sama dag (þ.e. 04.08. 1998), strax eftir að hann gerði sér grein fyrir því að skemmdir urðu á bifreiðinni.

Að teknu tilliti til fyrirliggjandi gagna telur nefndin nægjanlega upplýst að sandur (umræddur farmur) hafi fokið af B í þann mund sem ökumaður A hugðist aka fram úr bifreiðinni. Líklegt má telja að skemmdir hafi orðið á A vegna þessa. Fyrirliggjandi gögn gefa, sem fyrr segir, takmarkaðar upplýsingar um þær skemmdir sem ökumaður A telur að hafi orðið á bifreiðinni. Nefndin tekur enga afstöðu til afleiðinga máls þessa fyrir ökumann A, en hún telur nægjanlega upplýst að tjónsatburð máls þessa megi rekja til notkunar B.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er fallist á að ökumaður A eigi bótakröfu samkvæmt ábyrgðartryggingu B, en hann hefur sönnunarbyrði um þær skemmdir sem urðu við framúraksturinn.

#### **Niðurstaða.**

Fallist er á bótaskyldu. Nægjanlega er upplýst að tjónsatburð máls þessa megi rekja til notkunar B. Ökumaður A hefur sönnunarbyrði um þær skemmdir sem urðu við framúraksturinn.

Reykjavík 3. ágúst 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 160/1999**

**Endurupptaka**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A.**

**Umerðaróhapp er bifreið var ekið á hross á Djúpvegi þann 17.8.1998.**

**Gögn.**

1. Málgögn, nr. 1-5, er lágu fyrir við úrskurð málsins þann 4.8.1999.
2. Bréf P, dags. 13.10.1999, ásamt fylgigögnum nr. 1 – 6.
3. Greinargerð lögregluvarðstjóra á Hólmavík, dags. 2.11.1999.
4. Símbréf lögregluvarðstjóra á Ísafirði, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Að kvöldi 17. ágúst 1998 var bifreiðinni A ekið á hross í eigu M við bæinn K í Hrútafirði með þeim afleiðingum að hrossið drapst. Þann 4.8.1999 var úrskurðað í málinu á þann veg að tjón M skyldi bætt að 1/3 hluta úr ábyrgðartryggingu M. Í úrskurðinum var m.a. á því byggt að óhappið hafi orðið um kl. 23:30 og þá hafi myrkur verið skollíð á.

Með bréfi, dags. 13.10.1999, er þess farið á leit af hálfu M að málið verði endurupptekið. Beiðni þessi byggist á því í fyrsta lagi að óhappið hafi orðið fyrir um kvöldið en miðað var við í úrskurðinum, í öðru lagi að byggt skuli á því að gæslumaður hafi ekki farið fyrir rekstrinum og í þriðja lagi að ekkert hafi hindrað útsýni ökumanns A og hann hafi ekki dregið úr hraða í tæka tíð. Nefndin hefur ákveðið að taka málið upp að nýju að því marki sem reynt getur á það að staðreyndir um málsatvik hafi í raun verið aðrar en miðað var við í úrskurðinum þann 4.8.1999. Mun því koma til skoðunar hvort óhappið hafi orðið fyrir um kvöldið en miðað hafði verið við og hvort það muni breyta niðurstöðu málsins. Að öðru leyti kemur málið ekki til skoðunar að nýju af hálfu nefndarinnar.

Tvö vitni bera að þau hafi séð M og dætur hans fara fram hjá B í Bæjarhreppi um kl. 21:15 fyrrgreint kvöld. Eitt vitni kveðst hafa ekið fram á M um 1 km utan við B laust fyrir kl. 21:30 um kvöldið. Þá bera tvö vitni að þau hafi komið að slysstað um kl. 22:00 og farið heim að K og hitt þar fyrir M og ökumann A. Lagt hefur verið fyrir nefndina vottorð P stjarnfræðings, dags. 4.10.1999. Þar kemur fram að ekki hafi farið að dimma að ráði á slysstað fyrir en eftir sólarlag, sem hafi verið kl. 21:42 á slysdegi. Myrkur hafi ekki orðið fyrir en kl. 22:50. Samkvæmt greinargerðum lögregluvarðstjóra, bæði á Hólmavík og Ísafirði, mun það vera komið frá ökumanni A að óhappið hafi orðið um kl. 23:30. Sú tímasetning sé tilgreind í tjónstilkynningu hans, sem afhent var lögreglunni á Ísafirði er beðið var um lögreglurannsókn vegna atviksins.

**Álit.**

Þegar litið er til skýrslna þeirra aðila, sem sáu til ferða M umrætt kvöld eða komu á slysstað eftir að slysið varð, verður að telja að það hafi orðið nokkru fyrir um kvöldið en áður var talið. Þykir mega við það miða að það hafi orðið fyrir kl. 22:00, eða rétt um sólarlag. Þá var ekki farið að dimma að ráði samkvæmt vottorði P. Eftir þessu átti ökumaður A að hafa séð hrossin mun fyrir en reyndin varð. Verður að telja að endurskinsmerki á hrossunum og reiðfólki hafi ekki komið að sama gagni og verið hefði, ef óhappið hefði orðið eftir að myrkur var skollíð á. Þegar litið er til þessa verður sök M ekki lækkuð í þeim mæli sem gert var í hinum fyrri úrskurði. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til fyrri röksemda þykir rétt að lækka bætur til M um 1/3 hluta þannig að hann fái tjón sitt bætt að 2/3 hlutum.

**Niðurs taða.**

Fyrri niðurstaða nefndarinnar breytist. Tjón M skal bætt að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 16. nóvember 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 160/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar skipasmíðastöðvar.**

**Ágreiningur um bótaábyrgð vegna vinnuslyss í skipasmíðastöð þann 29.8.1997.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 7.7.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 627/1999.
3. Tjónstilkynning til X, dags. 13.11.1997.
4. Tilkynning um vinnuslys til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 4.9.1998.
5. Eftirlitsskýrsla Vinnueftirlits ríkisins, dags. 2.3.1999.
6. Ljósmyndir.
7. Örorkumat, dags. 14.12.1998.
8. Bréf H hrl., dags. 18.1., 30.3. og 10.8.1999.
9. Bréf X, dags. 20.5., 8.6., 15. 7. og 12.8.1999.

**Málsatvik.**

Þann 29. ágúst 1997 var M við störf sem rennismiður í skipasmíðastöð S. Hann gekk inn í stáldeild S til að hafa tal af verkstjóra þar. Féll hann þá um stálbita ("stálprófi") sem mun hafa staðið út af grind sem þá hafði nýlega verið sett á gólfið. Var unnið við að setja saman svonefndar flæðilínur og voru þær látnar standa ofan á grindinni. Í eftirlitsskýrslu Vinnueftirlitsins er grindinni nánar lýst þannig: "Grind þessi eru U-skúffur sem boltaðar eru í gólfið, slétti flöturinn upp en hliðarnar niður þvert á þær, en festir vinklar sem eru ca 6-7 cm frá gólfi og standa sumstaðar um 20 cm út fyrir skúffurnar." Í lok skýrslunnar var bent á að vinkilendar skyldu styttr og hafðir jafnir skúffum og jafnframt ávalaðir. Við slysið hlaut M áverka á hægri hné sem leitt hefur til 15% örorku.

**Álit.**

Af ljósmyndum, sem lagðar hafa verið fyrir nefndina, má ráða að umræddar grindur hafi tekið talsvert gólfpláss í vinnusalnum, þar sem þeim hafði verið komið fyrir. Grindarendinn, sem M hnaut um, sýnist hafa verið í jaðri allbreiðrar gönguleiðar þvert yfir miðjan vinnusalinn, en grindurnar hafa verið á hægri hönd séð úr dyrum fyrir miðjum salnum. Kann grindarendinn að hafa skagað að einhverju leyti inn á gönguleiðina þótt það sjáist ekki ótvírátt á fyrirliggjandi myndum. Verður ekki annað ráðið en grindarendinn hafi átt að blasa við hverjum þeim sem gekk um vinnusvæðið og gætti þeirrar varúðar sem krefjast mátti, þegar gengið er um vinnusvæði eins og hér um ræðir. Hefur M ekki gætt þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast í umrætt sinn, og á því sjálfur sök á slysinu. Þótt farið hafi verið fram á lagfæringu á grindarendunum verður ekki talið að þeir hafi valdið hættu þannig að S beri fébótaábyrgð á líkamstjóni M.

**Niðurstaða.**

S ber ekki ábyrgð á líkamstjóni M.

**Athuga:** Málið var endurupptekið með úrskurði þann 16. nóvember 1999.

Reykjavík, 7. september 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 162/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/A.**

**Óhapp er ekið var á hund á kvartmílubraut þann 3.6.1999.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 12.7.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 708/1999.
3. Tvær tjónstilkynningar og lögregluskýrsla.
4. Greinargerð eiganda hunds, dags. 21.6.1999.
5. Uppdráttur.
6. Ljósmyndir.
7. Bréf X, dags. 5.7. og 20.7.1999.
8. Hluti af samþykktum um hundahald í Hafnarfirði nr. 515/1991.

**Málsatvik.**

M ók bifreið sinni, A, eftir kvartmílubraut við Straumsvík í Hafnarfirði, er hundur í eigu Í hljóp í veg fyrir bifreiðina með þeim afleiðingum að aflífa þurfti hundinn.

M kvaðst hafa verið að æfa sig á kvartmílubrautinni og ekið á um 70-80 km hraða á klst., er hundurinn hafi skyndilega komið hlaupandi yfir brautina frá vinstri. Hann hafi reynt að sveigja frá, en ekki tekist að afstýra því að hundurinn lenti á hægri framhorni bifreiðarinnar. M kvaðst hafa orðið var við hundinn nokkru áður, þar sem hann var með eiganda sínum og þá fjarri brautinni. Óhappið hafi orðið að kvöldi til. Veður hafi þá verið gott. Þegar óhappið varð, hafi Í ekið bifreið sinni eftir malarvegi samhliða brautinni.

Í kvaðst í umrætt sinn hafa verið með hund sinn lausan á hlaupum í Kaplahrauni, en hann hafi ekið eftir vegarslóða sem liggur að skotsvæði SÍH fram hjá aðstöðu Kvartmíluklúbbsins. Hundurinn hafi fylgt honum til hliðar í góðri fjarlægð. Þar sem vegarslóðinn lá fram hjá kvartmílubrautinni, hafi hundurinn tekið stefnuna að bifreið M, sem hafi verið kyrrstæð við enda brautarinnar. Hundurinn hafi stöðvað til hliðar við bifreiðina í um 45 m fjarlægð, væntanlega til að athuga hvar hann (þ.e. Í) væri. Hann hafi ekið áfram, en stöðvað þar sem hann sá að hundurinn var að skima eftir sér. Hann hafi blístrað á hundinn, sem hafi hlaupið á stað frá bifreiðinni. Fólk í kringum bifreið M hafi auðsjáanlega tekið eftir hundinum og bifreið hans, þar sem það hafi horft á eftir hundinum hlaupa út brautina. Hafi hundurinn hlaupið mest á akrein lengst til hægri á brautinni.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber M sem eigandi bifreiðarinnar, sem hundurinn varð fyrir, hlutlega ábyrgð á því tjóni sem hlaut í umrætt sinn. Lækka má bætur eða fella niður, ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. sömu gr. Í hafði hundinn lausan í námunda við kvartmílubrautina, en ók sjálfur bifreið eftir vegarslóða samhliða brautinni í nokkurri fjarlægð frá hundinum. Hann mátti gera sér grein fyrir að veruleg hætta gat steðjað að hundinum, ef bifreið M yrði ekið eftir brautinni, en hann mátti einnig gera sér grein fyrir að slíkt gat gerst eins og reyndin varð. Hann gætti þess ekki að stöðva bifreið sína í tæka tíð og kalla hundinn til sín áður en hann hljóp að bifreið M. Eins og hér stóð á hafði Í alls ekki nægar gætur á hundinum og er því að talsverðu leyti meðvaldur að óhappinu. Verður ekki hjá því komist að beita fyrrgreindri lækkunarheimild 3. mgr. 88. gr. ufl. M vissi af hundinum í grennd við brautina. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með vissu hver afstaðan var milli hundsins og bifreiðar M um það leyti sem M ók af

stað. Engu að síður má ætla að hundurinn hafi verið aðeins fáeina metra frá bifreiðinni. Við þess aðstæður var mjög óvarlegt af M að aka bifreiðinni á allt að 70-80 km hraða án þess að huga betur að því hvort hundurinn kynni að vera í hættu. Að framangreindu virtu þykir rétt að lækka bætur til Í um helming. Ber því M að bæta tjón Í í sama hlutfalli eða að helmingi.

**Niðurstaða.**

M skal bæta tjón Í að helmingi.

Reykjavík, 4. ágúst 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 165/1999****M og  
Vátryggingafélagið V v. A****Umferðarslys á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði 19.10. 1997.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 16.7.1999.
2. Niðurstaða tjonanefndar mál nr. 468/1998
3. Lögregluskýrsla dags. 19.10.,3.11., 5.11.,25.11. 1997 og 6.5.1998 ásamt ljósmyndum.
4. Umboð M til lögmanns síns dags. 1.12.1997.
5. Bréf lögmanns M til lögglunnar í Hafnarfirði dags. 5.12.1997.
6. Bréf lögmanns M til sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 28.12.1998.
7. Bréf lögmanns M til Trygging h.f. dags. 7.1.1999.
8. Bréf V til lögmanns M dags. 29.6.1998 og 26.4.1999.
9. Bréf V til lögglunnar í Hafnarfirði dags. 1.4.1998.
10. Bréf V til rannsóknarstofnunar í lyfjafræði dags. 7.4.1999.
11. Bréf V til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum dags. 4.8. og 20.8.1999.
12. Bréf lögmanns M dags. 22.4.1998.
13. Bréf rannsóknarstofnunar í lyfjafræði dags. 2.11.1997 og 15.5.1999 ásamt fylgigögnum
14. Upplýsingarit frá lögglunni ódags.
15. Endurrit dóms héraðsdóms Reykjaness í málinu S-183/1998 dags. 8.5.1998.

**Málsatvik.**

Lögreglan í Hafnarfirði gaf A merki um að stöðva, en lögreglan var þá að eftirlitssörfum við Hafnarfjarðarveg. A sinnti ekki stöðvunarmerkjum lögreglu heldur jók hraðann. A var veitt eftirför. Skv. lögregluskýrslu var A ekið á ofsahraða eða hraðar en 150 km. og endaði akstur A með að A var ekið út af veginum skammt suður af gatnamótunum við Engidal. Við þetta umferðaróhapp slasaðist M, sem var farþegi í A. Ökumaður A var undir áhrifum áfengis við aksturinn og reyndist áfengismagn í blóði hans vera 1.59.

Ökumaður A sagðist ekki þekkja þá mikið, sem voru farþegar í bifreið hans í umrætt sinn, en auk hans voru tvær stúlkur auk eins pilts í bifreiðinni. Pilturinn sem var farþegi í A segir, að hann hafi þekkt stúlkurnar sem voru farþegar í A og kannast við ökumanninn og fengið leyfi til að setjast upp í hlinn og beðið ökumanninn að aka sér í partý í Breiðholti. Ökumaðurinn hafi ekki svarað, en ekið af stað skömmu síðar mjög hratt og hafi þrátt fyrir beiðni ekki ekið upp í Breiðholt heldur áleiðis til Hafnarfjarðar. Pilturinn kannast við að hafa séð þegar lögregla gaf A stöðvunarmerki og segir, að hraði A hafi verið rosalegur í framhaldi af því eða allt að 240 km. Pilturinn segist ekki vita hvort að ökumaður var undir áhrifum áfengis eða annars í umrætt sinn. Stúlkan sem var farþegi í A auk M segir, að hún og M hafi farið niður í miðbæ Reykjavíkur og hitt ökumann A og farið að tala við hann. Hún segir, að þær hafi verið lítillga undir áhrifum áfengis. Ökumaður A hafi síðan talað um það við einhvern, að hann ætlaði að fara að sækja bifreið sína og hafi hún þá beðið hann um að fá að fljóta með og hafi hún meint, að hann æki þeim heim. Ökumaður A hafi síðan sótt bifreið sína og lagt henni utan við skemmtistað í miðborginni og segist stúlkan ekki hafa séð, að ökumaðurinn væri undir áhrifum áfengis og ekki séð hann drekka áfengi eftir að þær vinkonurnar hittu hann. Stúlkan segir síðan svo frá, að piltur hafi komið að bílnum og beðið ökumanninn að aka sér upp í Breiðholt og síðan sest inn í aftursætið við hlið hennar. Stúlkan segir, að ökumaður A hafi síðan ekið af stað en ekki þangað, sem hún hafi óskað og því spurt hann hvort að hann vissi ekki hvar hún byggi, en hann svarað, að hann vissi ekki hvert hann væri að fara. Hún skýrir síðan frá ökuferðinni frá því að lögreglan gaf A stöðvunarmerki með svipuðum hætti og pilturinn sem var farþegi í A með henni. M sagðist lítið muna með vissu sem gerðist umrætt

kvöld, en vissi hvað ökumaðurinn hét, en segist ekki þekkja hann utan þess, að hún hafi hitt hann einu sinni áður. Athugað var sérstaklega hvort að ökumaður A hafi verið undir áhrifum annarra fíkniefna en áfengis við aksturinn, en skv. niðurstöðu rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfjafræði, þá var talið, að þær fíkniefnaleifar, sem fundust hjá ökumanni við prófun heðu ekki verið þannig, að átt hefðu að hafa marktæk áhrif á hegðun ökumannsins.

Lögmaður M krefst bóta fyrir hönd umbjóðanda síns og segir, að M hafi ekki vitað að ökumaður A hafi verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. V neitar bótaskyldu þar sem að M hafi ekki átt að geta dulist, að ökumaður A hafi verið undir áhrifum áfengis þegar hún tók sér far með honum. Í bréfi lögmans ökumanns A kemur fram, að ökumaðurinn telji að stúlkurnar sem voru farþegar í A í umrætt sinn hafi átt að vera ljóst, að hann var undir áhrifum áfengis þar sem að ökumaðurinn hafi verið með þeim fyrir um kvöldið, en ökumaðurinn segist þó skv. því sem segir í umræddu bréfi ekki geta með fullri vissu staðhæft að svo hafi verið þar sem að þær voru einnig ölváðar.

### Álit.

Lögmaður M heldur því fram, að M hafi ekki verið ljóst þegar hún þáði far hjá ökumanni A, að hann var undir áhrifum áfengis. Lögmaðurinn bendir á, að þrátt fyrir það, að áfengismagn í blóði ökumanns hafi verið 1.59 prómill þá geti það leynst. V heldur því fram, að M hafi ekki átt að geta dulist, að ökumaður A hafi verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. V telur því, að M hafi tekið áhættu með því að þiggja far með ökumanninum í umrætt sinn og með því fyrirgert bótarétti úr hendi ökumannsins eða V sem vátryggjanda bifreiðarinnar. V vísar síðan til dóms Hæstaréttar Íslands frá 1986 bls. 558 í dómasafni Hæstaréttar.

Tekið skal undir það með V, að í Hæstaréttarmálinu nr. 34/1984 dómasafni Hæstaréttar 1986 bls. 558, voru aðstæður með líkum hætti og í máli þessu. Áfengismagn í blóði ökumanns reyndist í Hæstaréttarmálinu vera 1.65 prómill eða örlítið meiri en í máli þessu. Meirihluti dómenda Hæstaréttar töldu, að athugull maður og allsgáður hlyti að hafa tekið eftir ytri áfengisáhrifum á manni er hefði svo mikið alkahólmagn í bóði. Minnihluti dómenda Hæstaréttar töldu að vínandamagn í blóði ökumanns hafi verið það mikið, að ekki sé ólíklegt að hann hafi borið merki um áfengisneyslu, en sérfræðilegra álitsgerða hafi ekki verið aflað um það hvort að telja megi það fullvíst að farþegi hans hafi hlotið að gera sér ljóst hvernig ástætt var hjá ökumanni, verði því ekkert fullyrt um það hvort að farþeginn hafi hlotið að gera sér ljóst, að ökumaðurinn var undir áhrifum áfengis þannig að hann fyrirgerði bótarétti sínum.

Í máli þessu hefur ekki verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti, að M hafi gert sér grein fyrir eða mátt sjá, að ökumaður A var undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. Pilturinn og stúlkna, sem voru farþegar með M í umræddri ökuferð hafa bæði borið, að þau hafi ekki merkt að ökumaður A hafi verið undir áhrifum áfengis áður en þau tóku sér far með honum. Þrátt fyrir að áfengismagn í blóði ökumanns A hafi mælst svo mikið sem að ofan greinir, þá þykir ekki hægt að fullyrða það miðað við þau gögn, sem fyrir liggja í málinu, að M hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst, að A var undir áhrifum áfengis í umrætt sinn. M hefur því ekki fyrirgert bótarétti sínum.

### Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ökutækjatryggingu A hjá V.

Reykjavík 14.9.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.  
Guðmundur Pétursson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 177/1999**

**M  
og**

**Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns**

**Ágreiningur um gildissvið slysatryggingar ökumanns  
vegna slyss þann 09.10. 1998.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 27.07. 1999.
2. Skýrsla tjónþola dags. 30.10. 1998.
3. Tilkyning til vátryggingafélagsins dags. 06.11. 1998.
4. Afrit reikninga.
5. Læknisvottorð dags. 11.02. 1999.
6. Viðmiðunartaxti fyrir vörubifreiðar dags. 01.10. 1998.
7. Bréf lögmanns tjónþola til vátryggingafélagsins dags. 30.03. 1999 og 07.06. 1999.
8. Bréf vátryggingafélagsins til lögmanns tjónþola dags. 29.06. 1999.
9. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 10.08. 1999.
10. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 667/1999.

**Málsatvik.**

Tjónþoli máls þessa var ökumaður vörubifreiðar. Hann var að vinna við vörubifreiðina við Skúlagötu í Reykjavík við endurnýjun götunnar. Slysið varð með þeim hætti að búið var að moka á bifreiðina og tjónþoli (hinn vátryggði samkvæmt slysatryggingu ökumanns) hafði ekið af stað þegar “moldarköggull á bílnum lagðist ofan á gaflinn aftast á bifreiðinni. Gaflinum var ætlað að varna því að farmurinn dytti af henni. Tjónþoli vildi koma kögglinum af bifreiðinni til að þurfa ekki að aka með hann út í umferðina, þar sem hann hefði ef til vill dottið á götuna.” Hann tók sleggju og sló í gaflinn aftast á bifreiðinni, “en þá vildi svo til að járnflís hrökk úr gaflinum í auga hans, svo að það skaddaðist.”

Tjónþoli rökstyður kröfu sína um bótaábyrgð samkvæmt slysatryggingu ökumanns með vísan til 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann hafi verið við starfa sinn sem ökumaður í umrætt sinn. Í málskotinu er vísað til dómariðkunar Hæstaréttar varðandi skýringu nefndrar 92. gr. umferðarlaga.

Vátryggingafélagið lætur þess efnislega getið að um gildissvið hinnar lögboðnu slysatryggingar ökumanns skv. 92. gr. umfl., eins og lagaákvæðinu var breytt með 2. gr. laga nr. 32/1998, skuli vátryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. laganna. Félagið telur að gildissvið greinarinnar sé þrengra en áður var og verði að skoða eldri dómsúrlausnir í því ljósi. Félagið telur að slysið hafi ekki hlotist af notkun ökutækis eins og það er skilgreint í 88. gr. umferðarlaganna. Slysið verði ekki rakið til hreyfanleika bifreiðarinnar, þunga, vélarafis eða búnaðar hennar að öðru leyti. Félagið telur “háttalag málskotsaðila að berja á gaflinn til að koma moldarkögglinum af bílnum í hæsta máta óvenjulegt og nánast óútskýranlegt.” Félagið telur fjarri lagi að bifreiðin hafi verið í “venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið, þegar slysið bar að höndum”. Í því sambandi vitnar félagið til Hrd. 1995 bls. 1727 (gafllökudómurinn). Félagið telur þegar litið sé til Hrd. 1997 bls. 3287, verði slysið að hljótast af akstri bifreiðarinnar eða af sérstökum búnaði hennar eða eiginleikum sem ökutækis eða flutningabifreiðar svo það teljist hafa hlotist af ökutæki í notkun. Í tilviki málskotsaðila hafi bifreiðin ekki verið í akstri eða á hreyfingu, þegar hann slasaðist. Slysið verði ekki heldur rakið til lyftubúnaðar fyrir pall bifreiðarinnar eða sjálfvirks eða vélknúins opunarbúnaðar á gafllöku á pallinum. Að engir sérstakir eiginleikar bifreiðarinnar sem ökutæki eða flutningabifreið hafi átt þátt í því að slysið varð. Félagið telur því ekki skilyrði til að fella slysið undir 92. gr. umferðarlaga.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 92. gr. umferðarlaga skal auk ábyrgðartryggingar skv. 91. gr. sömu laga, hver ökumaður sem ökutækinu stjórnar tryggður sérstakri slysatryggingu. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal vátryggingin tryggja bætur fyrir líkamstjón af völdum slyss, sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækisins, enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88. gr. sömu laga.

Með þeirri lagabreytingu sem gerð var á gildissviði 92. gr. umferðarlaga með 2. gr. laga nr. 32/1998 var gildissvið slysatryggingar ökumanns þrengt og um leið betur afmarkað. Verður að skoða eldri dómsúrlausnir í ljósi þessa.

Að teknu tilliti til ofanritaðs og fyrirbyggjandi gagna telur nefndin ekki skilyrði til að fella umrætt slys undir 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt slysatryggingu ökumanns.

Reykjavík 7. september 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Guðmundur Pétursson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 189/1999**

**M og  
Vátryggingafélagið V v/frjálsrar ábtryggingar A.**

**Vinnuslys í Vestfjarðagöngum þ. 2. og 4. 9.1995.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 16.8.1999 ásamt bréfi dags. 28.8.1998.
2. Niðurstaða tjonanefndar mál nr. 148/1999.
3. Tilkygning um slys/Vinnuslys dags. 13.9.1995.
4. Tjónstilkynning dags. 29.3.1996.
5. Umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið ásamt ljósmyndum dags. 14.9.1995.
6. Umsögn J dags. 15.12.1998.
7. Umsögn H dags. 21.10.1998.
8. Bréf lögmanna M dags. 29.8. 1998 og 14.1.1999.
9. Bréf V. dags. 21.10.1998, 18.2. og 30.8.1999.

**Málsatvik.**

Í tilkynningu um slysið segir, að M hafi verið á vinnupalli á körfubíl og unnið að uppsetningu á “skúmm” plötum í loft jarðgangnanna og gengið tvívegis þ.2. og 4.9.1995 á bolta sem stóðu niður úr loftinu með þeim afleiðingum, að M fékk hnykk á hálsinn. M segir, vinnuaðstöðu hafa verið þannig, að lýsing var mjög lítil og lítið sem ekkert hafi sést fyrir ryki þegar borað hafi verið fyrir kambstálum sem halda “skúmminu” við þetta bætist vatn úr berginu og mengun, 3 blásarar hafi verið teknir niður og hafi þurft að stöðva vinnu ítrekað vegna mengunar. Í umsögn Vinnueftirlitsins segir, að aðstæður á vinnustað hafi verið erfiðar, léleg lýsing, teinarnir standi langt niður úr mottum og því mikil hætta á því, að starfsmenn verði fyrir þungum höggum við að reka sig á. Vinnueftirlitið telur, að breyta hefði þurft vinnutilhögun til að koma í veg fyrir þá hættu, sem að þarna var fyrir hendi. Í umsögn sinni segir J að vinnuaðstæður við Vestfjarðagöng hafi verið erfiðar og mengun mikil, en hann vann að gerð gangnanna meðan verkið stóð yfir. Í umsögn H segist hann hafa verið staðarverkfræðingur þegar slysið varð og hafi búnaður og lýsing verð hefðbundin við slíka framkvæmd og hafi sambærilegar vinnuaðferðir verið notaðar bæði fyrir Vestfjarðagöngin og Hvalfjarðargöngin. H bendir á að auk ljósa frá bíl hafi starfsmenn haft ljós á hjálmi sínum.

Í bréfi lögmanna M kemur fram, að aðstæður á vinnustað hafi verið með öllu óforsvaranlegar vegna myrkurs, mengunar og þess, að jarnteinarnir hafi verið ómerktir með öllu og valdi það því, að sakarábyrgð vinnuveitandans sé fyrir hendi. V heldur því fram, að slysið verði ekki rakið til vanbúnaðar á vinnustað, sakar vinnuveitandans eða starfsmanna hans eða annarra atvika, sem að vinnuveitandinn beri ábyrgð á, en svo virðist sem um óhappatilvik hafi verið að ræða eða þess, að M hafi ekki gætt nægjar varúðar.

**Álit.**

Fyrir liggur, að vinnuaðstæður voru erfiðar þar sem slysin urðu. M rekur sig tvívegis með stuttu millibili á jarnteina, sem stóðu út úr berginu. Ekki liggur fyrir í málinu hvort það var algengt að starfsmenn rækjust illa á þessa jarnteina þannig að slys hlytist að eða hvort einungis var um slys á M að ræða. Í umsögn sinni segir staðarverkfræðingur, að búnaður og lýsing hafi verið hefðbundin við slíka framkvæmd og sambærilegar vinnuaðferðir verið notaðar bæði við Vestfjarðagöng og Hvalfjarðargöng. Þessari fullyrðingu staðarverkfræðingsins hefur ekki verið mótmælt og er því miðað við að hún sé rétt.

Þrátt fyrir að vinnuaðstæður væri erfiðar, sem raunar mátti vera öllum ljóst, sem að verkinu unnu, þá verður ekki séð skv. þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu, að vinnuaðstæður hafi

verið með þeim hætti, að felli sök á vinnuveitandann A. Af þeim ástæðum er tjón M ekki bótaskyld úr fjrjálstri ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

Tjón M er ekki bótaskyld úr fjrjálstri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 20.9.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 195/1999**

**M f.h. smurstöðvar  
og  
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar varahlutaverslunar B.**

**Ágreiningur um hvort B beri ábyrgð á tjóni sem varð er röng olúsía var sett í bifreið á umræddri smurstöð þann 01.02. 1999.**

**Gögn.**

1. Málskot móttekið 19.08. 1999.
2. Afrit af bréfi málskotsaðila dags. 19.03. 1999, til vátryggjanda B.
3. Ljósrit af umbúðum síunnar sem B seldi smurstöðinni.
4. Framburður tveggja starfsmanna smurstöðvarinnar dags. 12.04. 1999.
5. Ljósrit af nótu og umbúðum sem dæmi um merkingu á síu.
6. Ljósrit af vinnuplaggi sem dæmi um merkingu á síu.
7. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 02.09. 1999, þar sem hjálagt fylgdu ljósrit af símbréfi B til félagsins dags. 09.03. 1999 og 27.03. 1999 ásamt tilboðsblaði, ljósrit af símbréfi til vátryggingafélagsins dags. 25.03. 1999, bréf B til smurstöðvarinnar sags. 04.03. 1999, reikningur B dags. 20.02. 1999, ljósrit af bréfi smurstöðvarinnar til vátryggingafélagsins dags. 19.03. 1999, reikningur smurstöðvarinnar dags. 01.02. 1999, ljósrit úr smurbók bifreiðarinnar, reikningur dags. 05.03. 1999, ljósrit myndar af umbúðum smurolúsíu.
8. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 604/1999.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum varð tjón á bifreiðinni eftir að röng olúsía var sett í bifreiðina á umræddri smurstöð. Ágreiningur er um hvort B beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem varð á bifreiðinni. Af hálfu smurstöðvarinnar er því haldið fram að tjónið verði rakið til þess að starfsmaður B hafi selt smurstöðinni ranga gerð af olúsíu og að merkingar á síupakkanum hafi verið villandi. B hafnar ábyrgð á tjóninu sem talið er að hafi orðið vegna mistaka starfsmanna smurstöðvarinnar.

Fyrirliggjandi gögn gera grein fyrir afstöðu aðila, þá umfjöllun er óþarft að endursegja.

**Álit.**

Ekki hefur verið sýnt fram á að skemmdir á umræddri bifreið megi rekja til starfsmanns B. B ber því ekki ábyrgð á því að röng olúsía var sett í bifreiðina.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð B.

Reykjavík 14. september 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 205/1999**

**M og  
Vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar bílasölu**

**Tjón á bifreið vegna þjófnaðar á bifreiðinni þ. 11.6.1999.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 2.9.1999. ásamt bréfi lögmanns M dags. 31.8.1999.
2. Niðurstaða tjónanefndar mál nr. 831/1999.
3. Lögregluskýrslur dags. 11.6. og 12.6.
4. Bréf lögmanns M dags. 14.7. og 22.7.
5. Bréf V dags. 6.8., 20.7. og 27.7.1999
6. Tilkynning til lögreglu um stolið ökutæki 12.6.1999.

**Málsatvik.**

M setti bifreið sína í sölu hjá bílasölu. Brotist var inn í bílasöluna og lyklar af bifreið M teknir úr ólægstum skáp og bifreiðinni stolið. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu bílasölnnar hjá V og telur, að varðveisla lykla bifreiða í ólæstum skáp á skrifstofu bílasölnnar óforsvaranlega. Tjón M felst í því skv. bréfi lögmanns hans, að stolið var úr bifreiðinni þjófvarnarkerfi og hljómflytningstækjum auk tjóns, sem unnið var á bifreiðinni sjálfri. V hafnar bótaábyrgð og bendir á 1. tl. vátryggingaskilmála starfsábyrgðartryggingar bílasalans, en skv. því ákvæði sbr. nánari skýringu í 2. tl. vátryggingaskilmálanna taki tryggingin ekki til ábyrgðar sem sé víðtækari en almenn bótakskylda vátryggingataka sem bifreiðasala og ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum.

**Álit.**

Í 1. gr. vátryggingaskilmála þess bifreiðasala, sem hér á hlut á máli er fjallað um gildissvið vátryggingarinnar. Skv. gr. 2.1.4. nefndra vátryggingaskilmála tekur vátryggingin ekki til skemmda á munum. Ljóst er því, að tjón M er undanskilið í vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um og á M af þeim sökum ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu bifreiðasalans hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu bifreiðasalans hjá V.

Reykjavík 8.10.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 207/1999**

**S, bresk lögmannsstofa, f.h. F Ltd.**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar lögmanns.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmanns.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 6.9.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1132/1999.
3. Bréf til H frá föður hans, dags. 14.10.1997.
4. Skuldbindingaryfirlýsing (undertaking) G hdl, dags. 16.10.1997.
5. Bréf H til G, dags. 2.12.1997.
6. Alls 18 bréf S, dags. 20.11.1997 til 10.8.1999.
7. Bréf G, dags. 5.5.1999.
8. Þrjú bréf X, dags. 14.12.1998, 19.5.1999 og 4.10.1999.
9. Tvö bréf Fjármálaeftirlitsins, dags. 26.5.1999 og 6.7.1999.
10. Ensk þýðing á bréfi G og vátryggingarskilmálum

**Málsatvik.**

Með sérstakri yfirlýsingu (undertaking), dags. 16.10.1997, skuldbatt G hdl. (hér eftir nefndur G) sig gagnvart firmanu F í Bretlandi til að greiða inn á tiltekinn bankareikning F í London 45.000 sterlingpund eigi síðar en mánudaginn 27.10.1997. Var greiðslan bundin því eina skilyrði að greiðsla hafi þá ekki borist frá viðskiptavini firmans, H. G mun ekki hafa innt greiðsluna af hendi og með tilkynningu H, dags. 2.12.1997, var hann m.a. að fullu leystur undan (fully released) undan fyrrgreindri skuldbindingu. Í bréfi G til X, dags. 5.5.1999, segir að G hafi verið falið að tryggja að peningagreiðsla, sem innt yrði af hendi frá þriðja aðila, skyldi renna til greiðslu húsaleiguskuldar H í London. Hafi ábyrgðaryfirlýsingin varðað þessa greiðslu. Áður en G barst nokkur greiðsla hafi honum verið tilkynnt að hann hefði ekki lengur þessi störf með höndum.

Með bréfi breskrar lögmannsstofu, S, til téðs H, dags. 15.12.1997, var staðfest samþykki F á boði H um greiðslu 20.000 sterlingspunda, sem skyldi greidd eigi síðar en föstudaginn 19.12.1997. Hafi greiðsla hins vegar ekki borist innan hins tiltekna tíma hafi hann mátt líta svo á að boði hans hafi verið hafnað.

S hefur krafist X um greiðslu á þeirri fjárhæð sem G skuldbatt sig til að inna af hendi samkvæmt yfirlýsingunni frá 16.10.1997. Félagið hefur hafnað greiðsluskyldu.

**Álit.**

Ekkert er vitað nákvæmlega um tildrög þess að G gaf út umrædda yfirlýsingu þann 16.10.1997 að öðru leyti en því að hún varðaði greiðslu á húsaleiguskuld H í London. Ekkert er heldur vitað hvort eða að hvaða marki greiðslur hafi verið inntar af hendi í tengslum við uppgjör á skuldinni.

Í 1. gr. skilmála X fyrir starfsábyrgðartryggingu lögmannna kemur fram að vátryggt sé gegn bótaskyldu, er fellur á vátryggingartaka sem lögmann þegar þriðji maður verður fyrir almennu fjártjóni, sem rakið verður til vátryggingartaka sjálfs eða starfsmanna hans. Í 2. gr. skilmálanna eru tilgreindar áhættur, sem ábyrgð félagsins tekur ekki til. Samkvæmt 2. tl. þeirrar greinar nær ábyrgð félagsins ekki til ábyrgðar sem vátryggingartaki hefur tekið á sig og er víðtækari en almenn bótaskylda hans sem lögmanns.

Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að F hafi orðið fyrir almennu fjártjóni, sem beinlínis verður rakið til þess að greiðsla var ekki innt af hendi samkvæmt yfirlýsingu G frá 16.10.1997. Ef G telst vera bundinn af greindri yfirlýsingu þá felst í því skuldbinding sem er víðtækari en almenn skaðabótaábyrgð lögmanns. Með vísan til 2. tl. í 2. gr. skilmála sem gilda um starfábyrgðartryggingu G nær váttryggingin ekki til kröfu S á hendur G. Þegar af þeirri ástæðu fæst krafa S ekki greidd úr starfsábyrgðartryggingu G hjá X.

**Niðurstaða.**

Krafa S fæst ekki bætt úr starfsábyrgðartryggingu G hdl. hjá X.

Reykjavík, 16. nóvember 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 219/1999**

**M og  
Vátryggingafélagið V v/frjálsrar ábyrgðartryggingar.**

**Vinnuslys í verksmiðju A í Helguvík þ. 7.4.1998.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 2.9.1999.
2. Niðurstaða tjonanefndar mál nr. 665/1999.
3. Lögregluskýrsla dags. 7.4., 15.4. og 30.4. ásamt ljósmyndum.
4. Tilkynning um vinnuslys dags. 14.4.1998.
5. Eftirlitsskýrsla Vinnueftirlits ríkisins dags. 15.4. 1998 og umsögn dags. 15.4.1998.
6. Tjónstilkynning dags. 3.5.1999 ásamt fylgiskjali.
7. Bréf lögmanns M dags. 19.3., 16.8. og 20.9.1999.
8. Bréf V dags. 7.4.1998, 3.6., 4.6., 25.6., 26.8. og 12.10.1999.
9. Verklagsreglur v. hreinlætisáætlunar.
10. Vottorð og örorkumat dags. 29.4. og 24.6. og 11.8.1998.

**Málsatvik.**

M vann við þrif á vélum í vatnsvinnusal verksmiðju A í Helguvík. Í umrætt sinn var hann að þrifa snigla. M segir, að þegar hann hafi komið á vakt sína hafi hann slökkt á öllum sniglum í vinnslusalnum og þrifið einn snigil og verið einn við það verk og gengið erfiðlega og spurt verkstjóra hvort ekki væri betra að hafa sniglana í gangi þegar verið væri að þrifa þá. M segir, að verkstjórinn hafi svarað því á þann veg, að M gæti fengið eins marga snigla í gang eins og hann vildi. M segist vera óvanur öllum öryggisatriðum við svona vinnu enda ekki unnið lengi á umræddum vinnustað og hafi ekki vitað að það var ófrávíkjanleg vinnuregla, að sniglar væru ekki í gangi þegar þeir væru þrifnir. Þá segist M vita það eftir slysið, að ekki sé ætlast til að einn aðili vinni við að þrifa sniglana það eigi alltaf að vera tveir við það verk öryggisins vegna, en þetta hafi verið í fyrsta sinn, sem M þreif þessa snigla í vinnslusalnum. M segir, að snigilrennan liggja neðst alveg niður við gólf og neðst á henni sé tveggja tommu gat sem tappi sé í. M segir að tappinn sé losaður og drulla síðan hreinsuð úr snigilrennunni og hafi tappinn ekki verið í gatinu í umrætt sinn og hafi niðurfallið verið stíflað af drullu. Vegna stíflunnar segist M hafa sett fingur vinstri handar upp um gatið í því skyni að losa um drullu í snigilrennunni og hafi ekki áttað sig á að snigillinn var í gangi og lent með tvo fingur í sniglinum og orðið fyrir slysi, sem nánar er lýst í skjölum málsins.

Verkstjóri M segir, að venjulega annist tveir menn um að þrifa sniglana, en það sé ekki undantekningarlaus regla. Verkstjórinn segir, að fyrst hafi M þrifið einn snigil og síðan beðið sig um að gangsetja þá snigla, sem að M var að fara að þrifa og segist verkstjórinn hafa farið inn í stjórnstöðvarherbergi og gangsett sniglana að beiðni M og síðan hafi síminn hringt og hann vikið frá til að svara og á meðan hafi slysið átt sér stað.

Vinnslustjóri verksmiðjunnar segir að alltaf sé mælt til þess, að tveir menn vinni saman að hreinsun snigla og þá eigi alltaf að taka úr sambandi þegar unnið sé við hreinsun þeirra, en þurfi að gangsetja þá sé ætlast til, að notaður sé sérstakur rofabúnaður til að hægt sé að kveikja og slökkva á sniglunum eftir vild. Vinnslustjórinn segir að M hafi verið óvanur að þrifa þessi tæki og sett fingurnar upp í ofangreint gat í einhverju aðgæsluleysi.

Í tilkynningu Vinnueftirlits ríkisins um vinnuslys segir, að M hafi gleymt því að snigillinn var í gangi með þeim afleiðingum að slysið varð. Í eftirlitsskýrslu Vinnueftirlitsins segir, að verkstjórum sé skylt að gera starfsmönnum glögga grein fyrir hvernig staðið sé að verki við hreinsun sem þá sem um ræðir í máli þessu og stöðva vélina meðan á hreinsun stendur. Í

umsögn Vinnueftirlitsins segir, að vinnubrögð og starfshættir séu mjög hættulegir og ávallt skuli stöðva snigla og aftengja þegar hreinsun fari fram. Þá segir, að verkstjórinn hafi ekki verið viðstaddur og hafi ekki gefið nákvæm fyrirmæli um verktilhögun að sögn M. Niðurstaða Vinnueftirlitsins er síðan sú, að ranglega hafi verið staðið að hreinsun og öryggisútbúnaður ekki notaður.

M krefst bóta og í bréfum lögmans hans kemur fram, að verkstjórn og eftirlit með verkinu hafi verið ábótavant sbr. umsögn Vinnueftirlits ríkisins. Þá hafi nauðsynlegri leiðbeiningarskyldu ekki verið fullnægt varðandi það hvernig M skyldi standa að hreinsun snigilsins. Einnig er því haldið fram, að á það hafi skort, að verkstjórn og eftirlit með verkinu hafi verið með viðunandi hætti. Einnig er á það bent, að ætlast hafi verið til, að tveir menn ynnu að umræddri hreinsun en ekki einn. Lögmaður M bendir á að miðað við aðstæður sé eðlilegt, að sakarmatið sé strangt í garð vinnuveitanda og því eigin sök M lítil.

V bendir á, að samkvæmt frásögn M sjálfs þá hafi honum verið kunnugt um að snigillinn var í gangi þegar hann vann við hreinsun á honum. V telur, að þar sem M sé menntaður vélstjóri hafi hann mátt gera sér grein fyrir þeirri augljósu hættu sem hafi stafað af því að stinga fingrunum inn um tæmingarop þegar snigillinn væri í gangi. Í ljósi þessa telur V, að M eigi að bera helming tjónsins vegna eigin sakar.

#### **Álit.**

Ljóst er af umsögn Vinnueftirlits ríkisins, að aðstæður við umrætt verk voru erfiðar og hættulegar. Þá kemur fram í gögnum málsins, að ekki var staðið að hreinsun snigilsins í umrætt sinn svo sem ætlast er til. Vinnuveitandinn ber því sök í málinu. Til þess er að líta, að M er menntaður vélstjóri og þrátt fyrir að hann hafi ekki unnið lengi á umræddum vinnustað mátti hann gera sér grein fyrir þeirri hættu sem leiddi af því að stinga fingrum upp í niðurfallsop snigils sem er í gangi. Miðað við ofangreindar aðstæður þykir rétt, að M beri helming sakar.

#### **Niðurstaða.**

V bæti tjón M að hálfu en M ber helming tjónsins vegna eigin sakar.

Reykjavík 2.11.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 249/1999**

**M og  
Vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar B.**

**Vatnstjón á fasteign við Borgarbyggð í júlí.1995.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 22.10.1999.
2. Niðurstaða tjónanefndar mál nr. 1056/1999
3. Bréf M dags. 30.1.1999.
4. Bréf B dags. 30.12.1998 og 5.2. og 19.5.1999.
5. Bréf lögmanns M og umboð dags. 25.2., 29.4., 4.5., 5.9., og 17.10.1999.
6. Bréf V dags. 26.1., 19.2. og 30.9.1999.
7. Kostnaðaryfirlit dags. 20.11.1998.

**Málsatvik.**

M segir, að í júlí 1995 hafi neysluvatnsþrýstingur skyndilega fallið og hafi byggingarfulltrúa B verið tilkynnt um málið. M segir að í ágúst 1995 hafi orðið vart við bleytu- og rakaskemmdir og hafi V verið tilkynnt um málið og kallaður til pípulagningameistari sem ekkert athugavert hafi fundið. M segir, að síðar hafi bæjarverkstjóri komið úr sumarleyfi og séð, að ástæða þessa hafi verið að vatnsheimæð hafi verið skemmd fyrir utan húsvegg. M segir að lögnin hafi verið lagfærð honum að kostnaðarlausu og hafi hann tjáð skrifstofustjóra B. að hann teldi sig eiga rétt til bóta vegna þess tjóns sem varð vegna skemmdu heimæðarinnar. B hafnar bótaskyldu og telur vatnsheimtaugar lagðar fyrir 1992 séu í eigu og á ábyrgð viðkomandi lóðarhafa þar til endurnýjun á þeim hafi átt sér stað af viðkomandi vatnsveitu. B segir þetta gilda nema um annað hafi verið samið milli neytanda og viðkomandi vatnsveitu. Í bréfi frá 5.2.1999 segist B ekki leggja neinn dóm á bótaskyldu, en vísar á V. V hafnar bótaskyldu og telur sig ekki bera ábyrgð á viðkomandi vatnsheimæð. Lögmaður M heldur því fram, að viðhald heimæðar sé á ábyrgð B, sem sé með tryggingu hjá V auk þess sem M sé einnig með tryggingu hjá V þá vísar lögmaðurinn til 4.gr. 1. nr. 81/1991 sem tóku gildi þ. 1.1.1992, þar sem kveðið er á um viðhaldsskyldu sveitarstjórna á heimæðum næstu 5 árin og hafi þetta lagaákvæði verið í gildi á tjónsdegi.

**Álit.**

Hlutlæg ábyrgð vegna tjóns vegna bilana á vatnsheimæðum gildi ekki á tjónsdegi. Ekki er sýnt fram á saknæma háttsemi starfsmanna B eða annarra sem getur valdið því að bótaskylda verði felld á V skv. þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu. Æskilegt væri, að V sýndi aðilum máls og Úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum þá tilhlýðilegu virðingu, að gera með fullnægjandi hætti grein fyrir sjónarmiðum sínum í málum sem þessum.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda V er ekki fyrir hendi í máli þessu.

Reykjavík 7.12. 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 256/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags**

**Meiðsl á skíðum á skíðasvæðinu í Bláfjöllum 21.01. 1999.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 29.10. 1999.
2. Bréf lögmanns M til vátryggingafélagsins dags. 05.03. 1999,
3. Bréf forstöðumanns skíðasvæðisins í Bláfjöllum dags. 12.04. 1999.
4. Tjónstilkynning dags. 02.02. 1999.
5. Skýrsla lögreglu.
6. Bréf vátryggingafélagsins til lögmanns M dags. 23.04. 1999 og 27.08. 1999 og til nefndarinnar dags. 11.11. 1999, þar sem hjálagað fylgdi bréf félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna dags. 16.08. 1999.
7. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 904/1999.

**Málsatvik.**

M slasaðist á skíðum í Bláfjöllum að kvöldi umrædds dags. Þegar hann var nýlagður af stað efst í brekkunni tók hann beygju í átt að diskalyftu og fann þá að hann var í lausu lofti. Hann lenti á hliðinni en náði eð reysa sig upp aftur og sveigja til baka en lenti þá á kanti með þeim afleiðingum að hann missti jafnvægið og féll. Við þetta slitnuðu liðbönd og krossbönd í hægra hné. M telur að orsök slyssins megi rekja til þess að ljós vantaði á staura efst í brekkunni, lýsingu hafi verið áfátt. Auk skorts á lýsingu hafi brautin verið illa troðin vegna æfingar sem nýlega var búin.

Forstöðumaður skíðasvæðisins hefur upplýst að “vel ratbjart” hafi verið um brekkuna og að skíðaæfing hafi verið nýlokið þegar óhappið átti sér stað. Að ljóskastara hafi vantað á fjórða staur en það hafi ekki hamlað skíðadeild að stunda sínar æfingar. Svæðið hafði verið troðið á hefðbundin hátt fyrr um daginn. Eftir æfinguna voru “að sjálfsögðu grafningar í brekkunni sem að saúst greinilega og almennir skíðamenn sneiddu framhjá.” Hann telur að vísa beri til ábyrgðar skíðamanna á eigin gjörðum eins og fram kemur á lyftukortum sem skíðamenn kaupa þ.e að handhafi kortsins sé á skíðum á eigin ábyrgð. Skíðasvæðið verði eingöngu bótaskyld ef eitthvað hendir á meðan að skíðamenn eru í lyftum eða búnaði þeim tengdum, að álitu forstöðumannsins.

Vátryggingafélagið telur að mál þetta verði ekki rakið til atvika sem sveitarfélagið ber skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og ábyrgðar skíðamanna sjálfra á iðkun sinni er ekki unnt að fallast á að atvik máls þessa hafi bótaábyrgð í för með sér samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu. Ekki hefur verið sýnt fram á að slysið hafi orðið vegna þess að lýsingu vantaði í brekkuna ellegar aðstæðna að öðru leyti sem starfsmenn skíðasvæðisins beri ábyrgð á. Hér er um óhapp að ræða sem M ber sjálfur ábyrgð á.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 23. nóvember 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 265/1999**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar fiskvinnslufyrirtækis.**

**Ágreiningur um bótaábyrgð vegna líkamstjóns í fiskvinnslufyrirtæki þann 28.2.1998.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 3.11.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1096/1999.
3. Fimm lögregluskýrslur og ein upplýsingaskýrsla frá lögreglu.
4. Skýrsla málskotsaðila, dags. 22.11.1998.
5. Tjónstilkynning til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 30.11.1998.
6. Tjónstilkynning M til X, dags. 22.12.1998.
7. Vottorð um veður, dags. 25.11.1999.
8. Læknisvottorð, dags. 25.3.1999, ásamt teikningum og ljósmyndum.
9. Bréf H hrl., dags. 26.8.1999.
10. Bréf X, dags. 9.3., 22.9., 14.10. og 15.11.1999.

**Málsatvik.**

Þann 28. febrúar 1998 um kl. 9 að morgni var M við störf í fiskverkunarhúsi F í Keflavík. Hún var að ganga eftir gólfi móttökusalnar í norðurenda hússins, er hún rann til á gólfinu án þess þó að detta. Við það fékk hún slink á bakið. Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var hitastig á Keflavíkurfluvelli kl. 9 umræddan morgun  $-10,4^{\circ}\text{C}$  og 4 vindstig.

M kvaðst hafa verið að ganga eftir gólfinu án þess að bera nokkuð í fanginu. Hún hafi verið á góðum stígvélum með stömum og gripgóðum sólum. Hafi hún ekki vitað fyrir til en hún hafi runnið til á gólfinu þannig að hún var nærri dottin aftur fyrir sig, en náð að standa á fótunum. Hún kvað ísingu hafa reynst vera gólfinu, sem hún hafði ekki áttað sig á. Ísingin hafi verið þannig að ekki hafi verið hægt að sjá hana og ekki gott að átta sig á því hvort gólfíð hafi verið blautt eða þurrt. Strax eftir óhappið hafi hún ausið salti á gólfíð til að eyða ísingunni.

Eitt vitni kveðst hafa séð er M var nærri dottin á gólfinu, en ísing hafi verið á gólfinu umrætt sinn og yfirleitt sé “skítkalt” í móttökusalnum, þegar kalt hafi verið í veðri. Einn fyrrverandi starfsmaður F ber að aldrei hafi verið hægt að halda hita í móttökusalnum, þegar frost var úti. Þá ber annar fyrrverandi starfsmaður F að stundum hafi það gerst að gólfíð hafi náð að ísa, þegar mjög kalt hafi verið í veðri. Ekkert er haft eftir fyrrsvarsmönnum F um slysið, sem máli skiptir.

**Álit.**

Af fyrirliggjandi málgögnum verður ekki séð að líkamstjón M megi rekja til vanbúnaðar í húsinu. Ekki verður heldur séð að fyrrsvarsmenn F hafi vitað eða mátt vita um ísingu á gólfinu áður en M rann til á því þannig að þeim hafi borið að gera ráðstafanir til að eyða hálkunni. Verður bótaábyrgð því ekki felld á F vegna þess líkamstjóns sem M varð fyrir.

**Niðurstaða.**

F ber ekki bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 15. desember 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 270/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/farangurstryggingar.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á farangri þann 2.7.1999.**

**Gögn.**

1. Málskot móttækið 5.11.1999.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli nr. 1004/1999.
3. Vátryggingarskírteini fyrir farangurstryggingu (ferðatryggingu).
4. Skilmálar fyrir farangurstryggingu.
5. Bréf X, dags. 6.12.1999.

**Málsatvik.**

M keypti farangurstryggingu hjá X, sem gildi tímabilið 13.6.1999 til 8.7.1999. Vátryggingarfjárhæð hinna tryggðu muna nam kr. 200.000. Sérskráðir munir í skírteininu voru videomyndavél, myndavél og föt. Þann 2.7.1999 var M staddur á svonefndri Hróarskelduhátíð í Hróarskeldu í Danmörku. Samkvæmt því er segir í málskoti mun M hafa skilið eftir í læstu tjaldi á hátíðarsvæðinu bakpoka sem hafði að geyma videoupptökuvél, myndavél, fatnað og aðra muni. Var þá tjaldinu og bakpokanum stolið ásamt því sem í honum var. M hefur krafist X um bætur, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Í skilmálum farangurstryggingar hjá X er ákvæði varðandi takmarkanir á bótaskyldu er segir að félagið greiði ekki tjón sem verður er vátryggður fer þannig með hlut að við missi megi búast. Er tjónið varð, var M staddur á Hróarskelduhátíð í Danmörku eins og fyrr greinir. Með því að yfirgefa tjald sitt, þótt læst hafi verið, á slíkri hátíð og með þeim verðmætum sem í því voru hefur M farið þannig með hina vátryggðu muni að búast mátti við að þeim yrði stolið. Hefur M því ekki farið að fyrirmælum vátryggingaskilmála um meðferð hinna vátryggðu muna og á því ekki rétt til bóta úr farangurstryggingunni.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr farangurstryggingu hjá X.

Reykjavík, 15. desember 1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 274/1999**

**A**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs G.**

**Vinnuslys við fiskvinnslu þann 23.09. 1996.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 12.11. 1999.
2. Greinargerð lögmanns tjónþola dags. 09.11. 1999 þar sem hjálagt fylgdu gögn sem merkt eru í málskotinu frá nr. 1 til 11.
3. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 26.11. 1999 þar sem hjálagt fylgdu ljósmyndir sem lögreglan tók af vettvangi, skýrsla G dags. 27.10. 1998, athugasemdir vinnueftirlitsmanns dags. 13.11. 1998 vegna skýrslu G og bréf vátryggingafélagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna dags. 07.12. 1998.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1071/1998.

**Málsatvik.**

Málsatvikum og aðstæðum á vettvangi er ítarlega lýst í fyrirbyggjandi gögnum.

Þann 23.09. 1996 varð A, (sem fæddur er á árinu 1975) starfsmaður G, fyrir slysi við vinnu sína í fiskvinnslu fyrirtækisins. Hann var að vinna við færiband sem liggur úr síló og upp í vigt pokapökkunarvélar. Hann losaði hlíf fyrir enda færibandsins án þess að stöðva færibandið fyrst. Síðan missti hann hlífina og hún barst með færibandinu að pokapökkunarvélinni. Þegar hann teygði sig eftir hlífinni klemmdist hann með litla finger vinstri handar milli hlífar og vélarinnar þannig að meiddi hlutust af.

G hafnar því að bera bótaábyrgð vegna slyssins. Slysið verði eingöngu rakið til eigin sakar A, hann hafi ekki stöðvað færibandið áður en hann reyndi að fjarlægja hlífina.

Vátryggingafélagið telur að ekkert liggi fyrir í málinu sem bendi til þess að slysið megi rekja til atvika sem G ber skaðabótaábyrgð á. Það telur að slysið verði einvörðungu rakið til óhappatilviljunar eða eigin sakar A.

Í málskotinu er þess getið m.a. að fyrir liggi í málinu að vinnuveitandinn hafi ekki talið færibandið hááhættutæki við þrif. Slysið hafi verið eins og hvert annað slys sem menn hafi ekki séð fyrir. Fram kemur að það hafi ekki verið starfsregla að stöðva færibandið þegar það hafi verið þrifið. Oftar en ekki hafi færibandið verið í gangi. Að eftir slysið hafi verið varað við því að starfsmenn reyndu að sækja hlífina, dytti hún niður. Einnig hafi verið settur upp aðvörunarmiði um klemmingarhættu. Þá hefðu eyru verið sett á hlífina til þess að koma í veg fyrir að hún gæti dottið niður. Fram kemur að án vitundar þeirra sem við færibandið unnu hafi búnaði við öryggishlífina á færibandinu verið breytt þannig að hlífin féll niður á bandið sem hún hafði ekki gert áður. Þegar á allt sé litið skorti öll rök fyrir þeim fullyrðingum G að tjónþoli eigi sjálfur sök á því að slysið varð og þeirri fullyrðingu vátryggingafélagsins að slysið verði eingöngu rakið til óhappatilviljunar eða eigin sakar tjónþola. Þvert á móti komi fram að slysið megi rekja til ófullnægjandi öryggisbúnaðar við umrædda hlíf á færibandinu og vanrækslu þess að ganga úr skugga um að breytingar á búnaðinum gætu ekki valdið hættu á slysi. “Þar kemur einnig til vanræksla þess að gera starfsmönnum, sem við færibandið unnu, grein fyrir hverjar breytingarnar voru.”

Fyrirbyggjandi er umsögn Vinnueftirlits ríkisins. Fram kemur m.a. að við athugun á vélinni “kom í ljós að ekki var rofi tengdur hlífinni, sem kæmi í veg fyrir að vélin gæti gengið, þegar hlíf var ekki á sínum stað. Samkvæmt reglum um vélar og tæknilegan búnað nr. 580/1995 skal slíkur rofi vera tengdur hlífabúnaðinum samanber grein 1.4.” Vinnueftirlitið telur að rekja megi orsök slyssins til þess að vélin var ekki stöðvuð á meðan hreinsun fór fram. Það gerir þá kröfu til aðila að bannað sé að hreinsa vélnar á meðan þær eru í gangi og að starfsmönnum skuli kenndar reglur varðandi þrif á vélum.



**Álit.**

Vinnueftirlitið gerir alvarlegar athugasemdir við aðstæður á vettvangi þ.e. þá vinnuaðstöðu sem fyrir hendi var. Það telur að rekja megi slysið til ófullnægjandi öryggisbúnaðar. Nefndin hefur enga ástæðu til að efast um réttmæti athugasemda eftirlitsins.

Nefndin telur að tjónþoli beri að hluta ábyrgð á því að slysið varð. Það var óvarlegt af honum að reyna að fjarlægja hlífina af færibandinu. Ekki er unnt að líta svo á að um ósjálfráð viðbrögð hafi verið að ræða.

Þegar tekið er mið af framanrituðu, fyrirbyggjandi gögnum og aðstæðum á vettvangi verður sök skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir en réttarstaða tjónþola (A) skerðist um helming vegna eigin sakar.

Reykjavík 21. desember 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 279/1999**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X.**

**Atvinnutjón leigubifreiðastjóra og kostnaður vegna breytinga á bifreið**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16.11.1999.
2. Lögregluskýrsla.
3. Yfirlýsing frá bifreiðaumboði varðandi bifreiðakaup, dags. 30.09.1999.
4. Bréf vátryggjanda, dags. 18.11.1998.
5. Afsal til vátryggingafélagsins Y, dags. 11.01.1999.
6. Bréf vátryggingafélagsins Y, dags. 20.04.1999.
7. Staðfesting endurskoðanda, dags. 19.04.1999.
8. Bréf dóttur málskotsaðila dags. 20.05.1999.
9. Innheimtubréf, dags. 08.06.1999.
10. Reikningar.
11. Vottorð frá viðgerðaraðila, dags. 29.04.1999.
12. Matsbeiðni, dags. 30.11.1998.
13. Matsgjörð, dags. 07.01.1999.
14. Bréf lögmans vátryggjanda, til nefndarinnar, dags. 30.11.1999.

**Málsatvik.**

Þann 4. október 1998 varð árekstur með bifreiðunum A og B á mótum Bústaðavegar og Litluhlíðar í Reykjavík. Var viðurkennt frá upphafi að eigandi B bæri fulla bótaábyrgð á tjóni því sem varð á A sem var eign málskotsaðila. Ágreiningur sem hér er til umfjöllunar varðar bótafjárhæðir og eru málsaðilar samþykkir að nefndin úrskurði um málið. Samkvæmt málskoti telur málskotsaðili óuppert tjón vera:

- |   |                  |
|---|------------------|
| 1. Kostnað vegna breytinga á bifreið til leiguaksturs m/VSK | kr. 52.693       |
| 2. Atvinnutjón vegna bifreiðarmissis                        | “ <u>568.225</u> |

Samtals kr.620.225

Vátryggjandi telur að málskotsaðili hafi þegar fengið tjón sitt að fullu bætt.

Samkvæmt gögnum málsins bauð vátryggjandi í kjölfar tjónsatburðar að greiða bifreiðina út með kr. 2.000.000.- Tilboð hans var samþykkt af málskotsaðila. Málskotsaðili pantaði sér nýja bifreið hjá bifreiðaumboði og var pöntun hans staðfest af framleiðanda þann 13.10.1998. Bifreiðina fékk hann síðan afhenta þann 27.01.1999.

Þann 18.11.1998 hafði tjónsuppgjör ekki enn farið fram og tilkynnti vátryggjandi þá málskotsaðila að hann teldi sig óbundinn af samkomulaginu og að hann myndi fara fram á að dómkvaddir yrðu matsmenn til þess að meta verðgildi ökutækisins í núverandi ástandi og miðað við ástand þess fyrir tjón og/eða að áætla viðgerðarkostnað bifreiðarinnar. Áskilinn var réttur til að gera upp tjónið með hliðsjón af niðurstöðu matsmanna. Beiðni til Héraðsdóms Reykjavíkur um dómkvaðningu matsmanna er dags. 30.11.1998. Samkvæmt matsgjörð dags. 07.01.1999 var viðgerðarkostnaður talinn kr. 705.751 og viðgerðartími 21 dagur. Verðmæti bifreiðar fyrir tjónsatburð var metið kr. 1.950.000 miðað við staðgreiðslu.

Málskotsaðili var með bifreið sína húftryggð hjá vátryggingafélaginu Y og greiddi félagið samkvæmt afsali dags. 11.01.1999 kr. 2.000.000 fyrir bifreiðina gegn framsali á bótakröfu. Jafnframt greiddi félagið vegna afnotamissis kr. 117.768.- þ.e. kr. 5.608 á dag í 21 dag. Samkvæmt bréfi lögmans vátryggjanda dags. 07.12.1999 lauk uppgjóri við Y þann

21.10.1999 með greiðslu að fjárhæð samtals kr. 2.164.909.- þar innifalið kr. 2.000.000 vegna bifreiðarinnar og kr. 117.768 vegna afnotamissis.

Málskotsaðili krefst bóta fyrir atvinnutjón í 118 daga eða frá tjónsatburði 04.10.1998 þar til 30.01.1999 þegar nýja bifreiðin sem afhent var 27.01.1999 var komin í atvinnuhæft ástand. Atvinnutjón samkvæmt kröfu hans miðast við kr. 5.813,50 á dag en samkvæmt vottorði löggilts endurskoðanda var meðaltal reiknaðra launa hans og hagnaðar á dag sú fjárhæð tímabilið 01.01.1998 til tjónsdags. Frekari gögn hafa ekki verið lögð fram til stuðnings kröfufjárhæð. Krafan að frádregnum þegar greiddum bótum vegna afnotamissis nemur kr. 568.225.-

Jafnframt krefst málskotsaðili kostnaðar við að setja í bifreiðina öryggisbelti og sæti sem hann telur ekki hafa verið innifalinn í verði eldri bifreiðarinnar.

### **Álit.**

Bætur fyrir tjón á bifreiðinni A ákvarðast á grundvelli reglna um bætur fyrir altjón. Samkvæmt því er réttur til bóta fyrir verðmæti bifreiðarinnar og tjón af völdum afnotamissis hennar sem telja má sennilega afleiðingu slíks tjóns, þ.e. vegna afnotamissis þann tíma sem gera má ráð fyrir að taki að afla sambærilegs ökutækis. Samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna var verðmæti bifreiðarinnar fyrir tjón talið vera kr. 1.950.000.- og viðgerðartími 21 dagur. Með hliðsjón af matinu sem eigi hefur verið hnekktt og fjárhæð bótagreiðslna til málskotsaðila verður ekki annað séð en hann hafi fengið fullar bætur fyrir bifreiðina. Vátryggjandi hefur samþykkt að greiða og þegar greitt kr. 117.768.- fyrir atvinnutjón vegna afnotamissis bifreiðarinnar miðað við kr. kr. 5.608.- á dag í 21 dag. Af framkomnum gögnum verður ekki talið að málskotsaðili hafi sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir frekara tjóni vegna afnotamissis sem telja megi sennilega afleiðingu af tjónsatburði. Sérstaklega skal tekið fram að langur biðtími málskotsaðila eftir nýrri bifreið leiðir ekki eitt sér til aukinnar greiðsluskyldu vátryggjanda.

### **Niðurstaða.**

Ósannað er að málskotsaðili hafi orðið fyrir frekara greiðsluskyldu tjóni en því sem þegar hafa verið greiddar bætur fyrir.

Reykjavík 12. janúar 2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Guðný Björnsdóttir hdl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

**Mál nr. 284/1999**

**M v/bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar verktakans B.**

**Umferðaróhapp á Miklubraut þann 25.10. 1999.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 19.11. 1999.
2. Skýrsla lögreglu og afstöðuteikning.
3. Bréf vátryggingafélagsins dags. 10.11. 1999,
4. Bréf lögfræðipjónustu FÍB dags. 04.11. 1999 til verktakafyrirtækisins (B).
5. Tjóntilkynning og ódagsett og undirrituð yfirlýsing um merkingar um hámarkshraða.
6. Tjónaskoðunarskýrsla.
7. Afrit ljósmynda
8. Bréf X til nefnarinnar dags. 05.12. 1999 vegna málskotsins.
9. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1205/1999.

**Málsatvik.**

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum ók ökumaður A bifreið sinni austur Miklubraut eftir hægri akrein. Samhliða A var önnur bifreið á vinstri akrein. Skammt vestan Skeiðarvogs snérist bifreiðin skyndilega vegna hálfu og rakst utan í hina bifreiðina og valt.

Ástæða hálkunnar var að vatn hafði flætt úr skurði sem verktakinn hafði grafið við akbrautina. Samkvæmt tjónstilkynningu var umræddur verktaki að dæla vatni í niðurfali en þá flæddi vatn út á akbrautina er dælustútur fór upp úr niðurfalli og við það myndaðist ísing.

Málskotsaðilinn vekur athygli á því áliti verktakans að hann telur að við báða aðila sé að sakast. Málskotaðilinn mótmælir því áliti sem Tjónanefnd vátryggingarfélaganna byggir álit sitt á þ.e. að merkingar um framkvæmdir hafi verið uppi og að ökumaður þurfi ávallt að vera viðbúinn hálfu á vegum á þessum árstíma. Málskotsaðilinn getur þess að hér sé verktakinn að vinna við eina fjölförmostu umferðargötu borgarinnar. Engar sérstakar merkingar hefðu verið uppi um bleytu (hálfu) á akbraut og því ekkert tilefni til að varast hálfu sérstaklega. Þurrt hafi verið og hvergi hálfu á akbrautinni nema hún væri af manna völdum. Verktakanum hafi verið fullkunnugt um að hálfu mundaðist á tvíbreiðri akbraut skyndilega án þess að ökumenn sem þar óku um hefðu tilefni til að ætla að hálfu væri enda engin ástæða til að búast við hálfu þennan dag. Hann telur að gera verði kröfu til verktaka, ekki hvað síst þeirra sem annast framkvæmdir við þessar aðstæður, að setja sérstakar hættumerkingar upp.

Lögreglan getur frásagna ökumanna sem óþarft er að rekja. Hún getur þess og að á umræddum tíma voru framkvæmdir í gangi á vegum borgarinnar og af þeim sökum hafi grunnvatn runnið út á akbrautina. Við það hafi myndast mikil hálfu á um 300 metra kafla á hægri akrein Miklubrautar til austurs. Haft hafi verið samband við borgarvakt sem hafi sent starfsmenn á vettvang til að bera salt á akbrautina. Það var dagsbirta, sólskin, blautt/ísing þar sem tjónið varð.

Vátryggingafélagið getur þess að þar sem áreksturinn varð hafi staðið yfir umfangsmiklar framkvæmdir og að merkingar voru uppi þar að lútandi. Upplýst hafi verið að þar hafi einnig verið merkingar um leyfilegan hámarkshraða 50 km/klst sem settar hefðu verið upp í samráði við lögreglu. Samkvæmt skýrslu lögreglu var ökuhraði A sagður 60-70 km/klst og samkvæmt því megi álykta að rekja megi áreksturinn til of mikils hraða og aðgæsluleysis ökumanns.

**Álit.**

Það álitaefni sem borið er undir úrskurðarnefndina er hvort bótaábyrgð hafi stofnast samkvæmt ábyrgðartryggingu verktakans B vegna þess umferðaróhapps sem hér um ræðir. Ökumaður A fer fram á viðurkenningu á bótaskyldu verktakans.

Telja verður að það hafi verið óvarlegt að láta vatn flæða um götuna við þær aðstæður sem fyrir hendi voru. Virðast starfsmenn verktakans ekki hafa gert fyrirbyggjandi ráðstafanir til að draga úr þeirri hættu sem skapaðist fyrir umferð um Miklubraut. Ekkert virðist hafa verið gert til að eyða þeirri hálfu sem myndaðist eða vara sérstaklega við henni. Ekki er unnt að fallast á að nægar merkingar hafi verið uppi. Þrátt fyrir að það hafi verið dagsbirta og sólskin þegar tjónsatburðurinn varð var mikilvægt að vara ökumenn við þeirri hættu sem framundan var á einni fjölförnustu umferðargötu borgarinnar. Má telja fullvíst að umferðaröryggi hafi verið raskað af starfsmönnum verktakans og að þeir hafi ekki gripið til þeirra ráðstafana sem ætlast verður til.

Ökumenn bifreiða verða jafnan á þessum árstíma að vera viðbúnir hálfu á vegum. Virðist sem ökumaður A hafa ekki gætt þeirrar aðgæslu sem nauðsynleg var. Nefndin telur að rekja megi hluta tjónsatburðar þessa til eigin sakar ökumannsins. Merkingar voru uppi um 50 km leyfilegan hámarks hraða en ökumaðurinn kveðst hafa ekið á um 60-70 km hraða. Það var of mikill hraði miðað við aðstæður.

Þegar tekið er mið af framanrituðu, fyrirbyggjandi gögnum og atvikum öllum er sök vegna umferðaróhapps þessa skipt til helminga.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir, en skerða ber réttarstöðu ökumanns A um helming vegna eigin sakar.

Reykjavík 21. desember 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 288/1999**

**M og  
Vátryggingafélagið V v/frjálsrar ábrygðartryggingar**

**Meint mistök við dekkjaskiptingu á A þ. 5.10.1999.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 24.11.1999 ásamt skýrslu dags. 18.10.1999.
2. Niðurstaða tjonanefndar mál nr. 1232/1999.
3. Tjónstilkynning ódags.
4. Bréf Á.
5. Bréf Þ dags. 27.10. og 28.10.1999.
6. Bréf G dags. 28.10.1999.
7. Bréf V dags. 7. 12.1999.

**Málsatvik.**

Starfsmenn S komu erlendis frá og töldu að framdekk á bíl þeirra væru orðin léleg og fóru því til M til að fá tvö ný dekk. Af hálfu starfsmanna S er því haldið fram að M hafi sett aðra stærð af dekkjum undir bílinn en fyrir var og hafi það valdið því, að drifið á bílnum hafi snúist í sundur. M segist hafa sett dekk af gerðinni 195-70-15 undir bílinn, en því sé haldið fram, að undir bílnum hafi verið dekk af gerðinni 215-70-15. M segist sannfærður, að mismunandi dekkjastærð að aftan og framan hafi ekki valdið því tjóni, að drif bílsins snérist í sundur. Skv. bréfi segir, að við skoðun á bílnum sjáist, að framdekk séu mun minni en afturdekk og bréfitari segir, að hann og annar aðili, sem hann tiltekur séu ekki í vafa um, að skemmd á mismunadrifi sé eingöngu vegna þessa mismunar á dekkjum. V telur að tryggingartaki beri bótaábyrgð á umræddu tjóni og byggir þá afstöðu sína á skoðun og umsögn starfsmanna tjónaskoðunarstöðvar félagsins.

**Álit.**

Ekki er ágreiningur um að M setti dekk af annarri gerð undir A en fyrir voru á bílnum. Samkvæmt gögnum málsins er talið sannað, að skemmdin á drifi bílsins sé vegna þessa. M selur dekkjapjónustu og er sérfræðingur. M ber því að gæta þess að framkvæmd dekkjaskiptingar sé með viðunandi hætti. Um það var ekki að ræða í umrætt sinn og ber M bótaábyrgð á því.

**Niðurstaða.**

Tjón eiganda A bætist úr ábrygðartryggingu M hjá V.

Reykjavík 29.12.1999.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 290/1999**

**A  
og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar hótels (B)**

**Slys (líkamsmeiðsl) þegar A féll á gólf salernis á skemmtistað þann 28.09. 1997.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 01.12. 1999.
2. Greinargerð vegna málskots til nefndarinnar þar sem hjálagt fylgdu gögn málsins merkt nr. 1 – 14 þ. á m. skýrslur lögreglu og yfirlýsingar vitna.
3. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar dags. 07.12. 1999 þar sem hjálagt fylgdi spurningablað til vátryggingataka dags. 28.04. 1999 og svör hans dags. 01.06. 1999.
4. Ljósmyndir af aðstæðum sem vátryggingafélagið sendi nefndinni 15.12. 1999.
5. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1096/1998.

**Málsatvik.**

A (sem fædd er á árinu 1976) var á dansleik í B. Hún fór ásamt vinkonu sinni á salernið (snyrtinguna). Þegar þangað kom rann hún til í bleytu og glerbrotum sem þarna voru með þeim afleiðingum að hún féll og slasaðist á fæti. Álitaefnið er hvort unnt sé að fallast á bótaskyldu samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

A telur að mikið vatn hafi verið á gólfi snyrtingarinnar og einnig glerbrot.

Vitni (vinkona A) lætur þess getið í skýrslu lögreglu að þegar þær hefðu komið inn á salernið hafi A runnið til í bleytu og dottið. Að töluverð bleyta og glerbrot hafi verið á gólfinu.

Fyrirliggjandi eru skriflegar yfirlýsingar aðila sem voru á vettvangi sem staðfesta að bleyta hafi verið á gólfi snyrtingarinnar.

Vátryggingafélagið lætur þess m.a. getið að A hafi verið undir áhrifum áfengis, hún hafi verið nýbúin að drekka “skot” og að ölvun hennar hafi aukist eftir slysið. Það fjallar um fyrirliggjandi yfirlýsingar sjónarvotta sem það mótmælir. Það telur ósannað að mikil bleyta hafi verið á gólfinu. Það mótmælir því að ókleyft hafi verið fyrir gesti að taka eftir bleytunni á gólfinu og að það hafi verið flughált. Félagið getur þess að eftirliti með salernum hafi verið háttáð með sama hætti og venja er þ.e. farnar hafi verið reglulegar ferðir um húsið. Að starfsmenn hússins hafi ekki vitað um bleytu eða glerbrot á gólfi salernisins, að þeir hefðu fjarlæggt það ef þeir hefðu vitað af því. Félagið telur að vátryggingataki hafi ekki sýnt af sér sök, það telur að hér hafi verið um óhapp að ræða.

**Álit.**

Óupplýst er hversu mikið vatn og glerbrot voru á gólfi salernisins. Þá er og óupplýst hve lengi vatn og glerbrot voru á gólfinu. Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á vanrækslu vátryggingataka eða starfsmanna hans. Ekki er því unnt að fallast á bótaskyldu samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir. Það að eitthvert vatn og einhver glerbrot voru á gólfi salernisins leiðir ekki til bótaábyrgðar samkvæmt fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu.

**Niðurstaða.**

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð.

Reykjavík 29. desember 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 296/1999**

**M  
og**

**Vátryggingafélagið V v/ skilmála launþegatryggingar.**

**Ágreiningur um fyrningu vegna slyss sem varð við árekstur þ. 11.11.1990.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 9.12.1999.
2. Niðurstaða tjonanefndar mál nr. 746/1999.
3. Bréf V. dags. 2.2., 26.2., 8.6., 19.7. og 27.12. 1999.
4. Bréf lögmanns M dags. 31.3., 2.4. og 30.12.1998 og 4.2., 10.6., 14.11. 1999.
5. Vottorð læknis dags. 18.5.1998.
6. Örorðumats dags. 2.10.1998.

**Málsatvik.**

M lenti í bílslysi þ. 11.11.1990 og krafðist M fyrst bóta úr hendi V þ. 2.10.1998. V hafnar bótakröfu á þeirri forsendu, að krafan sé fyrnd þar sem að M hafi átt þess kost, að leita fullnustu kröfu sinnar á árinu 1993. V bendir í því sambandi á dóm Hæstaréttar Íslands 1996 bls. 1152 og vísar til 29.gr. vátryggingasamningalaga(vsml) nr. 20/1954. Lögmaður M bendir einnig á 29. gr. vsml. og segir M fyrst hafa vitað um kröfuna á árinu 1998 og ekki hafi verið kominn tími til að gera lokavottorð vegna afleiðinga slyssins fyrir en á árinu 1998. Lögmaður M bendir á, að M hafi verið 17 ára þegar slysið varð. 1994 hafi verið óskað eftir lokavottorð bæklunarlæknis teldi hann slíkt tímabært, en læknirinn hafi ekki talið það tímabært á þeim tíma. Sami læknir hafi verið beðinn um lokavottorð 1997 en beiðnin afturkölluð og læknir beðinn um lokavottorð og hafi það legið fyrir í maí 1998. V bendir á, að félagið hefi fyrst fengið tilkynningu um slysið með bréfi lögmanns M þ. 29.12.1998. Þá vísar V til, að það sé álit félagsins og ráðgefandi læknis þess, að meta megi hálsáverka 1- 2 árum eftir slys.

**Álit.**

Aðilar vísa til 29.gr. 1. nr. 20/1954 til stuðnings kröfum sínum en kröfur, sem rísa af vátryggingasamningi fyrnast skv. nefndri hlagreín á 4 árum frá lokum þess almanaksárs, er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Í gögnum málsins er ekkert sem sýnir fram á, að M hafi fengið vitneskju um kröfu sína fyrir en á árinu 1994 þegar óskað var eftir lokavottorð bæklunarlæknis sbr. málavaxtalýsingu lögmanns M. V segir M hafa leitað eftir fullnustu kröfunnar fyrir árslok 1998 og verður því ekki fallist á það með V að krafa M sé fyrnd miðað við þær forsendur og gögn, sem fyrir liggja í málinu.

**Niðurstaða.**

Krafa M á hendur V er ekki fyrnd.

Reykjavík 12.2.2000.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.